



**skoðun 16**

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur





Einfald og vel útilátið
*Friðrik Weisshappel gefur uppskrift af matseðli Laundromat Café.*
**allt 1**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**4. mars 2011**
52. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Þróunarmál fái stað í þjóðarsálinni

*Engilbert Guðmundsson tók við starfi framkvæmdastjóra ÞSSÍ í vikunni.*
**fólk 12**

## Ótrúlegt úthald

*Plötusnúðurinn Margeir Ingólfsson fagnar 20 árum í bransanum.*
**fólk 34**



## Grindavík vann KR

*Nick Bradford hefur góð áhrif á lið Grindavíkur, sem vann KR í Vesturbænum.*
**sport 30**

## veðrið í dag





**KÓLNAR LÍTILLEGA** Strekkingur N- og NV-til í fyrstu en lægir smám saman og horfur á hæglætisveðri síðdegis. Það léttir heldur til og búast má við björtu veðri víðast hvar, einkum við SA-ströndina. Kólnar í veðri.
**VEÐUR 4**

# Skiptastjóri Capacent vill lögreglurannsókn

**Skiptastjóri telur félag sem keypti rekstur Capacent í september hafa gerst sekt um skilasvik. Hann hefur farið fram á lögreglurannsókn vegna málsins. Forsvarsmenn Capacent neita því alfarið og íhuga meiðyrðamál gegn skiptastjóra.**

**VIÐSKIPTI** Skiptastjóri félagsins GH1, sem áður hét Capacent, hefur farið fram á að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra rannsaki kaup á rekstri Capacent á Íslandi. Þykir leika grunur á að veðsettar eignir hafi verið seldar án heimildar veðsala. Þessu vísa forsvarsmenn Capacent alfarið á bug og íhuga meiðyrðamál gegn skiptastjóranum.

Félag í eigu starfsmanna keypti í september rekstur og vörumerki Capacent í kjölfar þess að ekki tókst að semja um niðurfellingu á erlendu láni sem hvíldi á fyrirtækinu.

Skiptastjóri eldra félagsins, Guðrún Helga Brynleifsdóttir, lýsti í nóvember yfir riftun á kaupunum og fór í lögbannsmál vegna notkunar á vörumerkjum félagsins. Þeirri kröfu var hafnað í desember er á þeim forsendum að kaupsamningurinn væri gildur. Enn hefur þó ekki fengist botn í aðfarargerð sem lögð var fram á sama tíma. Guðrún Helga segir að beðið sé niðurstöðu í því máli áður en riftunarstefnu verði þinglýst.

Capacent sendi út tilkynningu um málið í nóvember. Þar segir að rétt hafi verið staðið að kaupunum og verðið hafi endurspeglað verðmæti hins keypta. Þá hafi þess verið sérstaklega gætt að ekki fylgdu veðsettar eignir. Með kaupunum hafi starfsmennirnir sýnt ábyrgð, því ef ekki hefði komið til kaupanna hefði rekstur Capacent stöðvast og um 90 starfsmenn misst vinnu sína.

Haft var eftir Guðrúnu Helgu í Morgunblaðinu hinn 19. nóvember síðastliðinn að fjármunir veðsettir Íslandsbanka hefðu verið notaðir til að gera upp við aðra kröfuhafa þegar gengið hefði verið frá kaupunum. Stjórnendur Capacent hafna því hins vegar og segjast íhuga meiðyrðamál vegna ummælanna. Um mjög alvarlegar ásakanir sé að ræða sem geti valdið fyrirtækinu miklum skaða. **- mþl**



**STUND MILLI STRÍÐA** Uppreisnarmenn í Líbíu eru með olíuhreinsistöðina við hafnarborgina Brega á sínu valdi. Í gær geisuðu harðir bardagar við stöðina þar sem stjórnarherinn reyndi að ná henni aftur á sitt vald. Að átökunum loknum hvíldu þrír uppreisnarmenn sig við inngang stöðvarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Sonur Gaddafís bregst við rannsókn Alþjóðlega sakadómstólsins í Genf:

# Segir árásirnar misskilning

**LÍBÍA** Alþjóðlegi sakadómstóllinn í Genf ætlar að hefja rannsókn á því hvort Múammar Gaddafí, synir hans og yfirmenn hersveita í Líbíu hafi gerst sekir um glæpi gegn mannkyninu með árásum á friðsamlega mótmælendur í borgum landsins.

Louis Moreno-Ocampo, aðalsaksóknari hjá dómstólnum, segir að engum verði hlíft hjá dómstólnum. „Enginn hefur vald til þess að ráðast á og drepa almenna borgara," sagði hann.

Hann sagði dómstólinn hafa hraðað sér að skýra frá rannsókn málsins í von um að það fæli ef til vill yfirmenn hersveitanna frá því að gefa skipanir um árásir á almenna borgara.

Rannsóknin er gerð samkvæmt heimild Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem nýverið fól dómstólnum að kanna grundvöll málsóknar.

Saif al-Islam, einn sona Gaddafís, sagði í gær að sprengjuárásirnar á Brega væru bara misskilningur. Ætlunin hefði bara verið að hræða uppreisnarmenn í borginni, ekki drepa neinn. **- gb**



**STUÐ Í BÍÓ** Þær Sara Bjarnadóttir og Jórunn Lára Ólafsdóttir fóru að sjá nýju myndina um Justin Bieber í gær.

Bieber-æði hjá kvenþjóðinni:

# Koma grátandi úr bíósalnum

**FÓLK Heimildarmyndin Never Say Never, sem fjallar um söngvarann Justin Bieber, hefur slegið í gegn á Íslandi. Yfir 5.000 manns hafa séð myndina frá því að hún var frumsýnd fyrir viku síðan.**

**Gestirnir, sem eru að mestu leyti ungar stúlkur, virðast sýna einkenni Bieber-æðis sem hefur breiðst hratt út í Bandaríkjunum undanfarna mánuði. Sigurður Victor Chelbat hjá Sambíóunum segir dæmi um að stúlkur komi grátandi út af sýningum.**
**- afb / sjá síðu 34**

Mazda innkallar 65.000 bíla:

# Kalla inn bíla vegna köngulóa

**ÖRYGGISMÁL** Mazda hefur innkallað um 65 þúsund bíla af tegundinni Mazda6 eftir að köngulóarvefir fundust í bensíntönkum nokkurra slíkra bíla. Innköllunin nær í fyrstu til Bandaríkjanna, Kanada, Mexíkó og Púertó Ríkó.

Í yfirlýsingu frá fyrirtækinu segir að köngulær geti ofið vef í leiðslur til og frá bensíntankinum og stíflað loftræstinguna. Það geti valdið slíkum þrýstingi á tankinn að hann leki og eldhætta skapist. Fyrirtækinu sé þó ekki kunnugt um eld eða slys vegna málsins.

Talsmaður fyrirtækisins sagði að vefir hefðu fundist í tuttugu bílum. Ekki væri vitað hvers vegna köngulærnar klifruðu inn í Mazda6-bíla frekar en aðra. Tilvikin væru þó ekki einangruð við tiltekin svæði í Norður-Ameríku. **- sh**








LYFJA – Lífið heil
Hjá okkur er opið alla daga
langt fram á kvöld
kl. 7-1 í Lágmúla kl. 8-24 á Smáratorgi
www.lyfja.is

**Rýmingarsala**
**á málverkum hefst laugardaginn 5.mars**



Gallery Art 2b
Kauptún 3 - Garðabær
s: 533 22 00 - www.art2b.is

## SPURNING DAGSINS



*Ásgeir, bakaðir þú keppinautana?*

„Já, þeir fengu að kenna á mínu eigin bragði.“

Ásgeir Sandholt rekur Bakarí Sandholt. Hann fór nýlega með sigur af hólmi í alþjóðlegri súkkulaðikeppni í Kaupmannahöfn.

Actavis á meðal fjögurra lyfjafyrirtækja sem taka þátt í einkavæðingu í Póllandi:

# Gæti kostað 32 milljarða króna

**VIÐSKIPTI** Actavis er á meðal fjögurra lyfjafyrirtækja sem valin hafa verið til að taka þátt í einkavæðingu pólska ríkislyfjafyrirtækisins Polfa Warszawa. Áætlað kaupverð er tvö hundruð milljónir evra, 32 milljarðar íslenskra króna.

Einkavæðing pólskra stjórnvalda hefur staðið yfir um nokkurra ára skeið en áætlanir dregist. Stjórnvöld ytra áætla nú að selja 740 ríkisfyrirtæki á þessu ári og er Polfa Warszawa eitt af ellefu ríkisfyrirtækjum í lyfjageiranum sem átti að selja árið 2009.

„Þetta yrði mjög góð sameining,“ segir Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis hér á landi. Polfa Warszawa framleiðir um 150 samheitalyf, þar af tvö sömu gerðar og Actavis selur í Póllandi.



GUÐBJÖRG EDDA EGGERTSDÓTTIR

Polfa Warszawa hefur markað sér sess innan heilbrigðisgeirans í Póllandi og er sterkt í framleiðslu á lykjum, lyfjum í svokölluðum ampúlum. Starfsmenn eru 1.300 talsins og vinna þeir í þremur verksmiðjum í Póllandi.

Guðbjörg segir tilboðsferlið er liður í áætlunum Actavis að kaupa lyfjafyrirtæki í Austur-Evrópu fyrir fjögur til fimm hundruð milljónir evra, eins og Claudio Albrecht, forstjóri Actavis, boðaði í síðasta mánuði. Áreiðanleikakönnun stendur yfir og verða tilboð í Polfa Warszawa lögð fram um miðjan apríl. - jab

Þúsundum fyrirtækja refsað:

# Trassar sektaðir um yfir milljarð

**SKATTAMÁL** Ríkisskattstjóri ætlar að sekta fjögur til fimm þúsund fyrirtæki sem ekki hafa skilað inn ársreikningum á réttum tíma. Samanlagt verða þau sektuð um rúman milljarð. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.

Fjögur til fimm þúsund fyrirtæki eiga von á sekt af þessu tagi Sektin nemur til að byrja með 250.000 krónum á hvert þeirra.

Um áramót vantaði reikninga frá þriðjungi fyrirtækja, um tólf þúsund. Á fimmta þúsund fyrirtækja hefur enn ekki skilað. - sh

Ákærur Bandaríkjahers birtar:

# Sakaður um að aðstoða óvini

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjaher hefur nú birt 22 nýjar ákærur á hendur Bradley Manning, hermanninum sem grunaður er um að hafa lekið þúsundum skjala til Wikileaks.



BRADLEY MANNING

Meðal annars er Manning sakaður um að hafa veitt óvinum Bandaríkjanna aðstoð, og fer herinn fram á lífstíðarfangelsi en ekki dauðarefsingu, þótt við þessu broti geti legið dauðarefsing.

Yfirmenn hersins hafa ekki útilokað að fleiri geti verið ákærðir í tengslum við málið. - gb

Ársreikningur Íslandsbanka:

# 29,4 milljarða hagnaður 2010

**VIÐSKIPTI Afkoma Íslandsbanka var jákvæð um 29,4 milljarða króna á árinu 2010, borið saman við 24 milljarða árið á undan. Áætlaðar skattgreiðslur bankans nema 8,1 milljarði fyrir árið.**



ÍSLANDSBANKI

**„Þetta uppgjör endurspeglar vel að Íslandsbanki er á góðri leið með að koma grunnrekstri sínum í eðlilegan farveg,“ segir Birna Einarsdóttir bankastjóri í yfirlýsingu frá bankanum.**

**Eiginfjárhlutfall bankans var 26,6 prósent í lok ársins sem er nokkuð yfir 16 prósenta lágmarki FME. Arðsemi eigin fjár var 28,5 prósent árið 2010 en 30 prósent árið áður. Enginn arður verður greiddur til eigenda.** - mþl

# Reknir í örfáar vikur svo að þeir fái bætur

**Starfsmenn Heilushælisins í Hveragerði fengu reisupassann til að þeir gætu fengið atvinnuleysisbætur er hælið verður lokað í níu vikur í sumar. Sagt í samráði við Vinnumálastofnun, sem kveðst þvert á móti hafa sagt leiðina ófæra.**

**ATVINNUMÁL** „Þetta heitir tímabundin rekstrarstöðvun og er mjög þekkt í fiskinum,“ segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Heilsustofnunar Náttúrulækningafélagsins, um uppsagnir 38 starfsmanna stofnunarinnar.

Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði verður í sparnaðarskyni lokað í níu vikur í sumar og sumarhótel rekið í staðinn. Af 115 starfsmönnum hefur 38 verið sagt upp en þeir eiga að snúa aftur þegar heilsuhælið verður opnað að nýju. Flestir starfsmennirnir eiga sex vikna sumarfrí og taka það á meðan lokunin varir.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri HNLFÍ, kveðst hafa rætt við Vinnumálstofnun um tímabundna rekstrarstöðvun heilsuhælisins og fengið staðfest að fólk ætti rétt á atvinnuleysisbótum þann tíma sem orlofið nái ekki yfir. Samráð hafi einnig verið við stéttarfélög. „Við segjum upp fólki en gerum ekki ráð fyrir öðru en að starfsemin fari í gang aftur að lokuninni yfirstaðinni,“ segir Ólafur.

Um 30 af þeim 38 sem sagt er upp eru félagsmenn í Eflingu. „Heilsustofnunin fór yfir það með Vinnumálastofnun hvort það væri ekki rétt mat að starfsmennirnir myndu þá strax í framhaldinu fá atvinnuleysisbætur og þeir fengu það staðfest að það væri rétt,“ segir Harpa Ólafsdóttir, yfirmaður kjarasviðs Eflingar.

Unnur Sverrisdóttir, forstöðumaður stjórnsýslusviðs Vinnumálastofnunar, segir hins vegar alls ekkert samráð hafa verið haft við stofnunina. „Það hringdi maður frá Náttúrulækningafélaginu og bar þetta undir mig og ég sagði honum að mín fyrsta innstilling væri að þetta gengi engan veginn svona,“ segir Unnur sem kveður af og frá að um sé að ræða sömu aðstæður og hjá fiskvinnslufyrirtækjum. „Það eru algerlega sérlög sem eiga bara við um nákvæmlega þá starfsgrein.“

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir málið vafasamt. „Við teljum að þarna sé í raun verið að misnota atvinnuleysisbætur,“ segir Kristín, sem kveðst jafnframt vonsvikin yfir því að heilbrigðisyfirvöld leyfi stofnun, sem styrkt sé af ríkinu á heilsársgrundvelli, að komast upp með loka fyrir starfsemina. - gar



**HEILSUSTOFNUN NLFÍ** Af 115 starfsmönnum stofnunarinnar verður 38 sagt upp í sumar meðan hælið verður rekið sem hótel en endurráðnir að þeim tíma loknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Við teljum að þarna sé í raun verið að misnota atvinnuleysisbætur.
>
> **KRISTÍN Á. GUÐMUNDSDÓTTIR**
> FORMAÐUR SJÚKRALIÐAFÉLAGS ÍSLANDS

Topparnir í Kaupþingi:

# Börðust fyrir gagnaleyndinni

**LÖGREGLUMÁL Fyrrverandi stjórnendur Kaupþings, Sigurður Einarsson og Hreiðar Már Sigurðsson, mótmæltu því harðlega að sérstakur saksóknari fengi afhent gögn sem aflað var með húsleitum í Banque Havilland og annars staðar í Lúxemborg. Það gerðu einnig Ólafur Ólafsson, einn aðaleigenda gamla Kaupþings, og Skúli Þorvaldsson, helsti viðskiptavinur bankans.**

**Viðskiptablaðið sagði frá þessu í gær og vitnaði til dómskjala að utan. Þar sagði að andstaðan hefði valdið því að það hefði tekið saksóknara um ár að fá gögnin, um 150 kíló auk rafrænna gagna, loksins afhent.**

**Ólafur Ólafsson sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins í gærkvöldi þar sem hann sagðist aðeins hafa mótmælt afhendingu gagna sem voru með öllu ótengd rannsóknum saksóknara.** - sh

Landssöfnun í beinni í kvöld:

# Fé safnað fyrir kvennadeildina

**SAMFÉLAGSMÁL** Landssöfnun til styrktar Kvennadeild Landspítalans fer fram í beinni útsendingu á Stöð 2 í kvöld frá klukkan 19.50. Styrktarfélagið Líf stendur fyrir söfnuninni.

Kynnar kvöldsins verða Edda Andrésdóttir og Þorsteinn J. Vilhjálmsson, ásamt Unni Birnu Vilhjálmsdóttur og Kolbrúnu Björnsdóttur, sem verða í símaverinu. Sindri Sindrason og Sigrún Ósk Kristjánsdóttir úr Íslandi í dag standa vaktina á Kvennadeildinni sjálfri.

Þá hefur hópur handritshöfunda, undir stjórn Margrétar Örnólfsdóttur, samið leikna grínþætti sem tengjast starfsemi kvennadeildarinnar. Eins verður boðið upp á fjölbreytt tónlistaratriði. - sh






Gunnar í Krossinum líklega boðaður í skýrslutöku vegna ásakana um áreitni:

# Lögregla rannsakar mál Gunnars

**LÖGREGLUMÁL** Konurnar átta sem ásaka Gunnar Þorsteinsson, forstöðumann Krossins, um kynferðislega áreitni hafa nú gefið sig fram til lögreglu. Skýrslutökum er að ljúka og mun Gunnar væntanlega verða kallaður í skýrslutöku í kjölfarið.



GUNNAR ÞORSTEINSSON

Ásta Knútsdóttir, talskona kvennanna, segir málin hafa endað á borði yfirvalda vegna þess að þolinmæði kvennanna hafi runnið út.

„Við höfum árangurslaust reynt að ná áheyrn stjórnar Krossins og innanríkisráðherra gat ekki gefið okkur ráð. Það bólar ekkert á fagráðinu hjá Krossinum og Gunnar vill ekki gangast við neinum brotum, þannig að við ákváðum að láta reyna á þetta,“ segir Ásta.

„Við erum að vonast til þess að [Gunnar] verði í það minnsta kallaður fyrir. Svo á eftir að koma í ljós hvort öll málin séu fyrnd.“

Ásta segir konurnar afar glaðar með að stíga þetta skref. Það sé ákveðin goðsögn útbreidd í samfélaginu um að ef brot hafi átt sér stað fyrir mörgum árum sé ekki hægt að tilkynna þau til lögreglu.

„Við erum mjög glaðar yfir móttökum lögreglunnar,“ segir hún. „Nafn Gunnars er þá í það minnsta komið á skrá þannig að ef fleiri konur tilkynna hann til lögreglu mun nafn hans vera þar.“

Gunnar kvaðst ekki hafa heyrt af tilkynningu kvennaanna til lögreglu þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. Hann vildi ekki tjá sig frekar um málið. - sv

### Átta konur sökuðu Gunnar um áreiti

Alls hafa átta konur nú sakað Gunnar Þorsteinsson, forstöðumann Krossins, um kynferðislegt áreiti. Konurnar stigu fram, þó ekki allar á sama tíma, í lok síðasta árs. Meint brot áttu sér stað þegar konurnar voru meðlimir í söfnuðinum. Tvær þeirra eru systur fyrrverandi eiginkonu Gunnars. Hann hafnar alfarið öllum ásökunum.



# Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

# PAKKA DAGAR



Nú eru pakkadagar í Ellingsen. Frábær pakkatilboð af vörum fyrir alls konar útivist; fyrir börnin, fyrir sleðafólk, fyrir göngugarpana, veiðiklærnar og vandláta. Tilvalið í afmælis- og fermingargjafir.



**DÖMUPAKKI**
**16.191 kr.**
VERÐ ÁÐUR 23.200 kr.

DIDRIKSONS Julia 1+1 dömuúlpa
Multi sport strokkur
Útivistarsokkar



**BARNAPAKKI**
**7.981 kr.**
VERÐ ÁÐUR 10.920 kr.

VIKING gúmmístígvél Billy
VARMA ullarsokkar
DIDRIKSONS húfa
DIDRIKSONS vettlingar

**BJÓÐUM LÉTTGREIÐSLUR Í 3-6 MÁN.**



**FÁNAPAKKI**
**84.900 kr.**
VERÐ ÁÐUR 97.380 kr.

FORMENTA 6 m fánastöng
Íslenski fáninn
Fánalína og festing
Stangarkúla (húnn)
Forsteyptur sökkull



**GÖNGUPAKKI**
**34.951 kr.**
VERÐ ÁÐUR 55.190 kr.

COLUMBIA Daska gönguskór
KAHTOOLA keðjubroddar
Útivistarsokkar
Multi sport strokkur



**GRILLPAKKI**
**34.900 kr.**
VERÐ ÁÐUR 43.222 kr.

CAMPING Texas gasgrill
CHAR-BROIL grillsett 3 stk.
CAMPING grillbursti
CAMPING grillgrind f. pylsur
CAMPING sílikon pensill
COLEMAN bio grillhreinsir



**NEYÐARPAKKI**
**10.965 kr.**
VERÐ ÁÐUR 16.662 kr.

Sjúkrataska
Neyðarblys, 9 skot
UNIHEAT slíður fyrir hanska



**SKOTVEIÐIPAKKI**
**98.672 kr.**
VERÐ ÁÐUR 146.739 kr.

MARLIN XS7Y riffill
HAWKE Nite-Eye sjónauki
ALLEN riffla- og haglabyssuól
ALLEN rifflapoki



**VEIÐIPAKKI**
**67.984 kr.**
VERÐ ÁÐUR 142.140 kr.

LOOP Yellow Line flugustöng 9,3' 5
LOOP Multi hjól 3/6
LOOP Multi floating lína 5
LOOP Multi sökklína 5
LOOP Multi lína með sökkenda 5
LOOP Multi int/midie lína 5

PIPAR\TBWA · SÍA

## GENGIÐ 03.03.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,33 | 115,89 |
| Sterlingspund | 187,73 | 188,65 |
| Evra | 159,89 | 160,79 |
| Dönsk króna | 21,441 | 21,567 |
| Norsk króna | 20,791 | 20,913 |
| Sænsk króna | 18,305 | 18,413 |
| Japanskt jen | 1,4093 | 1,4175 |
| SDR | 181,58 | 182,66 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,4458

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað dómi Héraðsdóms Reykjaness um ósakhæfi:

# Gunnar Rúnar fyrir Hæstarétt

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari ætlar að áfrýja til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjaness yfir Gunnari Rúnari Sigurþórssyni, sem dæmdur var ósakhæfur eftir að hafa banað Hannesi Þór Helgasyni.

Gunnar var í héraðsdómi metinn ósakhæfur og því sýknaður en dæmdur til vistar á réttargeðdeild.

„Vegna sérstöðu málsins borið saman við önnur mál þar sem deilt hefur verið um sakhæfi telur ríkissaksóknari rétt að áfrýja málinu til Hæstaréttar til endurskoðunar á héraðsdómi,“ segir í tilkynningu frá embætti ríkissaksóknara.

„Má þar nefna að fyrir liggur að ákærði skipulagði verknaðinn með löngum fyrirvara, ákæruvaldið telur að orsakasamhengi á milli ástands ákærða og verknaðar sé óljóst og að lýsingar á háttsemi ákærða í skýrslum geðlækna og hans eigin framburði séu ekki í fullu samræmi við þær skilgreiningar sem byggt er á.“ Málinu er áfrýjað í því skyni að ákærði verði sakfelldur í samræmi við ákæru, hann dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. **- jss**



**ÁFRÝJUN** Dómi yfir Gunnari Rúnari hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Ylströndin vinsæl í fyrra:

# Um 400 þúsund sóttu ströndina

**BORGARMÁL** Áætlað er að um 400 þúsund baðgestir hafi sótt Ylströndina í Nauthólsvík í fyrra.

Ylströndin var opnuð árið 2000 og fékk Bláfánann árið 2003 en hann er alþjóðleg vottun sem veitt er rekstraraðilum baðstranda og smábátahafna fyrir framúrskarandi vistvæna umgengni og meðhöndlun úrgangs.

Heilbrigðiseftirlitið hefur eftirlit með Ylströndinni en hún flokkast sem náttúrulaug. **- jhh**

Seðlabankastjóri hittir nefndir:

# Már á opnum fundi Alþingis

**STJÓRNSÝSLA** **Már Guðmundsson seðlabankastjóri mætir á opinn fund þriggja nefnda Alþingis klukkan 10 í dag. Þar mun hann gera grein fyrir störfum peningastefnunefndar Seðlabankans undangengið ár og svara fyrirspurnum. Efnahags- og skattanefnd, fjárlaganefnd og viðskiptanefnd Alþingis halda fundinn en ásamt Má verða á fundinum Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur og Rannveig Sigurðardóttir, ritari peningastefnunefndar.**

**Í tilkynningu frá Seðlabanka segir að fundurinn sé liður í reglulegri upplýsingagjöf bankans til Alþingis.** **- mþl**



**MÁR GUÐMUNDSSON**

## DÓMSTÓLAR

### Sló í höfuð með kylfu

Karlmaður hefur í Héraðsdómi Austurlands verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að slá annan mann tvisvar í höfuðið með trékylfu. Maðurinn rauf skilorð eldri dóms og var dæmdur til að greiða brotaþola miskabætur.

### Barði tengikassa

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært mann á sextugsaldri fyrir að berja tengikassa í Garðabæ með barefli. Rafmagn fór af nærliggjandi húsum. Orkuveitan krefur manninn um greiðslu fyrir skemmdir á kassanum.

# Lögregla segir ofbeldismenn að finna í röðum MC Iceland

**Lögregla segir meðlimi vélhjólagengisins MC Iceland fá fulla aðild að Hells Angels um helgina. Hún segir ofbeldismenn að finna í röðum MC Iceland og að margir í Hells Angels hafi hlotið dóma fyrir alvarleg brot.**

**LÖGGÆSLA** „Mjög algengt er að félagar í Hells Angels hafi hlotið refsidóma fyrir alvarleg afbrot og ljóst er að í röðum þeirra er að finna marga ofbeldismenn. Þetta á við um nokkra félaga í MC Iceland.“

Þetta segir Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri. Á blaðamannafundi innanríkisráðherra, lögreglu og tollgæslu í gær um varnir gegn skipulagðri glæpastarfsemi upplýsti ríkislögreglustjóri að íslenska vélhjólagengið MC Iceland muni um næstu helgi fá stöðu fullgildrar og sjálfstæðrar deildar innan Hells Angels samtakanna. Þetta muni gerast í Ósló þar sem félagar í MC Iceland fái afhent merki Hells Angels.

„Með þessari aðild hefur hópur manna hér á landi stofnað til formlegs samstarfs við samtök glæpamanna sem starfa á heimsvísu,“ sagði ríkislögreglustjóri. „Þetta þýðir að þeir munu njóta styrks og fjármuna alþjóðlegu glæpasamtakanna.“

„Það eru engar skyndilausnir gegn þessum vanda,“ sagði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra. „En forsendan fyrir því að okkur takist þetta ætlunarverk okkar er að við stöndum sameinuð sem samfélag.“

Spurður hvort til kæmu auknar fjárveitingar til lögreglu, samfara auknum rannsóknarheimildum, útilokaði ráðherra ekki að svo kynni að vera.

„Það er mjög skýr ásetningur okkar að safna liði í samfélaginu gegn þessum ófögnuði,“ sagði hann.

Að sögn ríkislögreglustjóra hefur inngönguferli MC Iceland verið stjórnað frá Hells Angels í Noregi. Inngönguferlið hefur að öllu leyti verið í samræmi við forskriftir Hells Angels, sem þýðir að íslenski hópurinn hefur orðið við öllum þeim kröfum sem Hells Angels gera varðandi skipulag, aga og uppbyggingu slíkra hópa.

Jafnframt, að merki og tákn skipta miklu máli í heimi vélhjólagengja og þannig tíðkist innan Hells Angels að félagar sem hafi framið morð í nafni samtakanna beri sérstakt merki.

Alls staðar þar sem Hells Angels hafi náð að skjóta rótum hafi aukin skipulögð brotastarfsemi fylgt í kjölfarið, sem beinist gegn samfélaginu og öryggi almennings.

Auk ráðherra og ríkislögreglustjóra sátu fundinn Stefán Eiríksson lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á Suðurnesjum, og Snorri Ólsen tollstjóri. **ritstjorn@frettabladid.is**



**SKIPULÖGÐ GLÆPASTARFSEMI** Þau ræddu viðbrögð lögreglu gegn skipulagðri glæpastarfsemi, f.v. Stefán Eiríksson lögreglustjóri, Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri, Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri og Snorri Ólsen tollstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## „Við erum ekki í stríði við neinn“

„Við erum ekki í stríði við neinn,“ segir Einar „Boom“ Marteinsson, formaður vélhjólaklúbbsins MC Iceland, sem lögregla óttast að muni innan skamms lenda í átökum við annan vélhjólaklúbb, Black Pistons, sem starfrækur er hér á landi. Black Pistons er opinber áhangendaklúbbur vélhjólasamtakanna Outlaws og klúbburinn hér var stofnaður af Jóni Trausta Lútherssyni, forvera Einars á formannsstóli MC Iceland, áður Fáfnis.

Einar undrast í samtali við Fréttablaðið að yfirvöld kalli klúbbinn skipulögð glæpasamtök þótt enginn dómur hafi fallið á hann. Hann vill þó ekkert segja frekar um málið.

Lögregla fullyrðir að meðlimir MC Iceland muni um helgina fá fullgildingu sem liðsmenn Hells Angels, eða Vítisengla, og að athöfnin muni fara fram í Ósló. Einar vill hvorki tjá sig um það né hvort þeir séu á leið utan. **- sh**



**EINAR „BOOM“ MARTEINSSON**


PAKKA DAGAR

FRÁBÆR PAKKATILBOÐ AF VÖRUM FYRIR ALLS KONAR ÚTIVIST



BARNAPAKKI 7.981 kr. VERÐ ÁÐUR 10.920 kr.

VIKING gúmmístígvél
VARMA ullarsokkar
DIDRIKSONS húfa
DIDRIKSONS vettlingar

PIPAR\TBWA · SÍA

REYKJAVÍK • AKUREYRI
ellingsen.is

Ellingsen – FULLT HÚS JÓLAGJAFA


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**STUND MILLI STRÍÐA** Í dag verður nokkuð bjart víðast hvar. Það lægir er líður á daginn og kólnar heldur í veðri. Lægð kemur upp að landinu seint í nótt eða í fyrramálið og þá hvessir og úrkoma fellur á nýjan leik, fyrst á formi snævar, síðar slyddu og þá rigningar.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 6° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 9° |
| Mallorca | 13° |
| New York | 5° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 2° |
| París | 10° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

HEILL KJÚKLINGUR FERSKUR
664 kr/kg.
Merkt verð 949.-

## SÍTRÓNUFYLLTUR KJÚKLINGUR MEÐ KRYDDJURTUM

*að hætti Steingríms* *www.vinotek.is*

1 stór kjúklingur
1 sítróna
1 laukur
4 hvítlauksgeirar
2 rósmarínstönglar
2 timjanstönglar
2 tsk paprikukrydd
1 tsk cummin
1/2 dl ólífuolía
salt og pipar

Hitið ofninn í 200 gráður. Pressið 3 hvítlauksgeira og blandið saman við 1 tsk af Maldon-salti í skál. Saxið rósmarínnálarnar og timjan fínt og bætið við. Bætið við pipar, papriku, cummin, ólífuolíunni og safanum úr hálfri sítrónu og hrærið vel saman. Með puttunum farið þið inn undir skinnið á kjúklingnum og losið það frá bringunum og lærunum. Troðið kryddblöndunni inn undir húðina við bringur og læri. Smyrjið afganginum utan á kjúklinginn.

Grófsaxið 1/2 lauk, 1 hvítlauksgeira, skerið 1/2 sítrónu í sneiðar og fyllið kjúklinginn. Setjið kjúklinginn í ofnfast fat ásamt 1/2 grófsöxuðum lauk. Setjið inn í ofn og eldið í um 60 mínútur eða þar til kjúklingurinn er fulleldaður. Berið fram með hrísgrjónum og blönduðu salati.




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
629 kr/kg.
Merkt verð 898.-

**Kjúklingaleggir**
ferskir




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
2.379 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-

**Ungnauta piparsteik**




2.998 kr/kg.

**Lambainnralæri**
bláberjalegið




TILBOÐ 35% afsláttur við kassa
1.494 kr/kg.
Merkt verð 2.298.-

**Veisluläri Hagkaups**
marinerað lambalæri

## SPRENGIDAGS SALTKJÖT - Saltminna og hefðbundið

**45% minna salt – Sama bragð**

Hófleg saltneysla er mikilvæg fyrir alla og kjötmeistarar Hagkaups mæla með sérverkuðu saltkjöti frá Íslandslambi, þar sem verulega er dregið úr notkun matarsalts án þess að það komi niður á bragðgæðum.

**GOTT VERÐ**
HEFÐBUNDIÐ EÐA SALTMINNA SALTKJÖT



BLANDAÐ 998 kr/kg.

VALIÐ 1.898 kr/kg.



RISA SAMLOKUBRAUÐ 199 kr/stk.



NÝTT AVO HEALTH AVOCADO OLÍA 2 TEG.

NÝTT AVO HEALTH OLÍUR 3 TEG.






BOLLUR VATNSDEIGS- OG GERDEIGSBOLLUR




GLASSÚR BOLLUGLASSÚR




NÝTT DEN GAMMLE FABRIK SULTUR




BOLLUMIX VATNSDEIGS BOLLUMIX



GLASSÚR BOLLUGLASSÚR

24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 6. mars á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Telur þú þig vera jákvæða manneskju?*

| | |
|---|---|
| Já | 79% |
| Nei | 21% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Óttast þú átök vélhjólagengja?*

Segðu skoðun þína á Visir.is. VÍSIR

Stjórnarþingmaður segir vont að löggilda það sem Hæstiréttur hefur ógilt:

# Helgi andvígur stjórnlagaráði

**ALÞINGI** Skipan stjórnlagaráðs mundi skapa vont fordæmi og leita ber annarra leiða til að endurskoða stjórnarskrána, að mati Helga Hjörvar, þingmanns Samfylkingarinnar, sem hyggst ekki styðja tillögu stjórnarflokkanna um stjórnlagaráð.

„Með tillögu um stjórnlagaráð freistar einfaldur meirihluti Alþingis þess að löggilda óbeinlínis það sem dómarar Hæstaréttar hafa ógilt. Það er vont fordæmi vegna þess að við höfum sett dómara Hæstaréttar til að gæta að mannréttindum, lögum og reglu, og það væri ófært ef Alþingi legði það í vana sinn að löggilda jafnharðan það sem dómararnir ógilda," sagði Helgi á Alþingi í gær.



HELGI HJÖRVAR

Helgi segist vera ósammála Hæstarétti um að ógilda hafi átt kosningarnar, en ákvörðun réttarins beri engu að síður að virða. Ætli menn samt að fara þessa óheppilegu leið þurfi að breyta því sem segir um þjóðaratkvæðagreiðslu í tillögunni.

„Ef menn ætla að setja það góða fólk sem hér um ræðir til þeirra verka að gera tillögu að nýrri stjórnarskrá með þessu óheppilega og takmarkaða umboði finnst mér lágmark að því sé sá sómi sýndur að það fái umboð til að leggja tillögu sína fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu áður en málið kemur aftur inn til þingsins."

**- sh**

Átak í sumarstörfum:

# 370 milljónir í atvinnusköpun

**VINNUMARKAÐUR Allt að 370 milljónum króna verður varið í átak til að fjölga sumarstörfum fyrir atvinnuleitendur og námsfólk. Vonast er til að átakið skapi 900 störf. Vinnumálastofnun stýrir átakinu í samvinnu við ríkisstofnanir og sveitarfélög.**

**Atvinnuleysistryggingasjóður ver allt að 250 milljónum króna í verkefnið. Ríkið tryggir með mótframlagi að opinberar stofnanir geti greitt laun samkvæmt kjarasamningum.**

**- þj**






LEIGA Í REYKJAVÍK Leiguverð á Akureyri er um 85 prósent af leiguverði í Reykjavík að meðaltali. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Leiga allt að tvöfalt hærri en viðmiðin

**Könnun NS á leiguverði sýnir að neysluviðmið ráðuneytisins vegna húsaleigu eru algjörlega óraunhæf miðað við almennan markað. Allt að 108% munur á leiguverði í raun- og neysluviðmiðum. Fyrsta leiguverðskönnun á landinu í 12 ár.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Allt að 108 prósenta munur er á leiguverði á höfuðborgarsvæðinu og neysluviðmiðum velferðarráðuneytisins. Kemur þetta fram í nýrri verðkönnun Neytendasamtakanna (NS) á húsaleigu hér á landi.

Alls tóku 817 einstaklingar þátt í könnun NS, sem stóð yfir í tæpan mánuð. Um 85 prósent svarenda leigja á höfuðborgarsvæðinu.

Neysluviðmiðin eru byggð á upplýsingum frá Hagstofunni. Björn Þór Hermannsson hjá velferðarráðuneytinu segir eina ástæðu mismunarins vera að í upplýsingum Hagstofunnar sé ekki vitað hver leigusali sé. Hugsanlega búi þátttakendur hjá vinum eða ættingjum og húsnæðiskostnaður hjá þeim sé þar með mun lægri en gengur og gerist á hinum almenna leigumarkaði. Slíkt gæti skekkt útkomuna verulega.

„Það er mjög gott að fá upplýsingar eins og koma fram í könnun NS," segir Björn Þór. „En eins og með allar kannanir þarf að taka henni með ákveðnum fyrirvara."

**Niðurstöður NS bornar saman við neysluviðmið**

| Höfuðborgarsvæðið | Neysluviðmið | Leigukönnun NS | Munur á fm |
|---|---|---|---|
| 71 fm íbúð | 69.448 krónur | 107.348 krónur | 54,6% |
| 104 fm íbúð | 75.472 krónur | 130.718 krónur | 73,2% |
| 138 fm íbúð | 81.497 krónur | 158.382 krónur | 94,4% |
| 172 fm íbúð | 87.522 krónur | 163.017 krónur | 86,3% |
| 202 fm íbúð | 93.097 krónur | 194.556 krónur | 108,9% |

Björn Þór segir útkomuna ekki hafa komið á óvart, en neysluviðmiðin séu þó byggð á raunverulegum svörum hjá fólki.

„Mörgum kann að finnast það skrýtið, vegna þess að hinn almenni markaður er klárlega mun hærri," segir hann og bendir á að hugsanlega sé sá hópur sem svari könnun NS ekki sá sami og í upplýsingum Hagstofunnar.

Norðurlöndin taka húsnæðismál ekki inn í sín neysluviðmið. Rökin fyrir því eru að kostnaður við húsnæði er svo breytilegur að ekki er rétt að gefa út viðmið úr upplýsingum Hagstofunnar. Betra sé að fjölskyldur bæti raunútgjöldum við hin opinberu viðmið, eins og kemur fram í skýrslu um neysluviðmiðin.

Síðasta könnun á leiguverði hér á landi var gerð fyrir 12 árum af Hagstofunni. NS telja eðlilegt að stjórnvöld sinni þessum stóra málaflokki, sem er orðinn sá viðamesti innan samtakanna, með því að taka upp ítarlegri rannsóknir og greiningu á leigumarkaði.

Velferðarráðuneytið hefur sett á fót samráðshóp sem skoðar möguleikana á að efla leigumarkað hér á landi í samstarfi við einkaaðila. Ráðuneytið sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem það sló varnagla við könnun NS. Úrtakið hefði ekki verið valið samkvæmt viðurkenndum rannsóknaraðferðum og því væru niðurstöðurnar umdeilanlegar en vert væri að skoða þær nánar.

**sunna@frettabladid.is**




Dæmdur í skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu miskabóta:

# Réðst ítrekað á barnsmóður sína

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að ganga í skrokk á barnsmóður sinni og fyrrverandi sambýliskonu. Þá var hann dæmdur til að greiða henni 400 þúsund krónur í bætur.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa í ágúst 2009 ráðist á konuna á heimili hennar, gripið í höfuð hennar og slegið því niður í eldhúsborð íbúðarinnar. Þá sneri hann konuna niður í gólfið, samkvæmt ákæru. Konan hlaut talsverða áverka.

Daginn eftir réðst hann aftur inn í íbúðina og inn í svefnherbergi konunnar. Hann vakti hana og sneri upp á fæturna á henni þegar hún neitaði honum um leyfi til að sofa á sófa í stofunni.

Nokkru síðar réðst hann á konuna á bifreiðaplani við Háskólann á Akureyri, felldi hana í jörðina, sparkaði í bak hennar og barði hana ítrekað í hnakkann. Þá segir að hann hafi tekið af henni farsímann og kastað honum að henni þannig að síminn eyðilagðist.

Enn hlaut konan ýmsa áverka, þar með talið skerta hreyfigetu í baki.




HÉRAÐSDÓMUR Héraðsdómur Norðurlands eystra kvað upp dóminn í gær.

Loks réðst maðurinn inn til hennar tveim dögum síðar og fór ekki fyrr en lögreglan handtók hann. **- jss**





ÚT FYRIR ENDIMÖRK ALHEIMSINS!
Öskudags-búningar
Ninja
búningur
2.499kr
Bósi Ljósár
búningur
3.999kr
GRÍMUBÚNINGAR VERÐ FRÁ 3.999kr
verð frá
3.999kr
verð frá
399kr
verð frá
799kr
sett
1.999kr
verð frá
499kr
verð frá
799kr
sett
1.199kr
verð frá
999kr
verð frá
299kr
Solla stirða
búningur m. aukahlutum
5.999kr
Íþróttaálfurinn
búningur m. aukahlutum
5.999kr
Beinagrind
búningur
2.499kr
Svarthöfði
gríma og skikkja
2.499kr
Riddari
sett
2.499kr
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvað nefnast vélhjólagengin sem lögreglan hér á landi hefur áhyggjur af?*

**2** *Hvert er nýjasta matið á kostnaði við Icesave-samninginn?*

**3** *Hvaða lið varð deildarmeistari í Iceland Express deild kvenna?*

**SVÖR**

**1.** *Vítisenglar og Útlagar* **2.** *32 milljarðar* **3.** *Hamar*

Meira en helmingur fyrirtækja telur sig eiga í samkeppni við hið opinbera:

# Fleiri segjast nú keppa við ríkið

**VIÐSKIPTI** Rúmur helmingur fyrirtækja telur sig eiga í beinni eða óbeinni samkeppni við hið opinbera, samkvæmt könnun Viðskiptaráðs Íslands.

„Það er áhyggjuefni að fyrir einungis ári síðan þá töldu um 40 prósent forsvarsmanna sig vera í samkeppni við opinbera aðila og fara umsvif hins opinbera á samkeppnismarkaði því enn vaxandi,“ segir í áliti sem Viðskiptaráð birti á vef sínum í gær. „Hvort sú aukning merki að fleiri fyrirtæki séu nú í óbeinni eigu hins opinbera eða hvort fyrirtæki í opinberri eigu séu að sækja í sig veðrið er erfitt að segja til um,“ segir þar. Samkeppninnar við hið opinbera er sagt gæta mest í smá- og heildsölu, þjónustugreinum og orku- og umhverfisstarfsemi.

Viðskiptaráð telur hætt við að aukin umsvif opinbera aðila á samkeppnismarkaði dragi úr þrótti atvinnulífsins. Staða fyrirtækja hljóti að bjagast ef samkeppnisaðilinn nýtur styrkleika bakhjarls á við hið opinbera. „Skerpa þarf skil á milli hins opinbera og einkaaðila með því að flýta sölu á fyrirtækjum í eigu fjármálastofnanna. Það getur hvorki talist æskilegt né eðlilegt að umtalsverður hluti fyrirtækja sé í beinni eða óbeinni ríkiseigu,“ segir í álitinu. **- óká**



**Í BANKA** Viðskiptaráð telur aðkomu ríksins að bankakerfinu hafa verið óumflýjanlega eftir hrun en nú þurfi að huga að framtíðarfyrirkomulagi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skákhátíð hefst formlega:

# 350 misreyndir skákmenn tefla

**SKÁK** Skákhátíð í Reykjavík hefst formlega í dag með þremur síðustu umferðunum á Íslandsmóti skákfélaga sem fram fara í dag og á morgun í Rimaskóla. Þar tefla um 350 manns á öllum aldri, allt frá stórmeisturum til lítt reyndra.

Taflfélag Vestmannaeyja leiðir á mótinu með 25 vinninga en Taflfélag Bolungarvíkur er skammt undan með 23 og hálfan vinning. Dagana 9. til 16. mars fer síðan MP Reykjavíkurskákmótið fram, þar sem um 170 skákmenn frá um þrjátíu löndum taka þátt. **- sh**



**PARIÐ** Helga Ingvarsdóttir og Vickram Bedi sviku 20 milljónir dollara út úr bandarískum auðkýfingi með ótrúlegum lygasögum.

Vickram Bedi látinn laus:

# Fimm milljón dala trygging

**LÖGREGLUMÁL** Vickram Bedi hefur verið látinn laus. Tryggingin var fimm milljónir dala, eða um 580 milljónir króna. RÚV greindi frá þessu í gær.

Bedi og unnusta hans, Helga Ingvarsdóttir, voru handtekin í nóvember vegna gruns um að hafa svikið allt að 20 milljónir dala út úr tónskáldinu Roger Davidson. Helga losnaði úr varðhaldi skömmu fyrir jól, gegn 200 þúsund dala tryggingu. **- sv**

Skutu sex konur:

# Tugir manna látnir í átökum

**FÍLABEINSSTRÖNDIN, AP Tugir manna hafa látist í átökum í Abobo-héraði á Fílabeinsströndinni nú í vikunni. Í gær skutu öryggissveitir á vegum Laurents Gbagbo forseta sex konur sem voru í hópi mótmælenda gegn forsetanum, sem neitar að víkja úr embætti þrátt fyrir tap í kosningum.**

**Alls er talið að um 400 manns hafi látist í átökum þar síðan forsetakosningar voru haldnar í landinu 28. nóvember síðastliðinn. Langflestir þeirra eru karlkyns og nánast allir stuðningsmenn Alassane Outtara, sem almennt er viðurkenndur sigurvegari kosninganna.** **- gb**

# Hyggjast spara rúmlega milljarð næstu fjögur árin

**Tillögur borgaryfirvalda um hagræðingu, samrekstur og sameiningu í skólakerfinu gera ráð fyrir breytingum um alla borg. Tilgangurinn er að mæta mikilli fjölgun leikskólabarna og draga úr rekstrarkostnaði.**

**SKÓLAMÁL** Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar í Reykjavík hyggst spara sem nemur 414 milljónum króna á ári á menntasviði þegar breytingar og sameiningar í skólakerfi borgarinnar verða komnar að fullu til framkvæmda árið 2014.



**ODDNÝ STURLUDÓTTIR**

Þetta kom fram í gær þegar kynnt var skýrsla starfshóps um sameiningu og samrekstur í skólaumhverfi Reykjavíkur.

Áætlanir gera ráð fyrir að þessar aðgerðir muni spara borgarsjóði rúman milljarð króna á næstu fjórum árum. Heildarútgjöld borgarinnar til grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila í ár eru, samkvæmt fjárhagsáætlun, um 32,5 milljarðar króna.

Sparnaðurinn kemur ekki allur fram strax, meðal annars þar sem stjórnendur sem sagt er upp störfum eiga rétt á biðlaunum.

Alls er um 23 tillögur að ræða þar sem 14 snúa að sameiningum 30 leikskóla, þrjár tillögur lúta að sameiningu sex grunnskóla og þrjár að breytingum á skólastarfi í fjórum grunnskólum.

Þá snúa tvær tillögur að sameiningu grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila og auk þess er stefnt að því að á næsta ári verði sameiginleg yfirstjórn með öllum frístundaheimilum og grunnskólum í borginni.

Jón Gnarr borgarstjóri sagði á fundinum að skýrsla hópsins væri tímamótaverk.

„Breytingarnar sem hér eru kynntar eru ekki hugsaðar sem tímabundnar kreppulausnir eða skyndilausnir, heldur framtíðarlausnir sem hugsaðar eru til að tryggja góða menntun reykvískra barna um alla framtíð.“

Jón sagði að með þessum tillögum væri búið að tryggja öllum börnum leikskólapláss fyrir næsta vetur, en sökum stærri árganga mun börnum fjölga um 360 á næsta ári.

Þá segir meirihlutinn að þessar tillögur verði til þess að ekki þurfi að byggja nýja leikskóla eða viðbyggingu við grunnskóla og með því sparist borginni um tveir milljarðar á næstu tveimur árum.

Skýrslan fer nú til umsagnar inn í skólaráð og foreldrafélög auk þess sem menntaráð mun kynna tillögur í sínum hverfum.

Spurð hvort hún telji nú geta náðst sátt um þessar umdeildu breytingar segir Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs, að ekki sé óeðlilegt að andstaða sé við breytingar í skólakerfinu.

„En það sem skiptir máli í þeim tilfellum sem mikil sátt hefur ríkt um málið er að minnihlutinn sýni pólitíska ábyrgð í málinu og skilji nauðsyn breytinganna.“

Oddný bætir við að nú verði tillögurnar kynntar í hverju hverfi fyrir sig og rökstuðningur borgarinnar kynntur. Innleiðingarferlið sé næsta skref og þegar það hefst, sé mikilvægt að foreldrar og aðrir sem að málinu koma séu á sömu blaðsíðu.

Eftir umsagnarferlið verður málið tekið upp hjá borgaryfirvöldum að nýju og verður sennilega afgreitt endanlega af borgarstjórn um eða eftir miðjan þennan mánuð.

**thorgils@frettabladid.is**

## Sameiningar í skólakerfi Reykjavíkurborgar



**Frístundaheimili inn í grunnskóla**

Tillögur starfshópsins gera ráð fyrir að yfirstjórn grunnskóla og frístundaheimila verði sameiginleg í allri borginni frá og með haustinu 2012.

**Grafarvogur**
Korpuskóli og Víkurskóli verði sameinaðir.
Borgaskóli og Engjaskóli verði sameinaðir.
Foldaskóli verði safnskóli á unglingastigi fyrir Húsaskóla og Hamraskóla (frá 2012).
Foldakot, Foldaborg og Funaborg verði sameinaðir.

**Árbær, Grafarholt, Norðlingaholt og Úlfarsárdalur**
Ártúnsskóli, leikskólinn Kvarnaborg og frístundaheimilið Skólasel verði sameinuð.

**Breiðholt**
Skoða hugmyndir um að Fellaskóli og Hólabrekkuskóli verði eldri barna og yngri barna skólar. Ákvörðun liggi fyrir á næsta ári.
Seljaborg og Seljakot verði sameinaðir.
Arnarborg og Fálkaborg verði sameinaðir.
Ösp og Hraunborg verði sameinaðir.
Suðurborg og Hólaborg verði sameinaðir.
Hálsaborg og Hálsakot verði sameinaðir.

**Laugardalur**
Holtaborg og Sunnuborg verði sameinaðir.
Ásborg og Hlíðarendi verði sameinaðir.
Laugaborg og Lækjaborg verði sameinaðir.

**Bústaðarhverfi og Háaleiti**
Fossvogsskóli, leikskólinn Kvistaborg og frístundaheimilið Neðstaland verði sameinuð.
Álftamýrarskóli og Hvassaleitisskóli verði sameinaðir.
Furuborg og Skógarborg verði sameinaðir

**Miðborg og Hlíðar**
Barónsborg, Lindarborg og Njálsborg verði sameinaðir.
Hamraborg og Sólbakki verði sameinaðir.
Sólhlíð og Hlíðarborg verði sameinaðir.

**Vesturbær**
Hagaskóli verði safnskóli fyrir 7.-10. bekk í Vesturbæ, úr Vesturbæjarskóla, Melaskóla og Grandaskóla.
Dvergasteinn og Drafnarborg verði sameinaðir.


# Komdu reglu á bókhaldið

Sjáum um fjárhagsbókhald, launabókhald og -uppgjör, VSK uppgjör, afstemmingar og ársreikninga.

Nánari upplýsingar í síma 553 8874 og 896 1357.

**Okkar lausnir eru þínar lausnir**

VISTMENN
Flókagötu 65, 105 Reykjavík


Hagræðingartillögur í skólamálum Reykjavíkur mæta mikilli andstöðu:

# Umdeilanlegur ávinningur breytinga

**SKÓLAMÁL** Fyrirhugaðar breytingar í skólamálum Reykjavíkurborgar hafa mætt mikilli andstöðu frá foreldrum, fagfólki og fulltrúum minnihlutans.

Allt frá upphafi hafa ýmsir hópar kvartað yfir mörgum þáttum sem að málinu snúa. Foreldrafélög og félög kennara og skólastjórnenda hafa meðal annars lýst yfir áhyggjum af því hvort litið sé framhjá faglegum sjónarmiðum en þess í stað hafi áherslan verið á fjárhagslegu hliðina og sparnað.

Fanný Heimisdóttir, leikskólastjóri á Ösp í Breiðholti, sem á að sameina Hraunborg, sagði í samtali við Fréttablaðið að hún væri ósátt við tillögurnar.

„Í Breiðholti verða tíu leikskólar sameinaðir og hvað mun verða af þeim stjórnendum sem ekki verða endurráðnir? Þetta er bara allt of lítil hagræðing miðað við raskið sem af þessu hlýst. Svo styðjast borgaryfirvöld ekki við neinar rannsóknir sem segja að betri árangur verði af starfi í stærri einingum.“

Þá hafa fulltrúar minnihlutans einnig átalið hve lítill fjárhagslegur ávinningur sé af aðgerðunum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks segja meðal annars að tillögurnar séu ekki réttlætanlegar.

„Sá litli fjárhagslegi ávinningur sem af þessu hlýst er dýru verði keyptur ef rót í skólum borgarinnar á viðkvæmum tímum í efnahagslífinu verður langvarandi“, segir í tilkynningu frá þeim. **- þj**



**MÓTFALLIN TILLÖGUM** Fanný Heimisdóttir og fleiri starfsmenn leikskóla borgarinnar eru ósátt við hagræðingartillögurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Páll Óskar og Sinfó

## Miðasala hefst í dag kl. 12 á harpa.is og sinfonia.is

Það er viðbúið að Páll Óskar snerti fjölmörg hjörtu þegar hann kemur fram ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á efnisskránni hefur Páll Óskar valið vinsælustu lög sín og mun líta yfir ferilinn eins og honum einum er lagið. Gleði- og glæsisýning eins og þær gerast bestar.



BAKHJARLAR

BORGUN · VÍS · Morgunblaðið

### KAUFMANN Á LISTAHÁTÍÐ

Lau. 21.05. » 17:00

· **Aríur og forleikir úr Tosca eftir Puccini, Carmen eftir Bizet, Cavalleria Rusticana eftir Mascagni, Lohengrin eftir Wagner, o.fl.**

**Jonas Kaufmann** einsöngvari
**Peter Schrottner** hljómsveitarstjóri

Einstakt tækifæri til að sjá einn fremsta tenórsöngvara samtímans á hátindi ferils síns.

### MAHLER-VEISLA

Lau. 28.05. » 17:00

· **Gustav Mahler:** *Söngvar úr Des Knaben Wunderhorn*
· **Gustav Mahler:** *Sinfónía nr. 4*

**Camilla Tilling** einsöngvari
**Markus Poschner** hljómsveitarstjóri

Ein skærasta söngstjarna Norðurlanda túlkar Mahler á ógleymanlegan hátt.

### ÉG VEIT ÞÚ KEMUR!

Mið. 01.06. » 20:00
Fös. 03.06. » 20:00 AUKATÓNLEIKAR

· **Söngperlur frá 6. og 7. áratugnum í nýjum búningi**

**Sigríður Thorlacius** söngvari
**Sigurður Guðmundsson** söngvari
**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstj.

Ekki missa af þessum frábæru söngvurum syngja uppáhaldslögin sín með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

### PÁLL ÓSKAR OG SINFÓ

Fim. 09.06. » 20:00
Fös. 10.06. » 20:00
Lau. 11.06. » 20:00

· **Vinsælustu lögin af ferlinum**

**Páll Óskar Hjálmtýsson** söngvari
**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstj.

Diskóið og Sinfónían mætast í glamúr og gleði í Hörpunni!

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala Hörpu, Aðalstræti 2 » Sími: 528 5050 » Opið 12-18 virka daga

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Meint ólögleg kvótaúthlutun velkist um í ráðuneytinu

**Útgerðarfyrirtæki vill að mistök við úthlutun byggðakvóta verði viðurkennd og hlutur þess réttur. Málið hefur velkst í sjávarútvegsráðuneytinu í tvö ár. Umboðsmaður Alþingis gagnrýnir seinagang ráðuneytisins.**

**STJÓRNSÝSLA** „Ég vil bara fá það sem mér bar á þessum tíma. Ég hefði fengið þetta, ég veit það,“ segir Hermann Skírnir Daðason, sem gerir út netabátinn Eið frá Ólafsfirði ásamt bróður sínum Jóni Heiðari.

Þeir telja að á þeim hafi verið brotið við úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2006/2007. Frystitogari hafi fengið 55 tonn af byggðakvóta, þvert á reglugerð sem þá var nýsett, en hún kveður á um að afla sem veiddur er samkvæmt byggðakvóta skuli landað til vinnslu í þeirri byggð sem kvótinn er bundinn við.

Í apríl 2009 lagði útgerðin fram erindi vegna málsins hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Ekkert svar hefur borist og kveðst Hermann orðinn úrkula vonar um að fá nokkurn tíma svar. Samskipti vegna málsins eru rakin hér til hliðar.

Stefnir nú í að málið fari fyrir dómstóla. „Það var brotið á okkur, við höfum gögn um það. Ég hefði viljað fá þessi tonn og draga þetta til baka en það er orðið of seint. Nú er ekki annað að gera en að fá lögfræðinga í málið.“

bjorn@frettabladid.is



**LANDAÐ** Flest bendir til að mál bræðranna Hermanns og Jóns Heiðars vegna úthlutunar byggðakvóta komi til kasta dómstóla. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT REYNISSON

## Harmar dráttinn

Fréttablaðið leitaði viðbragða í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu við áliti umboðsmanns. Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi þess, segir ráðuneytið harma hvað dregist hefur að svara. Málið eigi sér langa sögu og tengist ákvörðunum sem teknar hafi verið í tíð þáverandi ráðherra á fiskveiðiárinu 2006 til 2007. Málið sé flókið og tengist úrlausn á ágreiningi en það réttlæti ekki þennan drátt. „Það verður farið í það að svara þessu erindi sem allra fyrst.“

## Samskipti umboðsmanns og ráðuneytis

Í febrúar á síðasta ári leitaði Hermann til umboðsmanns Alþingis vegna sinnuleysis sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

2. mars 2010 ritaði umboðsmaður ráðuneytinu bréf og óskaði eftir upplýsingum um hvað liði afgreiðslu á erindi Hermanns. Þess var óskað að svör bærust eigi síðar en 16. mars. Erindið var ítrekað 18. mars, 29. apríl og 24. júní.

Í svarbréfi ráðuneytisins 30. júní kom fram að þann sama dag hefði gagna verið óskað hjá Fiskistofu.

30. ágúst ítrekaði umboðsmaður á ný tilmæli um að ráðuneytið léti honum í té upplýsingar um hvað liði afgreiðslu erindisins. Engin svör bárust og 24. september var erindið enn ítrekað og skýringa á töfunum óskað.

Svar barst 8. október. Í því sagði að umbeðnar upplýsingar frá Fiskistofu hefðu borist og hét ráðuneytið hraðri afgreiðslu. Baðst ráðuneytið jafnframt velvirðingar á töfunum, sem stöfuðu af miklum önnum.

Þegar ekkert hafði gerst 30. nóvember ræddi starfsmaður umboðsmanns símleiðis við starfsmann ráðuneytisins. Bar sá við miklum önnum í ráðuneytinu en stefnt væri að afgreiðslu í þeirri viku.

9. desember hafði enn ekkert gerst og aftur var hringt frá umboðsmanni í ráðuneytið. Miklum og óvæntum önnum var borið við og sagt að vonast væri eftir afgreiðslu fyrir 17. desember. 28. desember var enn tilkynnt um að tafir yrðu á svörum vegna mikilla anna en stefnt væri að afgreiðslu málsins aðra vikuna í janúar 2011.

18. janúar 2011 var málið enn óafgreitt og hafði umboðsmaður samband símleiðis við ráðuneytið. Fékk hann þau svör að erindinu yrði svarað í síðasta lagi um mánaðamótin janúar-febrúar. 2. febrúar var í símtali beðist velvirðingar af hálfu ráðuneytisins á því að erindinu hafði enn ekki verið svarað en vonast væri til að það yrði sem fyrst.

28. febrúar lauk umboðsmaður málinu með álitsgerð. Í niðurstöðu segir að þær tafir sem orðið hafi á afgreiðslu ráðuneytisins á erindi Hermanns séu ekki í samræmi við reglur sem stjórnvöldum ber að fylgja um málshraða og svör við skriflegum erindum.



**SVERÐAGLEYPIR** Ogad Baba heitir þessi indverski sverðagleypir sem stingur þarna málmstöng niður í kokið á sér í tilefni af hátíð helgaðri hindúaguðnum Shiva. NORDICPHOTOS/AFP

Fasteignamarkaður rís:

## Kaupsamningum fjölgar

**FASTEIGNAMARKAÐUR** 280 kaupsamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í febrúar. Samkvæmt tölum Þjóðskrár nam heildarvelta 7,9 milljörðum króna og meðalupphæð á hvern kaupsamning var 28,2 milljónir króna. Viðskipti með eignir í fjölbýli námu 4,7 milljörðum, viðskipti með eignir í sérbýli 2,4 milljörðum og viðskipti með aðrar eignir 0,8 milljörðum króna.

Í samanburði við janúar fjölgar kaupsamningum um rúman fjórðung og um helming frá febrúar í fyrra. Þá var 186 kaupsamningum þinglýst og velta nam 5,8 milljörðum króna. - þj


Nýjung í saltkjöti frá Íslandslambi
45% minna salt, sama bragð!



Skert innihald salts
45%
Minna salt - sama brag

ÍSLANDS LAMB

45% minna salt – sama bragð
Hófleg saltneysla er mikilvæg fyrir alla sérstaklega fyrir þá sem hafa hækkaðan blóðþrýsting eða eru yfir kjörþyngd. Kjötmeistarar Íslandslambs mæla með þessu sérverkaða saltkjöti þar sem verulega hefur verið dregið úr notkun salts án þess að það komi fram á bragðgæðunum.

Saltkjöt og baunir; ný uppskrift frá Íslandslambi
**Undirbúningur:** Baunir lagðar í bleyti yfir nótt og skolaðar áður en þær eru settar í pottinn. **Það sem þarf í súpuna:** 2.8 ltr. vatn / **1-1,2 kg saltkjöt** / 300g baunir / 200g saltað flesk / 50g beikon / 1 stór laukur / 500g kartöflur /500g rófur / 250g gulrætur. **Aðferð:** Baunirnar eru settar í pott með vatninu, fleskinu, beikoni, salt**kjötinu** og lauknum sem er búið að flysja og skera í bita. Soðið við vægan hita í u.þ.b. 60 mín. Það þarf að hræra í pottinum og fleita ofan af öðru hvoru.
Eftir 1 klst. suðu eru kartöflur, rófur og gulrætur settar út í pottinn og soðið áfram við vægan hita í 30 -35 mín.

BÓNUS HAGKAUP Ein ferð betra verð

**Nýjung í saltkjöti** frá Íslandslambi færðu í verslunum Bónus og Hagkaupa




**RÍKISÚTVARPIÐ** Rætt verður um stöðu og dagskrárstefnu RÚV á málþingi.

Funda um þjóðarútvarp:

## Málþing um Ríkisútvarpið

**MENNING Reykjavíkurfélög Samfylkingarinnar og Vinstri grænna standa ásamt áhugahópi um þjóðarútvarp fyrir málþingi um Ríkisútvarpið á laugardag.**

**Í tilkynningu frá félögunum segir að Ríkisútvarpið sé á krossgötum og framtíðarhlutverk þess sem þjóðarútvarps sé óljóst. Því vilji félögin halda svokallað framtíðarþing þar sem rætt verður um hlutverk, stöðu og dagskrárstefnu þess.**

**Allir eru velkomnir á þingið sem fer fram í Hafnarhúsinu og hefst klukkan 10. Fjölbreyttur hópur fólks á sviði fjölmiðla og menningar flytur erindi.** - mþl

Stungið í gæsluvarðhald:

## Stal gleðihring og nautalund

**DÓMSMÁL** Síbrotamaður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 24. mars af Hæstarétti.

Maðurinn hafði látið greipar sópa í verslunum að undanförnu. Hann stal matvöru, fatnaði og öðrum nauðsynjavörum. Þá braust hann inn í nokkra sumarbústaði og hafði verðmæti á brott með sér. Hann stal meðal annars rafmagnstækjum, tölvum, nautalundum og Durex-gleðihring.

Maðurinn sem um ræðir á langan sakaferil og hefur hlotið 31 refsidóm. Hann sagði lögreglu að hann skuldaði milljón fyrir fíkniefni og stæli upp í skuldina. - jss

# 0 LÍTRAR Á 100 KM





**CLAUDE BUTLER GLIDE 1**
*26" rafhjól. 6061 T4 álstell,Top Gun framdempari, álbögglaberi, keðjuhlíf og bretti. V-bremsur, hnakkur með dempara, stillanlegt stýri, 6 gíra Shimano TX 30 og 24 volta, 10 amp Lithium-ion-batterí. 35 km drægni á hleðslu.*
**Verð: 199.990 kr.**

**CLAUDE BUTLER BOULEVARD**
*28" dömuhjól með körfu. 6061 T4 álstell, álbögglaberi, V-bremsur, keðjuhlíf og bretti. Hnakkur með dempara, stillanlegt stýri og 7 gíra Shimano TX31.*
**Verð: 84.990 kr.**

**CLAUDE BUTLER BALMORAL**
*28" herrahjól. Hi Ten stálstell, V-bremsur, 6 gíra Shimano TX31, keðjuhlíf og bretti.*
**Verð: 69.990 kr.**





**FALCON RAPTOR**
*24" barnahjól með handbremsum og 18 gírum.*
**Verð: 41.990 kr.**
**Kynningartilboð: 33.592 kr.**

**FALCON PRIMAL**
*20" barnahjól með handbremsum.*
**Verð: 29.990 kr.**
**Kynningartilboð: 23.992 kr.**

**FALCON MONTARE**
*20" barnahjól með handbremsum og 6 gírum.*
**Verð: 33.990 kr.**
**Kynningartilboð: 27.192 kr.**





**FALCON TAHITI**
*24" barnahjól með framdempara og 18 gírum.*
**Verð: 42.990 kr.**
**Kynningartilboð: 34.392 kr.**

**FALCON FAIRY**
*16" barnahjól.*
**Verð: 25.990 kr.**
**Kynningartilboð: 20.792 kr.**

**FALCON BLUSH**
*12" barnahjól*
**Verð: 22.990 kr.**
**Kynningartilboð: 18.392 kr.**

## Hjóladeildin er í Holtagörðum

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

**ÚTILÍF**

föstudagur **Föstudagsviðtalið** | Engilbert Guðmundsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands

# Þróunarmál fái stað í þjóðarsálinni

**Engilbert Guðmundsson,** nýr framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, sagði *Sigríði Björgu Tómasdóttur* frá starfi og framtíðarsýn ÞSSÍ á niðurskurðartímum, frá mikilvægi þróunaraðstoðar og starfsferli á vettvangi alþjóðamála.


ENGILBERT GUÐMUNDSSON Hagur Íslendinga að taka þátt í þróunarsamvinnu og siðferðisleg skylda segir Engilbert. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Engilbert Guðmundsson settist í stól framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, ÞSSÍ, síðastliðinn þriðjudag. Því fer fjarri að hann sé nýgræðingur á sviði þróunarmála, starfsferill á því sviði spannar 26 ár. Það er þó í fyrsta sinn nú sem hann starfar á Íslandi. „En ég þekki Þróunarsamvinnustofnun mjög vel og ég hef oft unnið með starfsmönnum hennar, einkum þegar ég vann fyrir Norræna þróunarsjóðinn,“ segir Engilbert.

Framlög til þróunarsamvinnu hafa sætt verulegum niðurskurði undanfarin ár, fóru úr 4,2 milljarði króna árið 2008 í 3,4 milljarða 2010 svo dæmi séu tekin. Vegna gengisþróunar er raunlækkun framlaga enn meiri eða um helmingsniðurskurður eins og Engilbert bendir á. „Botninum er vonandi náð á þessu ári og svo er markmiðið að auka framlögin skref fyrir skref á næstu tíu árum ef þingályktunartillaga utanríkisráðherra verður samþykkt,“ segir Engilbert. Í henni felst meðal annars að framlag til þróunarsamvinnu fari úr 0,19 prósentum af vergum þjóðartekjum í 0,23 prósent árið 2014.

> Hrunið leiddi berlega í ljós hversu berskjaldaður málaflokkur þróunarmál eru hér á landi.

### Niðurskurður eftir hrun

Þróunarsamvinnustofnun ráðstafar um 40 prósent af framlögum Íslands til þróunarmála og þar hefur þurft að draga verulega saman seglin síðan efnahagshrunið varð. „Hér innanhúss hefur þetta verið lífróður og austur síðustu árin. Það fer engin stofnun í gegnum svona niðurskurð án þess að því fylgi sársauki en menn hafa náð að bregðast við niðurskurði án þess að brjóta bein loforð. Niðurskurðinum hefur verið svarað með þeim hætti að löndum þar sem ÞSSÍ vinnur að verkefnum hefur verið fækkað úr sex í þrjú, eftir eru Malaví, Úganda og Mósambík. Stærri hluti starfsmanna stofnunarinnar kemur frá heimalöndunum, við erum yfirleitt með einn til tvo íslenska verkefnisstjóra og svo heimamenn í verkefnum okkar,“ segir Engilbert, sem er sáttur við hvernig forverar hans hafa brugðist við niðurskurði.

Hann segir árið í ár fara að verulegu leyti í að vinna við nýja stefnumörkun, hugsa þurfi stefnu næstu ára út frá núverandi fjárhagsstöðu. „Við þurfum auðvitað að halda áfram að styrkja innviðina og ekki síður að styrkja stöðu málaflokksins. Hrunið leiddi berlega í ljós hversu berskjaldaður málaflokkur þróunarmál eru hér á landi. Það var strax farið í niðurskurð á framlögum til hans. Ég þykist reyndar vita að margir stjórnmálamenn gerðu það óviljugir en eigi að síður töldu menn að þarna væri hægt að skera niður án þess að sársauki væri finnanlegur hér á torgum.“

### Íslendingar eftirbátar nágrannalanda

Íslendingar hafa aldrei komist nálægt því markmiði Sameinuðu þjóðanna að verja 0,7 prósent af vergum þjóðartekjum til þróunarmála, hæst varð hlutfallið árið 2008 þegar framlög ríkisins til þróunarmála voru 0,36 af vergum þjóðartekjum. Engilbert segir erfitt að svara því hvers vegna Íslendingar hafa ætíð verið svo langt frá þeim þjóðum sem þeir bera sig annars gjarnan saman við þegar kemur að þróunarmálum.

„Ég hygg að menn hafi löngum litið svo á að Ísland væri ungt land og verkin sem vinna þyrfti innanlands væru mörg. Þetta er að minnsta kosti röksemd sem ég hef heyrt mörgum sinum. Ég held líka að skipti máli að við komum seint inn á alþjóðlegan vettvang og hér varð mjög seint til hópur í þjóðfélaginu sem hafði áhuga á þessum málum. Staðan er auðvitað önnur í dag, nú eigum við myndarlegan hóp af fólki með þekkingu og áhuga á málaflokknum. Fólk sem væri gaman að geta virkjað á komandi árum.“

Engilbert bindur vonir við það að á næstu 10 árum verði markmiðum áðurnefndrar þingsályktunartillögunar fylgt, sem þýðir að árið 2021 verði 0,7 prósent af vergum þjóðartekjum lögð til þróunarmála. „Við þurfum að huga að því að afla málaflokknum fylgis í þjóðarsálinni. Ég er ekki bara að hugsa um aukin framlög til Þróunarsamvinnustofnunar heldur einnig til þeirra stofnana og frjálsu félagasamtaka sem sinnt hafa þróunarmálum af myndarskap eins og Rauða krossinum og Unicef.“

## Hlutur Íslands til þróunarmála mun lægri en í nágrannalöndum

### Heildarframlög Íslands til þróunarsamvinnu 2000-2010




Heildarframlög Íslands til þróunarsamvinnu

Prósenta af vergri þjóðar tekjum

### Þau verja mestu til þróunarmála

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Svíþjóð | 1,12% |
| 2. | Noregur | 1,06% |
| 3. | Lúxemborg | 1,01% |
| 4. | Danmörk | 0,88% |
| 5. | Holland | 0,82% |
| 6. | Belgía | 0,55% |
| 7. | Finnland | 0,54% |
| 8. | Írland | 0,54% |
| 9. | Bretland | 0,52% |
| 10. | Sviss | 0,47% |

*Listi yfir löndin sem verja hæstum hlut þjóðartekna til þróunarmála

### Höfum margt fram að færa

Eins og áður sagði sinnir Þróunarsamvinnustofnun nú verkefnum í þremur löndum, Mósambík, Úganda og Malaví. Stofnunin er yfirleitt í samvinnu við héraðsstjórnir í löndunum enda hefur reynslan að sögn Engilberts sýnt að þróunaraðstoð á betur heima á því stjórnsýslustigi en ofar í stjórnsýslunni. „Eins og staðan er núna þá erum við annars vegar með verkefni sem liggja í grasrótinni og hins vegar verkefni sem tengjast málaflokkum þar sem Íslendingar eru sterkir, jarðhita og fiskveiðimálum.“

Engilbert segir Íslendinga hafa mikið fram að færa í þróunarmálum. „Það er mikilvægur þáttur að hafa í huga að við erum þrátt fyrir hrunið með efnaðri þjóðum, ég ætla ekki að áfellast hvernig menn brugðust við því með niðurskurði í þessum málaflokki en bendi þó á að það hafa ekki allar þjóðir brugðist við áföllum í efnahagslífi með þessum hætti. Okkur ber siðferðisleg skylda til að taka þátt í þróunarsamvinnu og það er okkar hagur að tryggja að ástand verði betra í fátækum löndum. Það er stundum sagt að það sé hægt að leysa vanda þróunarríkja í Afríku í Afríku eða London. Þá er átt við að ef ekki unnið að því að bæta ástandið í Afríku þá mun fólk reyna að flýja þangað þar sem lífsgæðin eru betri.“

## Bjó í Tansaníu í árdaga alnæmis þegar engin lækning stóð til boða

Engilbert Guðmundsson er alinn upp á Akranesi og hefur þrátt fyrir langan starfsaldur í útlöndum ætíð haldið heimili þar. Hann lærði hagfræði í Kaupmannahöfn. Í náminu kviknaði hjá honum áhugi á málefnum þróunarlanda. „Það stóð aldrei annað til hjá mér en að vinna við þróunarmál en svo slysaðist ég inn í bæjarstjórn á Akranesi og var þar um skeið og kenndi á sama tíma við Fjölbrautaskólann á Akranesi.“ Engilbert lærði einnig þróunarhagfræði á Englandi og tók svo kennslufræði til kennsluréttinda við Háskóla Íslands. Eftir nokkurra ára starf sem aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskólans fékk hann starf við samnorrænt þróunarverkefni sem var undir stjórn dönsku Þróunarsamvinnustofnunarinnar, Danida.

Það verkefni var í Tansaníu og segir Engilbert dvölina þar afar eftirminnilega. „Við fluttum til bæjarins Bukoba við vesturbakka Viktoríuvatns árið 1985. Á þeim tíma voru menn að átta sig á alnæmi og uppruna þess en það var ekki fyrr en við vorum komin á staðinn að kom á daginn að þarna voru hlutfallslega flestir smitaðir í heiminum, um þriðjungur starfsmanna kaupfélagsins þar sem ég starfaði. Þarna var verið að endurvekja samvinnufélög kaffibænda eftir misheppnaða tilraun til ríkisreksturs og mitt hlutverk var að finna og þjálfa nýja stjórnendur. Þetta er sá hluti landsins þar sem fólk er best menntað, gamalríkt svæði, frjósamt og fallegt. Við sendum mikið af fólki utan í þjálfum. Á þeim tíma voru engin lyf komin á markað og áður en yfir lauk var yfir helmingurinn af fólkinu sem við höfðum þjálfað – unga efnilega fólkið, látið. Það var mikill harmleikur að fylgjast með þessu,“ segir Engilbert sem bjó í Tansaníu ásamt eiginkonu sinni og þremur börnum.

Í kjölfar Tansaníudvalar hóf Engilbert störf hjá Norræna þróunarsjóðnum sem hafði aðsetur í Helsinki. Þar var hann í átta ár. Að því loknu hóf hann störf hjá Alþjóðabankanum í Washington og hafði um átta ára skeið verkstjórn með samstarfi þróunarbanka. Þá tóku við fjögur ár sem svæðisstjóri bankans í Síerra Leóne. Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna hafði svo fengið hann til liðs við sig þegar starf framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands var auglýst. „Ég stóðst ekki mátið að sækja um,“ segir Engilbert sem hóf störf 1. mars síðastliðinn.



Embætti vígslubiskups:

# Fimm sækjast eftir Skálholti

**ÞJÓÐKIRKJAN** Fimm prestar hafa gefið kost á sér til embættis vígslubiskups í Skálholti. Þeir eru: Agnes Sigurðardóttir, prófastur í Vestfjarðaprófastsdæmi, Jón Dalbú Hróbjartsson, prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, Karl V. Matthíasson vímuvarnarprestur, Kristján Valur Ingólfsson, verkefnisstjóri helgisiða og prestur á Þingvöllum, og Sigrún Óskarsdóttir prestur í Árbæjarkirkju.

Kosið verður í mars og eru 63 á kjörskrá. Ættu niðurstöður að vera ljósar fyrir mánaðamót. **- bþs**

Stofnandi banka fyrir fátæka fallinn í ónáð í Bangladess eftir ásakanir um okurlán og innheimtuhörku:

# Nóbelshafi sakar ráðamenn um óheilindi

**BANGLADESS, AP** Muhammed Junus, Nóbelsverðlaunahafi og bankastjóri í Bangladess, hefur mótmælt því harðlega að stjórnvöld í Bangladess ætli að reka hann úr starfi sínu sem bankastjóri Grameen-bankans.

Junus, og bankinn sem hann stofnaði, hefur notið mikillar virðingar fyrir að útvega fátæku fólki lánsfé til að koma undir sig fótunum. Nú í vetur komu hins vegar fram ásakanir í norskum sjónvarpsþætti um að bankinn stundaði okurlánastarfsemi og gengi hart að fólki sem ekki getur staðið í skilum.

Junus segir að Sheikh Hasina, forsætisráðherra í Bangladess, noti þetta sem átyllu til að bola sér úr embætti, en í raun hafi hún horn í síðu hans vegna þess að hann hafi árið 2007 kynnt áform um að stofna stjórnmálaflokk, með tilstyrk hers landsins. Junus sagðist sjálfur vilja hætta og gefa öðrum kost á að taka við stjórn bankans, en hann vildi þó ekki hætta við þessar aðstæður.

„Ef ég hætti vegna ills umtals missir fólk trú á Grameen-bankanum. Það vil ég ekki að gerist,“ sagði hann eftir að hafa fært rök fyrir máli sínu fyrir dómi í gær. **- gb**



**JUNUS KEMUR ÚR RÉTTARSAL** Kvörtun hans var tekin fyrir í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**INNKALLAR KAFFIKÖNNU** IKEA hefur innkallað gallaða kaffikönnu.

Getur brotnað vegna galla:

# IKEA innkallar gallaða könnu

**NEYTENDUR IKEA hefur innkallað pressukönnu að nafni FÖRSTÅ vegna galla.**

**Málmhaldari á könnunni veldur þrýstingi á glerið sem getur brotnað af þeim völdum og valdið slysum.**

**IKEA um allan heim hefur fengið tuttugu tilkynningar um könnur sem brotna. Þar af fylgdi bruni í tólf tilfellum og í einu tilfelli brunasár.**

**Umrædd vara var til sölu hjá IKEA á tímabilinu febrúar til desember á síðasta ári.**

**Kaupendur geta skilað könnunni aftur til IKEA og fengið hana endurgreidda að fullu.** **- þj**

Tilnefnt til NEXPO-verðlauna:

# Afhent verður í Vetrargarðinum

**VERÐLAUN** Verkefnið „Iceland Wants to Be Your Friend“ (icelandwantstobeyourfriend.com) sem nýlega vann til verðlauna hjá Samtökum vefiðnaðarins er einnig tilnefnt til NEXPO-vefverðlaunanna.

NEXPO eru ný verðlaun sem verða veitt í fyrsta sinn á sýningunni „Netið Expo 2011“ sem fer fram í Vetrargarðinum í Smáralind 11.-13. mars næstkomandi. Þar er verkefnið tilnefnt sem Herferð ársins.

Sýningin er haldin í samstarfi við Reykjavík Internet Marketing Conference, RIMC. **- óká**


Allar rósir á 590 kr.

Dalía

BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ

S: 568-9120






GULLFALLEGT SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Í HJARTA BORGARINNAR

**Lækjargata 2**
Skrifstofur á 3. og 4. hæð (í risi), samtals 332,5 m² með hlutdeild í sameign. Um er að ræða gríðarlega skemmtilegt skrifstofurými þar sem opið er að hluta milli 3. hæðar og rishæðar, auk þess sem stór þakgluggi setur svip á rýmið. Möguleiki á mjög opnu rými eða hægt að skipta því upp í 6–7 skrifstofur, auk fundarherbergja.

**Austurstræti 22b, 2. hæð, Nýja Bíó húsinu**
Skrifstofur á 2. hæð, samtals 228,3 m² með hlutdeild í sameign. Skemmtilegt rými í nýju húsi í gömlum stíl. Nýtist vel sem opið rými en einnig hægt að skipta upp í 4–5 skrifstofur, auk fundarherbergis.

**Austurstræti 22b, 3. (efsta) hæð, Nýja Bíó húsinu**
Skrifstofur á 3. hæð, samtals 228,3 m² með hlutdeild í sameign. Lofthæð er 4,5 metrar og þakgluggi eftir rýminu öllu. Frábært, einstakt rými sem hentar best sem opið vinnurými.

Mögulegt er að leigja 2. og 3. hæð saman þar sem sér stigahús tengir þær saman.

**Leigusali er reiðubúinn að innrétta skrifstofurýmin eftir þörfum leigutaka.**

Á svæðinu verður að auki fjölbreytt úrval verslana og veitingastaða.

Nánari upplýsingar:
**Örn V. Kjartansson | orn@m3.is | Sími 825 9000**

m3 FASTEIGNARÁÐGJÖF LEIGUMIÐLUN




**Útiljós**
Marika, einnig til í hvítu.
6000770

**Loftljós**
Discos, hvítt, 31cm.
6003250

# LJÓS

## Á LÆGRA VERÐI




**Kastari**
Rondo, hvítur,
m/rofa
6001100




**Baðljós**
Skoghall, silfur.
6000761




**Loftljós**
Pallas, opal gler
6000691




**Útiljós**
**Durban, 2xG23/9W**
**grafit**
**6002053**




**Útiljós**
Julia,
svart, á vegg
6000775




**Útiljós**
**Graz, ljósgrár,**
**staur, 40cm**
**6001506**

Verð gilda til 14. mars

***Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.**

**Afsláttur og önnur tilboð gilda ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Verð frá
399,-

**Eldhúsáhöld** Stál
Pizzaskeri
2000795
Steikarspaði
2000853
Ísskeið
2000793
Eplakjarnahreinsir
2000788



**Matarstell**
**Panama 16stk**
2009089
16stk
7.990,-

# BÚSÁHÖLD

## mikið úrval



**Skál, 5 ltr**
m/ tvíopnanlegu loki
2002405
1.790,-

**Panna,** Vita, 28 cm
Ný umhverfisvæn húðun "Beckadur Ceramica"
2006510
28cm
7.990,-



**Ostaskeri,** stál
2000791
399,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Sleikja,** stál
2000818
799,-

499,-

**Kökuhnífur,** stál
2000817



Matarlitir og bökunarvörur, mikið úrval
Verð frá
399,-



Hágæða pottar og pönnur
Verð frá
5.490,-
2006487-501

BEKA
Henta á spanhellur og hefðbundnar eldunarhellur, og má þvo í uppþvottavél.

Hágæða framleiðsla og falleg hönnun úr ryðfríu stáli.

Leiðir hita vel og er því orkusparandi.



**Glös,** 3 stk, gler
2009223
299,-
3 stk.

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Látum verkin tala!

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI ALLA DAGA

Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

HÚSASMIÐJAN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ráðherrar skipta um skoðun á rannsóknarheimildum lögreglunnar.

## Alvarleg ógn

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur skipt um skoðun á auknum heimildum lögreglunnar til að fylgjast með skipulagðri glæpastarfsemi, meðal annars með svokölluðum forvirkum rannsóknum. Þær fela það í sér að taka megi einstakling eða hóp manna til rannsóknar, jafnvel þótt viðkomandi sé ekki grunaður um að hafa framið afbrot, heldur nægi grunur um að viðkomandi hafi slíkt á prjónunum eða tengist skipulagðri glæpastarfsemi.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í umræðum á Alþingi í fyrradag rifjaði Ögmundur upp að hann hefði verið í hópi þeirra sem vildu fara varlega í að auka heimildir lögreglunnar og væri enn. Hins vegar hefði lögreglan fært rök fyrir því að núverandi rannsóknarheimildir hennar væru of þröngar og torvelduðu henni að rannsaka skipulögð glæpagengi. Hann féllist á þau sjónarmið að rýmka yrði heimildir lögreglunnar, þó með því skilyrði að þær yrðu áfram veittar á grundvelli dómsúrskurðar.

Ástæða sinnaskipta ráðherrans er nýtt hættumat greiningardeildar ríkislögreglustjóra, sem telur hættu á að senn komi til uppgjörs eða átaka á milli harðsvíraðra glæpagengja, Vítisengla og Útlaga, hér á landi. Á blaðamannafundi í gær greindi Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri frá því að klúbburinn MC Ísland fengi væntanlega um næstu helgi fulla aðild að heimssamtökum Vítisengla og þar með aðgang að stuðningi og fjármunum glæpasamtakanna. Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær hefur klúbbur tengdur Útlögum verið stofnaður hér til höfuðs Vítisenglum.

Þetta er grafalvarleg þróun. Ögmundur Jónasson hefur greinilega áttað sig á alvöru málsins og bregst við í samræmi við það. Eins og ráðherrann benti á í ræðu sinni á Alþingi fylgir alls konar andstyggileg glæpastarfsemi þeim samtökum sem byrjuð eru að skjóta rótum hér á landi, þar á meðal mansal, fíkniefnasala, vopnasala og -smygl og fjárkúganir með ofbeldi. Starfsemi þessara samtaka ógnar öryggi almennings víða í nágrannalöndum okkar og hún er ekki síður alvarleg ógn við okkar friðsama samfélag.

Á Alþingi lýsti Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra stuðningi við áform innanríkisráðherrans. Hann fór áður ásamt Ögmundi Jónassyni einna fremstur í flokki þeirra sem kölluðu það tilburði til njósna og leyniþjónustustarfsemi þegar lagt var til að lögreglan fengi auknar heimildir. Össur rifjaði upp fyrri áhyggjur af að heimildir lögreglu yrðu notaðar til einhvers konar pólitískra njósna og sagði að það væri alger forsenda fyrir samþykki Samfylkingarinnar við þeim að þær yrðu bundnar þinglegu eftirliti. Það er eðlileg krafa – og hefur raunar verið ráð fyrir slíku gert í öllum þeim tillögum sem hingað til hafa verið lagðar fram um auknar heimildir lögreglu.

Vonandi er nú loks að myndast breið pólitísk samstaða um að grípa til þeirra ráða sem duga gegn skipulögðum glæpasamtökum áður en þau ná að festa hér rætur. Hér er við að eiga menn sem verður að mæta af fullri hörku. Það er gott að þeir sem nú bera ábyrgð á heill almennings skuli horfast í augu við alvarlega stöðu og vera reiðubúnir að gera það sem gera þarf.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Gæða dúnsængur frá Skálanesi í Seyðisfirði eru nú fáanlegar.**

Milliliðalaus viðskipti beint við bónda og upprunamerkti gæðavöru

Tilvalin gjöf fyrir t.d. stórafmæli, fermingar, giftingar og skírnir.

Hægt er að panta í nokkrum stærðum með lágmarks bið.

Sængurnar eru merktar jörðinni og eru með þvottamiða.

Frekari upplýsingar í skalanes@skalanes.com eða síma 861-7008"

SKALANES
Náttúru- og Menningarsetur

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ben og Mós



Jóhanna Sig (efnisins vegna) forsætisráðherra virðist telja óþarft að nota full föðurnöfn þegar hún ræðir um starfssystkini í þinginu. Nokkrum sinnum hefur hún kallað Lilju Mósesdóttur Lilju Mós og í þingumræðum í gær lét hún duga að nefna Bjarna Benediktsson Bjarna Ben. Þingforseti gerði við það athugasemd og má búast við að eftirleiðis klári Jóhanna föðurnöfnin – í þinginu í það minnsta.

### Of gott til að vera satt

Nokkrir þingmenn Framsóknarflokksins, undir forystu Gunnars Braga Sveinssonar þingflokksformanns, hafa lagt fram tillögu þess efnis að tvö óháð ráðgjafarfyrirtæki verði fengin til að meta skilaverð eignasafns Landsbankans. Þetta á að gera þar sem „ekki hefur verið lagt mat á með sjálfstæðum hætti af opinberum aðilum," hvert áætlað skilaverð eigna Landsbankans er. Fréttir af nýju mati skilanefndar bankans á eignasafninu, sem var afar jákvætt fyrir alla aðila, er kveikjan að þessari tillögu framsóknarmannanna.



### Hvað svo?

Þetta er auðvitað hið besta mál. Gott er að sem mestar upplýsingar liggi fyrir áður en þjóðin greiðir atkvæði um Icesave-lögin. Spurning er hins vegar hvað framsóknarmennirnir gera ef mat „óháðu ráðgjafarfyrirtækjanna," reynist enn jákvæðara en mat skilanefndarinnar. Á því eru vissulega nokkrar líkur þar sem því er jafnan haldið fram að mat skilanefndarinnar sé varfærið. Ætli þeir fari þá fram á að enn aðrir verði fengnir til verksins? Þá hlýtur Indefence-náunginn sem sat um skeið fyrir Framsóknarflokkinn í bankaráði Seðlabankans að koma sterklega til greina.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Peningastefna og evra

Peningamál



Eygló Harðardóttir
Þingmaður Framsóknarflokksins

Ítrekað heyrist frá stuðningsmönnum aðildar Evrópusambandsins að eina leiðin til að ná tökum á peningamálum landsins sé upptaka evru, og þar með aðild að Evrópusambandinu. Það sé einnig eina leiðin til að afnema verðtrygginguna, lækka fjármagnskostnað og ná stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Reynsla hinna ýmsu ESB landa sannar að lykilatriðið er ekki hvaða mynt er notuð í hverju ríki, heldur hvernig einstök lönd stjórna sínum efnahagsmálum. Dæmi um þetta eru Svíþjóð og Írland. Svíar hafa haldið sig við sænsku krónuna með góðum árangri. Hagvöxtur er mikill, verðbólga lág og skuldir ríkisins lágar. Írland tók upp evru og nýtur nú aðstoðar AGS eftir að írska fjármálakerfið fór í gegnum mikla erfiðleika. Myntin endurspeglar efnahagsstjórnun – hún mótar hana ekki. Verðbólga mælir óstöðuga efnahagsstjórnun – hún skapar hana ekki. Hár fjármagnskostnaður endurspeglar skort á fjármagni – en skapar hann ekki.

Ábyrgð á peningastefnu er ekki bara Seðlabankans. Ábyrg peningastefna er sambland ábyrgrar stefnu í fjármálum ríkisins, ábyrgrar stefnu í rekstri fjármálafyrirtækja og ábyrgrar stefnu í fjármálum heimila og fyrirtækja. Allt hagkerfið þarf að spila saman og allir bera ábyrgð á efnahagsstjórninni. Ekki bara stjórnvöld og Seðlabankinn.

Samhliða hefðbundnum stýritækjum Seðlabankans þarf að tengja vexti og afborganir á húsnæðislánum við almenna markaðsvexti og það gera þeir ekki með núverandi fyrirkomulagi verðtryggingar. Tryggja þarf að fjármálafyrirtæki geti ekki stækkað efnahagsreikninga sína óstjórnlega og aðskilja verður viðskiptabanka og fjárfestingarbanka. Hvetja þarf almenning til að spara fyrir útgjöldum og greiða niður skuldir. Aukinn sparnaður mun auka framboð á fjármagni og lækka vexti. Koma þarf í veg fyrir myndun eignabóla og jafnvægi verður að nást í fjármálum ríkisins.

Allt þetta þarf að gera óháð því hvort við göngum inn í ESB og tökum upp evru eða ekki. Með upptöku evru er ábyrg stjórnun efnahagsmála jafnvel enn brýnni. Reynsla annarra landa sýnir að þá er hætta á auknu innflæði fjármagns, aukinni skuldsetningu heimila og fyrirtækja, eignabólum og aðlögun að þrengri kosti er erfiðari með evru og fastgengi.

Því er orðið tímabært að gera sér grein fyrir því að prinsar á hvítum hestum frá Brussel munu ekki bjarga okkur.

Ábyrgðin er okkar og hana verðum við öll að axla.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Fyll'ann

Í DAG



Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

Forsíður að minnsta kosti tveggja blaða í vikunni báru með sér fyrirsagnir eins og „Bensínverð í hæstu hæðum“. Með fréttunum fylgdu myndir sem sýndu bensínverðið í 230 krónum á hvern lítra. Ég mæli með því að menn klippi þessar myndir út og geymi til að eiga þegar bensínverðið skríður yfir fimmhundruðkallinn.

Raunar er klárt að krónutalan ein segir fátt. En þá má kannski frekar spyrja sig: Hver hefur þróun bensínverðs verið saman-borið við laun undanfarna áratugi? Niðurstaðan er þessi: Árið 1989 gat meðallaunamaður keypt 12,8 lítra fyrir andvirði klukkustundarvinnu, árið 1996 kom smádalur í bensínkaupmætti, það ár dugði sami tími fyrir 11 lítrum, árið 2006 var hægt að kaupa heila 14 lítra og í dag getur sambærilegur meðallaunamaður keypt 10,5 lítra af bensíni fyrir klukkustundarvinnu.

Sé litið á bensínverð yfir seinustu tvo áratugi má þannig sjá að sveiflurnar umfram almennt verðlag, eða laun, eru litlar, sé til dæmis borið saman við sveiflur í húsnæðisverði og jafnvel venjulegri matvöru. Vissulega hefur bensínkaupmáttur þó rýrnað mikið eftir hrunið. Það er helst það sem fólk finnur. Fall seinustu fjögurra ára er hátt. En kannski að einhver okkar þurfi einfaldlega að hverfa frá lífsstíl sem var, ja, eilítið uppskrúfaður.

Hver er annars ástæðan fyrir því að svo mikið er rætt um verðhækkanir þessarar einu vörutegundar? Fátt er um fréttir þegar hrísgrjón hækka um 10 kr.

Svo er einnig nú. Sá málflutningur er ekki með öllu fráleitur; hækkanir skapa ríkinu aukatekjur, bensínið knýr margt áfram og skattalækkanir eru almennt góðar, en ýmislegt má við hann athuga.

Fyrir það fyrsta eiga sértækir bensín- og bílaskattar að standa undir rekstri vegakerfisins. Undanfarin ár hafa þeir ekki dugað til þess.

Þótt algjörlega sé litið framhjá vegaútgjöldum sveitarfélaga kílóið. Ætli þetta sé ekki ein af fáum vörutegundum sem fólk er sannarlega meðvitað um verðið á? Þann tíma sem dælt er á tankinn er tilvalið að kíkja á verðið og hrista hausinn yfir því. Fáar aðrar stakar vörur eru jafnmikið keyptar. Fáar aðrar vörur hafa í raun jafn gegnsæja verðlagningu. Það er ekkert bensínfyrirtæki að bjóða háa mánaðaráskrift með „fríu bensíni fyrir sex vini innan kerfis“ eða eitthvert svoleiðis rugl.

Bensínið er einnig það heppið að hagsmunaaðilar fylgjast mjög grannt með því þegar það hækkar og krefja stjórnvöld um viðbrögð.

> Lægri skatta, meiri framkvæmdir og engin veggjöld! „Ég vil bæði eiga kökuna og borða hana. Já, og kakan verður að vera ókeypis.“

munar milljarði á kostnaði við vegakerfið og sköttum af notendum þess. Til þess að brúa það bil þarf annaðhvort að hætta við framkvæmdir, taka upp veggjöld vegna nýframkvæmda eða hækka bensínskatta.

Veggjaldaleiðin er skynsömust þessara leiða en hagsmunaaðilarnir og þeir þingmenn sem tala þeirra máli vilja hins vegar ekkert af þessu.

Lægri skatta, meiri framkvæmdir og engin veggjöld! „Ég vil bæði eiga kökuna og borða hana. Já, og kakan verður að vera ókeypis.“

Fæst bendir til annars en að olíuverðið muni áfram hækka. Ef marka má fréttirnar er fólk, að einhverju leyti, þegar byrjað að bregðast við; með minni akstri, sparneytnari bílum, aukinni samnýtingu o.fl.

Vissulega má fresta þessari jákvæðu sjálfsbjargarviðleitni fólks um nokkra mánuði eða nokkur ár, en er það skynsamlegt?

Væri ekki ágætt að nýta tækifærið frekar í að leyfa markaðnum að finna umhverfisvænni samgönguaðferðir frekar en að reyna að hægja á því óumflýjanlega ferli? Bensín- og plastþörf Kínverja og Indverja er ekki að fara að minnka úr þessu. Þessar þjóðir munu þurfa að auka olíunotkun sína, það mun hjálpa þeim að ná okkur Vesturlandabúum að lífsgæðum. Sum lönd búa heldur ekki að þeim tækifærum að geta knúið áfram hjólin með endurnýtanlegum, innlendum orkugjöfum. Þau sem það gera ættu að leyfa markaðnum að nýta þá orkugjafa til að þróa vistvænni ferðamáta. En ekki að þráast við í hvert sinn sem markaðsforsendur til þess batna.

Ég styð lægri skatta og minni ríkisafskipti. Ef afleiðing af lægri bensínsköttum á að vera að opinber framlög til vegagerðar minnki sem því nemur og að nýjar stórframkvæmdir verði settar í einkaframkvæmd þá væri það mjög til bóta. En ætli það sé endilega meginhugmynd þeirra sem leggja slíkt til?

AF NETINU

## Staðan á Flateyri

Hinir nýju rekstraraðilar, sem þó eru ekki orðnir eigendur eigna fiskvinnslunnar, hafa byrjað atvinnustarfsemi í fiskvinnsluhúsunum og ráðið til sín starfsfólk og byrjað róðra. Skiptaráðandi hefur að ósk helsta lánadrottins auglýst eignirnar til sölu. Tilboðsfrestur er skammur, innan við tíu daga frá birtingu auglýsingarinnar. Það þýðir að tilboðsfrestur er útrunninn í lok næstu viku. Hinn skammi tilboðsfrestur segir að allir aðilar sem að málinu koma gera sér grein fyrir þýðingu þess að vinna hratt.

Nú verður verkefnið að aflétta óvissunni sem fyrst. Jafnskjótt og tilboðsfresti lýkur í lok næstu viku, verður að ganga frá málum, þannig að línur í atvinnumálum Flateyringa verði skýrar og öryggi skapist um atvinnustarfsemina. Það eru líka allar forsendur til þess að þannig geti tekist til.

Á grundvelli núgildandi laga um fiskveiðistjórnun liggja fyrir 300 tonna aflaheimildir, byggðakvóti, sem ætti að örva menn til þess að hefja útgerð og fiskvinnslu á Flateyri. Til staðar er gott fólk sem kann vel til verka. Framtíð byggðarlagsins er í húfi. Skiptaráðandi og lánadrottnar ráða för, en vitaskuld eru það hagsmunir þeirra að koma hjólum atvinnulífsins af stað sem fyrst á Flateyri. Til þess stendur örugglega þeirra vilji sem annarra.

ekg.blog.is

Einar K. Guðfinnsson

# Kostaðar rannsóknir

rannsóknir



Þórólfur Matthíasson
prófessor í hagfræði við Hagfræðideild Háskóla Íslands

Til að stunda fræðilegar rannsóknir þarf sérhæfðan mannafla. Stundum þarf dýran tækjabúnað. Oft þarf að ráðast í kostnaðarsama og umfangsmikla gagnaöflun.

Rannsóknarafurðir eru fjölbreyttar, allt frá lyfjum til leikjaforrita, frá tillögum um þýðingu orða á borð við „modem“ til tillagna um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar. Rannsóknarafurðir eru uppspretta fjárhagslegra verðmæta auk þess sem rannsóknir auka þekkingu og minnka vanþekkingu.

Mörg fyrirtæki reka fræðilegar rannsóknir fyrir eigin reikning. Önnur kjósa að stofna til samstarfs við sérhæfðar opinberar stofnanir á borð við háskóla, enda búa háskólar vel af þeim sérþjálfaða mannafla sem til þarf. Einkafyrirtækin leggja þá til fé sem gerir háskólanum kleift að auka umsvif sín á rannsóknarsviðinu. Á móti hefur fyrirtækið gjarnan forgang að hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna. Það er þó ekki algilt. Lyfjafyrirtæki kann t.d. að hafa hag af að komast að því að nota megi lyf sem það framleiðir í allt öðrum tilgangi en þeim sem því var upphaflega ætlað. Áhugamannafélag vill vita meira um eðli tiltekins sjúkdóms eða tiltekins náttúrufyrirbæri og vill koma þessari þekkingu sem víðast.

Meiri þekking er betri en minni og fjárframlög fyrirtækja og áhugamannafélaga því oft af hinu góða. Kostun getur hins vegar haft áhrif á val rannsóknarviðfangsefna eða aðferða. Bent hefur verið á að miklu fé sé varið í að rannsaka varnir gegn sjúkdómum sem vel stæðir Vesturlandabúar séu líklegir til að fá en litlu fé sé varið til að finna varnir gegn sjúkdómum á borð við malaríu sem er mikill vágestur í fátækari hlutum heims. Kostun kann að hafa áhrif á hvers konar rannsóknarniðurstöður eru birtar. Þannig hafa lífvísindamenn (og aðrir) rekið augun í að fátítt sé að „neikvæðar“ niðurstöður séu birtar. Vera kann að rannsakendur veigri sér við að birta niðurstöður sem kynnu að koma kostunaraðila illa með einhverjum hætti. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er kostun fjármálafyrirtækja á háskólarannsóknum á sviði fjármála fyrir hrun gagnrýnd nokkuð. Á bls. 223 í 8. bindi skýrslunnar segir m.a.: „Áhrif kostunar verða fremur óbein en bein og draga leynt og ljóst úr hvatanum til að gagnrýna þá aðila sem fjármagna starfsemina og þar með að taka þátt í þjóðfélagsumræðunni. Að því leyti geta áhrif kostunar verið varasamari en bein afskipti að ofan að erfiðara er að gera sér grein fyrir þeim og vera á varðbergi gagnvart þeim. Þess vegna er brýnt að setja almennar reglur um tilhögun kostunar í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.“

Innan háskólasamfélagsins er metnaður til að efla og auka rannsóknir. Það krefst meiri fjármuna en ríkissjóður mun aflögufær um á næstu árum. Þess vegna er ekki hægt að leysa „kostunarvandann“ með því að hætta að taka við fé frá einkafyrirtækjum, áhugamannafélögum eða hagsmunasamtökum. Háskóla- og rannsóknarsamfélagið hefur og er smám saman að koma sér upp reglum um umgengni við styrktarfé. Þetta verk er mislangt komið á ólíkum fræðasviðum. Hreinskilin upplýsingagjöf er nauðsynleg. Þannig krefjast mörg vísindatímarit þess nú þegar að greinarhöfundar upplýsi bæði um kostun og um fjárhags- og hagsmunatengsl við fyrirtæki og stofnanir sem tengjast viðkomandi rannsókn. Þess er getið ef lyfjafyrirtæki styrkir rannsókn á virkni ákveðinna lyfja. Þess er getið ef aðalhöfundur greinar um gagnsemi sálfræðiprófs er jafnframt aðaleigandi fyrirtækis sem hefur einkarétt á prófunum. Þess ætti að vera getið ef höfundur greinar um gagnsemi ákveðins fyrirkomulags við nýtingu hornsíla þiggur styrk frá hagsmunasamtökum hornsílaveiðimanna. Í nýlegri grein (24. febrúar) í danska blaðinu Berlingske Tidende gagnrýnir Uffe Ellemann-Jensen niðurskurð fjárveitinga til Konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn en getur þess jafnframt í lokin – „svo öllu sé til haga haldið“ eins og hann tekur fram – að hann hafi setið í stjórn leikhússins frá 2004. Aðrir mættu taka sér þetta til fyrirmyndar.

Jóga stúdíó kynnir

Heilunarnám



Victor Mcwind



Victor hefur að baki 25 ár reynslu af heilun auk þess að vera lærður í mjúkvefjanuddi. Victor hefur ferðast um heiminn til að leggja mennt við heilun og býr því yfir mikilli reynslu og kunnáttu, hann hefur meðal annars lagt nám við skóla á borð við The Lung Ta Institute, Bio Sonic Institute og Cranial Sacral basic and andvenced studis.
Hann heldur úti virkri starfsemi í New York borg og Woodstok þar sem hann býr.

Frír kynningarfundur verður með Victori laugardaginn 5. mars klukkan 17.00 í Jóga stúdíó, Seljarvegi 2

Námskeiðið byrjar 25. mars og stendur til 5. Desember

Kennt er um helgar, frá föstudegi til sunnudags. Miðað er við 11 helgar.
Að náminu loknu útskrifast nemendur með starfsleyfi sem heilarar frá McWindbodyworks.
Nánari upplýsingar um námið er að finna á www.jogastudio.is eða hjá Ágústu í síma 772-1025.

JÓGA Stúdíó

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
772-1025 - Ágústa | 695-8464 - Drífa
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**49 FRIÐRIK ERLINGSSON RITHÖFUNDUR** er 49 ára í dag.

*„Við þurfum að losna við stjórnmálamenn með svarta fortíð; við þurfum stjórnmálamenn með bjarta framtíð.“*

---

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Ingibjörgu Björnsdóttur**

Hólmgarði 4, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deilda H-1 Hrafnistu Reykjavík fyrir góða umönnun.

**Unnur Júlíusdóttir** — **Sigurður Sigurðsson**
**Guðbjörg Ragna Colton** — **Bruce Colton**
**Gylfi Guðmundsson** — **Kristín Erla Þórólfsdóttir**
**Guðrún Júlíusdóttir** — **Haraldur Karlsson**
**Björn Júlíusson** — **Jóhanna M. Aðalsteinsdóttir**
**og ömmubörn.**

---



**GÓÐ TILFINNING** Sólveig Eggertsdóttir myndlistarkona opnar sína fyrstu sýningu á morgun síðan 1997 þegar hún greindist með Parkinsonsveiki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SÓLVEIG EGGERTSDÓTTIR MYNDLISTARMAÐUR:** OPNAR SÝNINGU EFTIR LANGT HLÉ

# Nálgast listina á nýjan hátt

Sólveig Eggertsdóttir myndlistarkona opnar sína fyrstu sýningu á morgun eftir nokkurra ára hlé en síðast sýndi Sólveig á Nýlistasafninu árið 1997. Stuttu síðar greindist hún með Parkinsonsveiki og dró sig í hlé, en tók aftur til við myndlistina fyrir ári. Sýningin ber yfirskriftina MYNDIR.

„Myndirnar eru unnar á síðasta ári með mismunandi tækni og mismunandi aðferðum,“ útskýrir Sólveig sem notar meðal annars vatnsliti, blek, sót, vax og súkkulaði í verk sín. „Þetta var nokkurs konar tilraunavinna,“ segir hún og bætir við að hún nálgist listina á nýjan hátt eftir að hafa greinst með Parkinsonsveiki.

„Ég var að vinna með þessi sömu efni áður en ég greindist og er að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Þetta hefur þó þróast, ég ræð ekki við að gera skúlptúra lengur en þetta eru litlar myndir á vegg.“

Sólveig lauk námi frá myndhöggvaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1990. Ásamt því að setja upp einkasýningar sinnti hún ýmsum félags- og nefndarstörfum fyrir myndlistarmenn og var meðal annars formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna árið 1994. Þá vann hún að því að myndlistarmenn fengju inni með vinnustofur á Korpúlfsstöðum. Þegar Sólveig gerði hlé á eigin myndlist árið 1997 tók hún til við kennslu við MHÍ og var forstöðumaður fræðsludeildar við skólann. Sólveig stýrði einnig starfi Opna listaháskólans frá því hann var stofnaður, árið 1999, allt til ársins 2008.

Hún segir þetta hafa verið gefandi tímabil þó hún hafi þurft að gera hlé á eigin sköpun og er ánægð með að vera komin aftur af stað.

„Þetta er mjög góð tilfinning og ég ráðlegg fólki sem er í svipaðri stöðu og ég að fá sér eitthvað skapandi að fást við. Þá hættir maður að hugsa um hitt. Ég skemmti mér mjög vel við að vinna myndirnar og vona að það skili sér til áhorfandans.“

Sýning Sólveigar verður opnuð í Listhúsi Ófeigs við Skólavörðustíg á morgun klukkan 16 og stendur til 30. mars. Sýningin er opin virka daga frá klukkan 10 til 18 og á laugardögum frá klukkan 11 til 16.

heida@frettabladid.is

---

†



*Hjartans þakkir sendum við öllum þeim fjölmörgu sem sýnt hafa okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát okkar einstaka og heitt elskaða eiginmanns, stjúpföður, föður, afa, langafa og bróður*

**Ásgeirs Helgasonar**

múrara frá Ísafirði
Túngötu 20, 225 Álftanesi.

Símtöl, heimsóknir, tölvupóstar, facebook-kveðjur, samúðarkort, blóm, kertaskreytingar og annar hlýhugur ykkar hafa þerrað tár og linað hjartasárin. Alveg sérstakar þakkir færum við Grétu Konráðsdóttur djákna á Álftanesi fyrir ómetanlegan stuðning. Við söknum hans öll svo ólýsanlega sárt.

**Guðrún Jóhannsdóttir**
**Þorbjörg Jóhannsdóttir** — **Margrét Gróa Júlíusdóttir**
**Ingi Bjarni** — **Hanna**
**Stefán Geir** — **Eyþór Ómar**
**Rannar Carl**
**Agnes og Alfreð**
**Svana, Bíbí og Addý.**

---

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Alda Jónsdóttir**

Skógarbæ,

áður til heimilis að Hraunbæ 88 Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þann 1. mars 2011. Útförin verður auglýst síðar.

**Marteinn Jensen** — **Petrica Ardalic**
**Steinar Á. Jensen** — **Hólmfríður Geirsdóttir**
**Unnur Inga Jensen** — **Alfred George Wilmot**
**Valgerður H. Jensen** — **Hákon V. Uzureau**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

# Spænskir tónlistarnemar spila

Tuttugu manna hópur ungra gítar- og flautuleikara úr tónlistarskólum í Barcelona og nágrenni, Escola Luthier í Barcelona og Escola Vall de Tenes, er í heimsókn á Íslandi þessa dagana. Stjórnandi hópsins er gítarleikarinn Gustavo Them. Heimsóknin hefst í Reykjanesbæ þar sem spænska tónlistarfólkið heldur tónleika 4. mars ásamt gítarsveitum Tónlistarskólans þar í bæ. Tónleikarnir í Reykjavík verða mánudagskvöldið 7. mars klukkan 18 í Fella- og Hólakirkju, en þá munu nemendur úr Tónskóla Sigursveins taka á móti gestunum.

Auk þess að spila á tónleikum munu spænsku tónlistarnemarnir skoða landið, heimsækja söfn og menningarstofnanir. Mánudaginn 6. mars munu þeir leika fyrir nemendur Fellaskóla. Aðalhvatamaður að þessari menningarsamvinnu er Þorvaldur Már Guðmundsson gítarleikari.

---

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Guðrún Aðalsteinsdóttir**

hattasaumakona

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 2. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðný Aðalbjörg Kristjánsdóttir**
**Aðalsteinn Jökull Kristjánsson** — **Kolbrún Ásdís Valdimarsdóttir**
**Torfi Hermann Pétursson** — **Margrét Jóna Höskuldsdóttir**
**Valdimar Þór Halldórsson** — **Sigríður Árný Sigurðardóttir**
**Anna Björg Þorgrímsdóttir** — **Ragnar Eyþórsson**
**Guðmundur Jökull Þorgrímsson**
**Kristján Jökull Aðalsteinsson** — **Dagne Caridad Tailt Tamayo**
**Íris Kolbrún Aðalsteinsdóttir** — **Egill Axfjörð Friðgeirsson**
**Anna Sigrún Margunnur Aðalsteinsdóttir**
**og barnabarnabörn**

---

†



*Okkar ástkæra*

**Katrín Kolka Jónsdóttir**

hjúkrunarfræðingur

lést í faðmi fjölskyldunnar aðfaranótt sunnudagsins 27. febrúar.

**Eiríkur Valdimarsson**
**Valdimar Kolka Eiríksson**
**Ingibjörg Sólveig Kolka** — **Jón Bjarnason**
**Bjarni Jónsson**
**Ásgeir Jónsson** — **Gerður Bolladóttir**
**Ingibjörg Jónsdóttir Kolka** — **Guðmundur Sæmundsson**
**Laufey Erla Jónsdóttir**
**Páll Valdimar Kolka Jónsson** — **Sandra Sif Einarsdóttir**

---

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Hallur Jónasson**

bifreiðarstjóri, Lindarbrekku, Varmahlíð, Skagafirði,

sem lést á heimili sínu sunnudaginn 20. febrúar s.l., verður jarðsunginn frá Glaumbæjarkirkju laugardaginn 5. mars kl. 14.00.

**Aðalbjörg Anna Jónsdóttir**
**Steinunn Helga Hallsdóttir** — **Gunnar Randver Ágústsson**
**Jónas J. Hallsson** — **Inga Hanna Dagbjartsdóttir**
**Hafdís Hallsdóttir** — **Bjarni Ingvarsson**
**Jónína Hallsdóttir** — **Einar Einarsson**
**og afabörn**

---

LEGSTEINAR Á AFSLÆTTI

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is

S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is



**Æskulýðsdagurinn** er á sunnudaginn og verða guðsþjónustur víða með breyttu sniði. Í Guðríðarkirkju verður rokkmessa, í Ástjarnarkirkju U2-messa og í Digraneskirkju margmiðlunarguðsþjónusta. Í Glerárkirkju á Akureyri verður fjölskylduguðsþjónusta og í Vopnafjarðarkirkju poppmessa.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




**Friðrik Weisshappel gefur uppskrift af matseðli Laundromat Café sem verður opnað í Austurstræti á morgun.**



# Kann betur við mig í uppvaskinu

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FRAMHALD | 2**

Þúsundþjalasmiðurinn Friðrik Weisshappel víkkar út veldi sitt á morgun með opnun nýs Laundromat Café í Austurstræti. Fyrir rekur Friðrik tvö samnefnd kaffihús í Kaupmannahöfn við góðar undirtektir og segir nýjustu viðbótina fylgja sömu stefnu.

„Hugmyndin er að vera með kaffihús sem kappkostar við að bjóða upp á góða þjónustu, meiri þjónustu en fólk á að venjast; hraðari nettengingu, fleiri tímarit, þvottavélar og stórt barnasvæði,“ segir hann með ríkri áherslu, en líkt og fyrirmyndin er nýja kaffihúsið hannað með þarfir fjölskyldna í huga. Þannig liggja tvö handrið eftir stiganum á neðri hæðina, annað fyrir fullorðna en hitt, sem er lægra, er ætlað börnum. Þar tekur við fjölskylduvænt rými, búið hægindastólum fyrir fullorðna og börn, og leiksvæði þar sem boðið verður upp á sérstakar sögustundir um helgar.

## CUBANO TOAST

Að hætti laundromat Café **FYRIR 1**

**Cubano toast**
3 sneiðar svínahnakki
cubano-salsa
sýrður rjómi
rauðlaukur
blandað salat
franskar
majónes
bakaður hvítlaukur

**Marinering fyrir grísahnakka:**
1 dl kóríanderfræ
1 dl dijon-sinnep
1 dl rauðvínsedik
10 hvítlauksgeirar
1 l ólífuolía
Nuddið þessu á grísahnakkann, grillið á öllum hliðum og bakið loks í ofni við 120 gráður í um 90 mín.

**Salsagrunnur:**
20 stk. rauð paprika
1 stór dós af tómötum
1 msk tómatmauk
1 lítil dós chipotle-pipar
2 dl ólífuolía
safi úr fjórum límónum
salt/pipar

*Bakið og skrælið papriku, takið miðjuna úr. Maukið allt. Í 1 lítra af salsagrunni fara sex smátt saxaðir rauðlaukar, tíu saxaðir tómatar (miðjan tekin úr), ferskt kóríander, saxað og blandað saman við.*

*Samlokan er opin. Setjið blandað salat á grillaða brauðsneið; þrjár sneiðar af grísahnakka grillaðar og lagðar ofan á, svo 1-2. msk. af salsa ofan á, síðan 1 tsk. af sýrðum rjóma og bakaður hvítlauksgeiri til skrauts.*







**Náttúrufræðistofnun** verður með opið hús í nýjum heimkynnum í Urriðaholti í Garðabæ á morgun. Þar gefst almenningi kostur á að fræðast um störf náttúruvísindamanna og skoða aðstöðuna. Hægt verður að kynnast skordýrafræði, jarðfræði, steingervingafræði og fuglafræði svo dæmi séu nefnd. Húsið er opið frá 13 til 17.

# Skemmtun allan tímann

**Leikhúsþing verður í Tjarnarbíói í dag sem er öllum opið endurgjaldslaust. Því er skipt í tvennt. Matur og málþing er milli klukkan 12 og 13.30 og Leikhúsveisla í kvöld klukkan 19.30 er þrjú leikverk verða flutt.**



Stefanía hefur skipulagt leikhúsþingið í Tjarnarbíói. Hún segir Íslendinga hafa gott orð á sér í Bretlandi fyrir listræna hæfileika. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Hver sem er má koma og það er frítt inn bæði á ráðstefnuna og leiksýninguna,“ segir Stefanía Sigurðardóttir, sem skipuleggur leikhúsþing í Tjarnarbíói í dag. Hún lofar áhugaverðri umræðu á hádegisþingi og listrænum tilþrifum og skemmtun í kvöld. Bendir á netfangið leikhusthing@gmail.com fyrir þá sem vilja boða komu sína.

Stefanía segir málþingið snúast um alþjóðlegt leikhúslíf og tengsl þess við Ísland. Hún bendir á að Íslendingum hafi vegnað vel á vettvangi sviðslista erlendis síðustu ár. Nefnir í því sambandi Vesturport og segir Víking Kristjánsson leikara, einn stofnendanna, verða með fyrirlestur á málþinginu. Getur einnig sem frummælanda franska leikstjórans Mattheiu Bellon sem hafi tvo Íslendinga innan síns leikhóps.

En hvað um sýninguna í kvöld? Hverju eiga áhorfendur von á þar? „Leikverkin heita JustHere!, Hetja og Smjörbrauðsjómfrúrnar og taka um tvo tíma í það heila. Leikendur eiga það sameiginlegt að hafa allir menntað sig erlendis, flestir við European Theatre Arts í Englandi,“ svarar Stefanía og lýsir þáttunum nánar. „JustHere! er mikið listaverk á að horfa og brýtur dálítið múrinn milli dans og leikhúss. Það er í flutningi Snædísar Lilju Ingadóttur en hún var í hópi þriggja Íslendinga sem sýndu verk á Edinburgh Fringe Festival nýlega. Hetja er gamanleikur um Bárð Snæfellsás þar sem Kári Viðarsson fer með öll hlutverkin, fjórtán talsins. Það hefur verið sýnt áður, fyrst á Rifi og síðan í Landnámssetrinu og fékk lofsamlega dóma. Smjörbrauðsjómfrúrnar verða ekki á sviðinu heldur bregða á leik í hléinu. Það er sem sagt skemmtun allan tímann.“

Stefanía segir margt gott fólk koma að leikhúsþinginu. Meðal annarra gesta verði rektor og kennarar Rose Bruford College í Bretlandi en sjálf stundar Stefanía þar nám í listrænni viðburðastjórnun og varð formaður stúdentaráðs, fyrst útlendinga í 60 ára sögu skólans. Skipulag viðburðanna í Tjarnarbíói er lokaverkefni hennar við skólann. Hún kveðst vona að þeir geti orðið leikurunum til uppbyggingar og áhorfendum til umhugsunar og ánægju.

*gun@frettabladid.is*



Friðrik segir vel tekið á móti fjölskyldum á nýja kaffihúsinu í Austurstræti.

Framhald af forsíðu

Matseðillinn er líka sniðinn að þörfum allrar fjölskyldunnar. „Hann er ansi fjölbreyttur, allt frekar einfalt og vel úti látið,“ segir Friðrik, kampakátur með afraksturinn. En verða einhverjar nýjungar, séríslenskar kannski, á honum? „Já, til dæmis lambahryggur á sunnudögum,“ svarar hann og bætir við að sjálfur komi hann þó ekki nálægt matseldinni. „Ég get vel eldað og geri það gjarnan heima en kann betur við mig í uppvaskinu og finnst það besta starfið í húsinu.“

Frá því að Friðrik áformaði opnun kaffihúss í Reykjavík hefur hann verið með annan fótinn á landinu. Hann hefur þó ekki í hyggju að fjölga hér frekar kaffihúsum eða flytja heim í bráð enda hamingjusamlega kvæntur tveggja barna faðir í Kaupmannahöfn. En hræðist hann ekki tilhugsunina að reka kaffihús í öðru landi? „Nei, enda verður staðurinn dagsdaglega rekinn af öðrum. Það mun ganga vel enda er ég umkringdur úrvals samstarfsfólki sem ég treysti hundrað prósent,“ segir hann og brosir. *roald@frettabladid.is*


NÝ SENDING Í FLASH



Fermingarkjólar í öllum regnbogans litum.

Ótrúlegt úrval.

Fleiri myndir á Facebook, vertu vinur

Við erum á facebook

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

Full búð af nýjum vörum



MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Mjúkir dagar



30% afsláttur af handklæðum

Handklæðin eru ofin úr 100% Pima bómull

Stærð 70x140
áður 2.890 kr
nú 1.990 kr

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is

- RÝMINGARSALA -
Enn meiri verðlækkun á útsölunni

500 kr. 1.000 kr 2.000 kr.

OPIÐ
- Föstudag kl 11-18 -
- laugardag kl 11-17 -
- sunnudag kl 12-17-

4.000 kr. 3.000 kr.

5.000 kr. 6.000 kr.

Vertu vinur á Facebook

Flott föt fyrir flottar konur, belladonna Stærðir 40-60.

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is


ALLT TÍSKA


Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

fös agur
FYLGIRIT FRÉTT
4. mars 2011



# Sigrún Bender
## er sátt í draumastarfinu

- Listaverk úr snyrtivörum
- Á rúmstokknum
- Tískuvikan í Mílanó
- Topp tíu fyrir vorið

1TB
FLAKKARI
WD Elements
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.
TILBOÐ
Kr. 11.950
@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna
✻ ekki missa af



**SKYNJUNARSKÓLI** Sýningin Marglaga er haldin í Kling og Bang um þessar mundir. Á sýningunni var settur upp skynjunarskóli sem verður starfræktur til 20. mars þar sem hægt er að vera, melta og fá sér kaffibolla. skipulagðir viðburðir verða á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum og að degi til um helgar. Allir að kíkja inn og víkka sjóndeildarhringinn!

## blogg vikunnar



### Stríðsmaður tískunnar

The Glamourai er tískublogg stílistans og hönnuðarins Kelly. Þar fjallar hún um allt sem viðkemur tísku og starfs síns vegna er hún mjög dugleg að fylgjast með öllu því helsta sem gerist innan tískuheimsins. Þess má geta að stúlkan sótti tískuvikuna í Mílanó í vikunni og var við það tilefni fengin til að hanna gluggaútstillingu fyrir verslun Dolce & Gabbana í Mílanó. Bloggið má finna á slóðinni www.theglamourai.com.

### Tískufíkill



LA-búinn Geri Hirsch heldur úti blogginu www.becauseimaddicted.net. Á síðunni birtir hún myndir af því sem veitir henni innblástur ásamt myndum úr daglegu lífi. Auk þess er hægt að finna leiðbeiningar um hvernig megi gera stórskemmtilegt armband úr skrúfum.

Listaverk úr snyrtivörum íslenskra kvenna seld á uppboði:

# SKIPTAR SKOÐANIR Á SNYRTIVÖRUM

Uppboð þar sem listaverk úr snyrtivörum íslenskra kvenna eru til sölu stendur nú yfir og rennur ágóði verkanna óskiptur til væntanlegs mansals- og vændisathvarfs sem Stígamót munu starfrækja.

Söfnunin hófst á Menningarnótt í fyrra og söfnuðust eitt hundrað kíló af snyrtivörum sem nú hefur verið breytt í skemmtileg listaverk eftir átta hæfileikaríkar listakonur. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir stóð að baki söfnuninni og segir hugmyndina upprunalega vera komna frá vinkonu sinni. „Hún minntist á það eitt sinn að það gæti verið gaman að safna snyrtivörum íslenskra kvenna því það er í raun hægt að lesa svo margt í þær," útskýrir Þórdís Elva. „Það eru mjög skiptar skoðanir á snyrtivörum, sumir vilja meina að þetta dragi fram náttúrulega fegurð kvenna á meðan aðrir vilja meina að snyrtivörur séu hluti af kynvæðingu kvenna í karllægum heimi. Það kemur á óvart hvað fólk er í raun með sterkar skoðanir á snyrtivörum," segir hún brosandi.

Söfnunin var auglýst á Facebook-síðum og barst þannig frá manni til manns þar til að fjölmiðlar fengu veður af söfnuninni. „Þessi umfjöllun skilaði sér að lokum því afraksturinn varð rosalegur og ég held að við höfum safnað um hundrað kílóum af snyrtivörum. Þegar söfnunin var yfirstaðin vaknaði sú spurning hvað við ættum að gera við þennan dásamlega efnivið svo hann fengi að njóta sín á nýstárlegan og skemmtilegan hátt," segir Þórdís Elva.

Listakonurnar fengu að velja sér vörur til að vinna úr og gerðu það á mjög ólíkan hátt og er Þórdís Elva sannfærð um að verðmæti þessara verka eigi eftir að aukast með árunum. „Þessi verk eru ekki bara merkileg samtímaheimild heldur er líka verið að styrkja alveg frábært verkefni," segir hún. Hægt verður að bjóða í verkin í gegnum vefsíðuna www.litrof.wordpress.com. **- sm**



**Gott málefni** Þórdís Elva Þorvaldsdóttir safnaði um hundrað kílóum af snyrtivörum sem átta listakonur breyttu svo í skemmtileg listaverk. Verkin verða seld á uppboði á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





**Dior kynning föstudag og laugardag í Hyegu Kringlunni og Smáralind.**

Sérfræðingur frá Dior kynnir í Hygeu föstudag og laugardag, nýja Dior Addict varaliti ásamt því að veita ráðleggingar varðandi húð, förðun og litaval.

Falleg gjöf fylgir kaupum þegar keyptar eru 2 vörur í Dior, þar af eitt krem.

Vertu velkomin.

HYGEA snyrtivöruverslun
Smáralind s. 554 3960
Kringlan s. 533 4533


Skemmtileg verslun opnuð í Bankastræti:

# Snúa bökum saman

Hönnuðurnir Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir, sem hannar undir heitinu GuSt, og Erna Óðinsdóttir, sem hannar undir nafninu kurlproject, hafa snúið bökum saman og opnað sameiginlega verslun við Bankastræti 11. Þar munu þær selja eigin hönnun ásamt fatnaði og fylgihlutum eftir danska hönnuði.



**Erna Óðinsdóttir, hönnuður.**

Karnivalstemning verður á Bakkusi annað kvöld:

# SUNGIÐ, DANSAÐ OG BROSAÐ

Slegið verður upp veislu á skemmtistaðnum Bakkusi annað kvöld í tilefni kjötkveðjuhátíðarinnar í Ríó de Janeiro. Kristín Bergsdóttir, Samúel Jón Samúelsson og Ragnheiður Maísól Sturludóttir standa fyrir skemmtuninni og lofa að fylla staðinn af yl og gleði.

Kristín, Samúel og Ragnheiður hafa öll búið í Brasilíu og hafa mikið dálæti á brasilískri tónlist og menningu og hefur Kristín meðal annars spilað með sambahljómsveitinni Tropicalia-sveit Kristínar Bergsdóttur frá því vorið 2009. Aðspurð segist Kristín hafa gengið með hugmyndina í maganum í svolítinn tíma en ákveðið í janúar að nú væri loks tími til að láta til skarar skríða. „Ég var úti í Ríó á síðasta ári og upplifði þá stemninguna í kringum kjötkveðjuhátíðina. Mig hefur lengi langað til að halda brasilíska tónlistarhátíð hér heima en ekki getað gert upp við mig hvaða tími mundi henta best til þess. Svo datt mér í hug að sniðugast væri að halda karnival á sama tíma og í Ríó, einmitt þegar fólk þarf á smá sól að halda," útskýrir hún.

Hún vonast eftir því að fólk mæti klætt í anda hátíðarinnar enda sé þetta tíminn til að sleppa fram af sér beislinu og dansa, syngja og skemmta sér. Á meðal þeirra sem koma fram eru Tropicalia-sveit Kristínar Bergsdóttur og Samúel Jón Samúelsson Big Band. Ragnheiður Maísól verður í hlutverki kynnis og sögumanns. Skemmtunin hefst klukkan 21.00 og er aðgangur ókeypis. **- sm**



**Sól og gleði** Kristín Bergsdóttir stendur fyrir Karnivalkvöldi á Bakkusi ásamt Samúel Jóni Samúelssyni og Ragnheiði Maísól Sturludóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Ef þú vilt þægindi og góða hvíld eru rúmin frá Passion góður kostur fyrir þig. Passion framleiðir afar vönduð rúm og eru þau tvímælalaust með bestu rúmakaupunum í dag. Dýnan býður upp á tvo stífleika sem þú getur alltaf breytt á einfaldan hátt. Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færist mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur. Passion rúmin eru fáanleg í mörgum litum og með margar mismunandi gerðir af rúmfótum.

# Þægindin í fyrirúmi

## MEÐ GÆÐAHÚSGÖGNUM FRÁ LÚR





## Hvíldarstólar og sófar

Við bjóðum upp á mikið úrval af hvíldarstólum og hvíldarsófum, með eða án tungu. Þú finnur þitt útlit, þinn lit og þína áferð í taui eða leðri hjá okkur.



Í LÚR - Betri hvíld færðu hágæða Serta dýnur, framleiddar í verksmiðjum Serta í Ameríku. Serta ber ekki ábyrgð á dýnum sem framleiddar eru í öðrum löndum undir þeirra merki. Verslaðu ósvikna hágæða vöru með viðurkenndri ábyrgð frá framleiðanda í LÚR - betri hvíld.



**Kíktu í heimsókn, skoðaðu úrvalið og uppfylltu drauma þína um betri hvíld.**

LÚR
BETRI HVÍLD

LÚR - BETRI HVÍLD • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100 • HEIMASÍÐA: WWW.LUR.IS • NETFANG: LUR@LUR.IS







**Gott tvíeyki** Hönnuðirnir Lazaro Hernandez og Jack McCollough þakka fyrir sig að lokinni sýningu. Nafn tískuhússins er samsett úr eftirnöfnum mæðra þeirra beggja. NORDICPHOTOS/GETTY





Flott haustlína frá Proenza Schouler:

# Indíánamynstur & litagleði

Tískuhúsið Proenza Schouler þykir með þeim mest spennandi um þessar mundir. Hönnunartvíeykið Jack McCollough og Lazaro Hernandez kynntist árið 1998 er þeir voru við nám í Parsons-hönnunarskólanum. McCollough og Hernandez sameinuðu krafta sína í útskriftarverkefni þeirra frá skólanum og slógu strax í gegn. Útskriftarlínan í heild sinni var keypt af hinni þekktu verslun Barneys New York og eftir það varð ekki aftur snúið.

Ný haustlína tískuhússins var frumsýnd á tískuvikunni í New York fyrir stuttu og hafa McCollough og Hernandez fengið mikið lof fyrir hana. Fatnaðurinn er litríkur og klæðilegur og fengu hönnuðirnir innblásturinn að honum er þeir voru á ferðalagi um Santa Fe í Nýju Mexíkó. Þar heilluðust þeir af mynstri er prýddi teppi indíána og hönnuðu í kjölfarið sína eigin útgáfu af því.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp-upplausn með greiðari og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir.is



## Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

### Pabbi er óléttur!

Í meistararitgerð minni rannsakaði ég ófrjósemi karla. Málið hefur hina ýmsu fleti og einn af þeim sem mér þótti virkilega áhugaverður var væntingar karlmanna til foreldrahlutverksins. Ég sökkti mér niður í þær fáu rannsóknir sem hafa verið gerðar á þessu málefni. Það var ein dönsk rannsókn sem vakti sérstakan áhuga minn. Þar voru verðandi feður látnir bera saman sínar hugmyndir um meðgöngu og uppeldi við upplifun þeirra af föður sínum. Flestir voru sammála um að samfélagið hefði breyst mikið á undanförnum árum og nú gætti meira jafnréttis. Karlmenn væru líka óléttir og meðganga væri sameiginlegt ferli pars en ekki einkamál konunnar. Þá lýstu þeir yfir miklum áhuga á því að vera virkir uppalendur, ólíkt sínum eigin föður sem vann frameftir og var óbeinn þátttakandi í heimilislífinu.

Þessi punktur vakti sérstakan áhuga hjá mér og gleði. Ólétta og meðganga á ekki að vera einkamál konu því það þarf alltaf sæði til. Þrátt fyrir að það megi fara ýmsar leiðir til að útvega sér sæðingu þá tengist karlmaður engu að síður ferlinu og er því órjúfanlegur hluti þess. Í ljósi fæðingarorlofs karlmanna og auknu jafnrétti kynjanna þá taldi ég eðlilegt að nota orðbragðið „við erum ólétt“. Karlmaðurinn er sjálfsagður þátttakandi í hverri mæðraskoðun og námskeiðum því tengdum og þess á milli les hann sér til um meðgöngu og umönnun ungbarns. Það var ekki fyrr en ég fór að viðra þessar hugmyndir mínar um hlutverk verðandi föður við vinkonur og stjórnsýsluna að ég komst að því að ég er í allt öðrum heimi. Karlmenn verða ekki óléttir. Þeir verða bara pabbar eftir fæðingu barns og sinna því hlutverki misvel. Þeir eru ekki hvattir sérstaklega til að lesa sér til um bpa-lausa pela eða mynda sér skoðun á taubleyjum. Þeir virðast ekki vera í bumbupabbahópum sem hittast á barnvænum kaffihúsum og ræða meðgöngu og uppeldi. Þeir mega ekki taka sér fæðingarorlof fyrr en eftir að barnið er fætt og þeir fá ekki greiðslufrest á lán þrátt fyrir að slíkt sé eðlilegt fyrir hina vanfæru konu. Þegar barnið er svo komið í heiminn virðist almannaálitið vera það að pabbinn þarf aðeins að vera heima fyrsta mánuðinn til að sinna gestunum því barnið er svo háð brjóstinu á mömmunni. Svo getur pabbinn tekið sér aftur orlof þegar barnið er 6 mánaða og borðar mat og drekkur úr pela. Þetta skil ég ekki. Á þessu tímabili lærir barnið að skríða og brosa og jafnvel gefa frá sér hin og þessi sniðugu hljóð. Vilja pabbar í alvöru missa af þessu? Hvar eru pabbaklúbbarnir og samanburðurinn á sónarmyndum? Er enginn karlmaður óléttur?

Meðganga er greinilega einkamál konunnar. Verðandi feður sem sinna baknuddi, hlaupa eftir grænum frostpinna á miðnætti og skipta um kattasandinn fá enga samúð.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
***Netfangið er kynlif@frettabladid.is***



A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
39.900.-
39.900.-
15.900.-
MIKIÐ ÚRVAL
AF NÝJUM
STÓLUM
OG SÓFUM
Á VERÐI SEM KEMUR
ÞÆGILEGA Á ÓVART
59.900.-
39.900.-
3490.-
3490.-
5990.-
4990.-
1390.-
Photo Frame
the PIER
KERTI FRÁ 129-790.-
MATARSTELL FRÁ 490.-
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# Ræktendur athugið!








**Skipulag og ræktun í sumarhúsalandi**
Námskeið tvö miðvikudagskvöld
9. og 16. mars kl. 19:00-21:30.

**Einn, tveir og tré!**
Námskeið miðv. 9. mars kl. 17:00-18:30.

**Skjólmyndun í garðinum**
Námskeið miðv. 16. mars kl. 17:00-18:30.

**Námskeiðin eru haldin í Grasagarði Reykjavíkur.**

**Leiðbeinendur:**
Björn Jóhannsson landslagsarkitekt höfundur bókarinnar Draumagarður og Auður I. Ottesen garðyrkjufræðingur og ritstjóri Sumarhússins og garðsins.

**Skráning og upplýsingar**
**í síma 578 4800 og á www.rit.is**
**Sumarhúsið og garðurinn**





**FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM**

verð: 7.990
S-M-L

SOHO MARKET

SOHO/MARKET Á FACEBOOK
Grensásvegur 16 - sími 553 7300
Opið mán-fös 14–19. Laugd. 12–17



**Gríms fiskibollur**

*hollur kostur á 5 mín.*






**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**









**Nýjir tímar** Fyrsta tölublað Vogue undir ritstjórn Emmanuelle Alt er væntanlegt. Staðfest hefur verið að ofurfyrirsætan Giselle Bundchen muni prýða forsíðuna. NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrsta tölublað Vogue undir stjórn Emmanuelle Alt væntanlegt:

# Dolce & Gabbana á forsíðuna

Carine Roitfeld, fyrrverandi ritsjóri franska Vogue, hefur sent frá sér sitt síðasta blað og verður næsta eintak tímaritsins því hugarfóstur Emmanuelle Alt, arftaka Roitfeld.

Mikið hefur verið spáð og spekúlerað í hver muni prýða fyrstu forsíðu Alts og einnig hverju fyrirsætan muni klæðast. Nú hefur verið staðfest að ofurfyrirsætan Gisele Bundchen verði forsíðustúlkan og að hún muni að öllum líkindum klæðast flíkum úr smiðju Dolce & Gabbana. Mörgum þykir valið einkennilegt þar sem Dolce & Gabbana áttu flestar Vogue-forsíður ársins 2010 og töldu menn líklegra að Alt mundi kjósa hönnun frá Balenciaga til þess að reyna að koma á friði milli franska Vogue og hins fornfræga tískuhúss. En sýnishorn af nýrri línu Balenciaga lenti eitt sinn í röngum höndum eftir myndatöku hjá Vogue. Aðrir töldu líklegt að fatnaður frá Balmain eða Isabel Marant myndi prýða forsíðuna þar sem Alt starfaði lengi sem stílisti fyrir bæði tískuhúsin.

Það verður spennandi að sjá útkomuna og hvort einhver sjáanlegur munur verði á blaðinu undir stjórn Alt, en hennar persónulegi stíll er mun afslappaðari en hinnar klassísku Roitfeld. **- sm**




**Complete Comfort Créme,** 8.390 kr.

**MAC Cleanse Off olía,** 4.990 kr.

**MAC Brightening Serum,** 8.590 kr.

**MAC Fast Response Eye Cream,** 7.190 kr.

Passa þarf upp á húðina í tíðum veðurbreytingum:

# Verndið húðina fyrir kulda

Veðurguðirnir eru búnir að stríða okkur eyjarskeggjum nokkuð undanfarnar vikur. Á milli stormviðra, haglélja og snjókomu hafa þeir glatt okkur með svolítilli sól, logni og léttum rigningarúða. Þessar tíðu veðurbreytingar geta haft leiðinleg áhrif á húðina sem á það til að þorna í slíku óveðri. Föstudagur leitaði ráða hjá Maríu Guðvarðardóttur, förðunarfræðingi hjá MAC, um hvernig megi halda húðinni góðri á meðan svona viðrar.

„Allar konur eiga að eiga hreinsi sem hentar hennar húðtegund. Ég mæli með MAC Cleanse Off olíu fyrir þær sem eru með mjög viðkvæma húð. Olían breytist í hreinsimjólk þegar hún blandast við vatn og hana má nota á augu líka. Nýja rakakremið Complete Comfort Crème gefur húðinni einnig góðan raka og er sérstaklega gott fyrir rósroða, það róar og mýkir húðina," segir María og bætir við að mikilvægt sé að undirbúa húðina vel áður en farði er settur á. Hún segir góð augnkrem einnig draga úr þrota og róa húðina í kringum augun.

„Ég mæli einnig með Brightening Serum, sem jafnar húðlitinn og gerir húðina stinna og fína, og að nota farða sem inniheldur SPF-vörn og E-vítamín til að vernda húðina." **- sm**

# Eitt mesta úrval landsins af

# hvíldarstólum



**Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum.**
Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar.
Innbyggður skemill.

**Verð kr.139.000.-**



**Verð kr. 139.000.-**



**Verð kr. 109.000.-**

Vandaður hvíldarstóll með leðri



**Verð kr. 89.000.-**

Vandaður hvíldarstóll með slitsterku áklæði



**Verð kr. 119.000.-**

Vandaður hvíldarstóll með leðri



**Verð kr. 99.000.-**

Vandaður hvíldarstóll með slitsterku áklæði



**Verð kr. 119.000.-**

Vandaður hvíldarstóll með leðri



**Verð kr. 119.000.-**

Vandaður hvíldarstóll með leðri

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**
Opið virka daga kl. 10-18 **Laugardag kl. 11-16**
**www.valhusgogn.is**

# ÁNÆGÐ Í HÁLOFTUNUM

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Valgarður Gíslason

**Sigrún Bender hóf flugnám aðeins fjórtán ára gömul og var farin að fljúga ein áður en hún fékk aldur til að aka bíl. Hún starfar nú sem fyrsti íslenski kvenflugmaðurinn hjá Iceland Express og kann vel við sig í starfi.**

Sigrún sleit barnsskónum í Grafarvoginum og segist hafa fengið nokkuð heilbrigt og hefðbundið uppeldi. Grafarvogurinn var nýrisinn þegar Sigrún og fjölskylda hennar fluttu þangað og segir hún fjölda barna hafa búið í hverfinu á þeim tíma. „Á fyrsta skólaárinu samanstóð skólabyggingin af mörgum litlum skúrum á meðan verið var að byggja skólann sjálfan. Hverfið var líka fullt af börnum og vinahópurinn minn var risastór þannig það var mjög gaman að alast þarna upp,“ segir Sigrún brosandi.

## BÓNORÐ Á BAHAMAEYJUM

Sigrún er trúlofuð hárgreiðslumanninum Baldri Rafni Gylfasyni og eiga þau saman tveggja ára gamlan son, Baltasar Guðmund. Fyrir átti Baldur Rafn soninn Tristan Gylfa og segir Sigrún þá bræður vera afskaplega góða vini. Hún segir móðurhlutverkið mjög gefandi og að það hafi í raun komið henni á óvart hversu yndislegt það er. „Þetta er betra en ég bjóst við. Ég held að maður geti ekki alveg ímyndað sér hvað þetta er yndislegt fyrr en það bara gerist. Hvert einasta litla atriði sem maður upplifir með þeim er ótrúlegt,“ segir hún hlæjandi. Hún lýsir syninum sem glaðlegum dreng og segir þá bræður vera afskaplega góða vini. „Þeir eru mjög miklir félagar þrátt fyrir aldursmuninn. Tristan er líka sérstaklega opinn og hjartahlýr strákur þannig að hann var mjög góður stór bróðir strax frá fyrsta degi.“

Sigrún og Baldur hafa verið saman í fimm ár og kynntust fyrst í tengslum við vinnu sína í kringum fegurðarsamkeppnir, en Sigrún tók þátt í keppninni Ungfrú Reykjavík árið 2004. „Hann var búinn að greiða mér töluvert lengi áður en við náðum saman,“ útskýrir hún og heldur áfram: „En í rauninni kynntumst við ekki almennilega fyrr en við sátum saman í dómnefnd fyrir eina keppnina.“

Parið trúlofaði sig á Bahamaeyjum skömmu eftir að þau tóku saman og viðurkennir Sigrún að það hafi verið mjög rómantísk stund. „Þetta var síðasti dagurinn okkar á staðnum og hann bauð mér í göngutúr. Ég var ekki alveg að nenna því og vildi frekar slappa svolítið af en lét til leiðast og svo bar hann upp spurninguna í garðskála þarna rétt hjá,“ segir hún brosandi. „Þetta kom mér mikið á óvart því við vorum búin að vera stutt saman þegar þetta var.“

## ÞROSKAÐIST Í UNGFRÚ REYKJAVÍK

Sigrún var átján ára gömul er hún hlaut titilinn Ungfrú Reykjavík árið 2004 og í framhaldi af því tók hún einnig þátt í keppninni Ungfrú Norðurlönd og lenti þar í þriðja sæti. Hún segir þetta hafa verið skemmtilegan tíma þótt hún hafi ekki verið jafn hrifin af fjölmiðlaathyglinni sem fylgdi titlinum. „Mér fannst þetta rosalega gaman og held ég hafi lært ýmislegt og þroskast mikið í kjölfarið. Ég gæti ekki bent á neitt eitt einstakt atriði og sagt: „Þetta kenndi mér þetta,“ heldur var það frekar öll upplifunin sem gerði mig þroskaðri. Ég fékk líka að ferðast mikið í kringum keppnina og kynnast nýju fólki og stöðum, sem mér fannst mjög skemmtilegt. Mér fannst aftur á móti fjölmiðlaathyglin sem fylgdi þessu ekki jafn skemmtileg og hefði gjarnan viljað sleppa henni og öllu baknaginu.“ Það var vinkona Sigrúnar sem benti á hana og segist Sigrún ekki hafa þurft að hugsa sig lengi um áður en hún tók þátt. „Þetta var allt annar heimur en ég lifði og hrærðist í á þeim tíma. Ég var þá á fullu í fluginu og fannst þetta eitthvað öðruvísi og spennandi og ákvað að slá til,“ segir hún og brosir.

Aðspurð segir hún sigurinn hafa komið sér mikið á óvart og að hún hafi í raun aldrei hugsað þá hugsun til enda. „Já, þetta kom mér á óvart. Ég held að ég hafi ekki hugsað hugsunina til enda, ég var bara að einbeita mér að keppninni og pældi aldrei í mögulegri niðurstöðu hennar.“

## FLAUG FJÓRTÁN ÁRA

Sigrún hefur stundað flug frá fermingaraldri og var farin að fljúga ein löngu áður en hún fékk ökuréttindi. Hún segir flugið alltaf hafa verið hennar ástríðu og man ekki eftir að hafa viljað starfa við neitt annað. „Ég var kannski um átta ára gömul þegar ég var farin að tala um að starfa við flug. Í fyrstu ætlaði ég mér að verða flugfreyja en pabbi benti mér á hinn möguleikann, að ég gæti orðið flugmaður, og þá varð eiginlega ekki aftur snúið,“ segir hún hlæjandi.

Sigrún fór í fyrsta flugtímann sinn aðeins fjórtán ára gömul en segist ekki hafa byrjað að stunda flugið af fullri alvöru fyrr en í kringum sextán ára aldurinn. „Ég var farin að fljúga ein áður en ég fékk bílpróf. Þá var ég ein í loftinu og undir eftirliti kennara sem fylgdist með mér niðri á jörðinni. Ég tók svo loks bílprófið og einkaflugmannsréttindin sama árið,“ útskýrir hún.

Sigrún er einnig með flugkennararéttindi en segist ekki geta unnið við kennslu meðfram starfinu sem flugmaður hjá Iceland Express. Alþjóðlegar flugreglur kveða á um að flugmenn megi ekki eyða meira en 900 tímum í loftinu á ári og því getur verið snúið að starfa sem flugkennari samhliða flugmannsstarfinu. Sigrún er fyrsta íslenski konan sem var ráðin til starfa sem flugmaður hjá Iceland Express. Samstarfsmenn hennar eru margir breskir að uppruna og vakti það nokkra athygli þegar tilkynnt var að fyrrverandi fegurðardrottning mundi brátt ganga til liðs við þá. „Margir flugmennirnir eru breskir og með allt annan bakgrunn en ég, margir eru til dæmis fyrrverandi herflugmenn og hafa upplifað stríð. Þeim fannst því svolítið merkilegt að heyra af mínum bakgrunni,“ segir hún og bætir við að móttökurnar hafi verið hlýlegar þótt margir farþegar reki vissulega upp stór augu þegar þeir uppgötvi að hún sé flugmaður en ekki flugfreyja.



**Í draumastarfinu** Sigrún Bender hóf að fljúga aðeins fjórtán ára gömul. Hún starfar nú sem flug
draumastarfinu.




Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...



gmaður hjá Iceland Express og segist vera í

### LENDINGIN SKEMMTILEGUST

Sigrún segist ánægð í starfi og hefur engan hug á að skipta um starfsvettvang í bráð. Hún segir flugmenn ganga reglulega í gegnum endurmenntun og að hún þurfi stöðugt að lesa sér til og rifja upp námsefnið. „Tækin breytist ört og þess vegna eru flugmenn í stanslausri endurmenntun og stöðugum æfingum. Þá erum við í flughermi og þurfum að takast á við vandamál eins og hreyflaleysi, að fá fugl í hreyfilinn og eldsvoða. Hreyflaleysið er ekki svo slæmt því maður er vel þjálfaður í því að fljúga vel á einum hreyfli, það er bara ákveðin tækni.“

Aðspurð segist Sigrún hafa mest gaman af aðflugi og lendingu og viðurkennir að hún sé í stöðugri keppni við sjálfa sig um að ná hinni fullkomnu lendingu. „Maður er alltaf að reyna að bæta sig og ná bæði góðri lendingu og góðu aðflugi. Ég held að allir flugmenn geri það,“ segir hún að lokum og hlær.

## * myndaalbúmið



Þessi mynd er tekin af mér þegar ég er rétt rúmlega tveggja ára í fyrstu íbúðinni sem mamma og pabbi fluttu inn í á Vesturgötunni í Reykjavík.



Þessi mynd er af mér og bróður mínum, Axel Bender. Ég er um átta ára gömul og hann tveggja ára.



Þarna er ég kannski um sex ára gömul.



Þarna eru ég og bræður mínir (það rétt sést í kollana á þeim). Þetta var í fyrsta sinn sem ég fór inn í flugstjórnarklefa og þarna ákvað ég að verða flugmaður.






Forkunnarfögur Iman sýnir haustlínu Ralph Lauren árið 2008.

Chanel Iman er næsta stjórstjarna tískuheimsins:

# Dreymdi um að sitja fyrir

Bandaríska fyrirsætan Chanel Iman er talin vera næsta ofurstjarna tískuheimsins. Hún er fædd árið 1990, ólst upp í Los Angeles og á móðir hennar ættir að rekja til Kóreu. Iman hóf fyrirsætuferil sinn aðeins þréttán ára gömul og var þá strax komin á skrá hjá Ford-skrifstofunni. Iman hefur viðurkennt að hana hafi ávallt langað til að starfa sem fyrirsæta, en þess má geta að Chanel Iman er hennar raunverulega nafn. Iman hefur gengið tískupallana á sýningum allra helstu tískuhúsa heims auk þess sem hún hefur prýtt forsíður tímarita á borð við Vogue, Elle, i-D og Vanity Fair.



**Á uppleið** Iman baksviðs á tískuvikunni í París árið 2007.



**Góðir vinir** Iman ásamt hönnuðinum Valentino Garavani.



**Plötusnúður** Iman er greinilega margt til lista lagt. Hér þeytir hún skífum í veislu á vegum Soniu Rykiel og H&M í byrjun síðasta árs.


# Nýjasta nýtt í dömusportfatnaði

„Næst þér" í ræktinni

ÚTILÍF





**HIGH**
**Impact Sports**
Mjög góður fyrir allar íþróttir/æfingar sem krefjast mikils stuðnings. Til dæmis: Hlaup, fótbolti og körfubolti. Toppurinn er með breiða hlýra og aðlagast brjóstunum vel. Sérútbúnir innri stuðningspúðar fyrir enn betri stuðning. **Verð 12.990,-**



**LIGHT**
**Impact Sports**
Sérhannaður fyrir íþróttir sem krefjast ekki hámarksstuðnings.
Til dæmis: Göngur, lyftingar og jóga.
Tvöfalt innra lag sem veitir stuðning.
Hægt að snúa við og nota beggja vegna.
**Verð 5.990,-**




**NIKE PRO**
Innra byrði efnisins dregur svita frá húðinni yfir í ytra byrðið þar sem vökvinn breiðir úr sér á stærra svæði og gufar hratt upp þannig að húðinn helst þurr og köld og einbeitingin fer í að ná árangir.
**Bolur 7.990,-**
**Buxur 5.990,-**



**MEDIUM**
**Impact Sports**
Frábær fyrir íþróttir/æfingar sem krefjast meðal stuðnings.
Til dæmis: Spinning, dans og aerobik.
Innri stuðningur veitir gott auka aðhald.
**Fjólublár 6.990,-**
**Appelsínugulur 8.990,-**



KYNNING



**Tignarleg** Iman sýnir flíkur tískuhússins Emanuel Ungaro í París árið 2008.
NORDICPHOTOS/GETTY












Vortískan er farin að læðast inn í verslanir:

# Topp tíu fyrir vorið

Vorið er handan við hornið. Sólin hækkar á lofti og vorlaukar hafa skotið upp kollinum víða. Föstudagur ákvað að fara á stúfana og finna út hvað væri nauðsynlegt að eignast fyrir vorkomuna.



**1**

**GK Reykjavík, 59.900 kr.** Bleiserjakkar eru ekkert á leið úr tísku á næstunni. Þessi klassíski bleiserjakki er úr smiðju Filippu K.



**2**

**Topshop, 5.490 kr.** Stuttermaskyrtur verða vinsælar í vor og eru þær þegar farnar að læða sér inn í verslanir úti um allan bæ.



**3**

**Nostalgía, 3.700 kr.** Víðar og þægilegar buxur er hægt að nota hvort heldur verið er að fara út að skemmta sér eða einfaldlega í vinnuna. Nothæf og þægileg eign fyrir vorið.



**4**

**Spútnik, 5.300 kr.** Falleg golla er algjör skyldueign enda fer slík flík seint úr tísku.



**5**

**Nostalgía, 6.300 kr** Hattar hafa verið vinsælir undanfarið ár og verður ekkert lát þar á. Hattar setja skemmtilegan svip á heildarútlitið og eru að auki góð vörn gegn sumarsólinni.



**6**

**GK Reykjavík, 4.900 kr.** Síðir og svolítið áberandi eyrnalokkar verða vinsælir í vor.



**7**

**Topshop, 9.990 kr.** Fallegar leðurtöskur má finna víða. Svolítið gamaldags yfirbragð skemmir ekki fyrir.



**8**

**Spútnik, 4.200 kr.** Stór og mikil hálsmen halda áfram að vera vinsæl í vor.



**9**

**Kaupfélagið, 10.995 kr.** Það verða allir að eignast eitt gott par af strigaskóm fyrir sumarið.



**10**

**GS Skór, 13.990 kr.** Opnir skór með fylltum hæl koma sterkir inn með vorinu. Þeir eru dömulegir og afskaplega þægilegir.


VINSÆLU BLÚNDU AÐHALDSTOPPARNIR KOMNIR AFTUR
3.450 kr.
Blúnda að framan og aftan.
Litir: svart og húðlitur
Stærðir: S–XXL





SÍÐ AÐHALDS-SAMFELLA
5.990 kr.
Til í svörtu, hvítu og húðlt.
Opin skrefbót.
Blúndulíning á skálmum.
Stærðir: S/M, L/XL, 1X/2X

SOHO MARKET
SOHO/MARKET Á FACEBOOK
Grensásvegur 16 - sími 553 7300
Opið mán-fös 14–19. Laugd. 12–17



Bólurnar burt!
"Ég hef verið með bólur í andliti síðan ég var 16 ára. Ég reyndi allt… síðan fann ég loksins það sem virkaði. Það heitir Proactiv®"
Vanessa Williams
proactiv. SOLUTION
www.heilsubudin.is

BEAUTY WORLD
Viltu læra förðun?
Viltu læra á hágæða vörur frá Bobbi Brown?
Komdu þá í Make up skóla Beautyworld



Skólinn hefst 14. mars nk.
www.beautyworld.is • Sími 510 8080

Auglýsingasími
512 50 50




Allt sem þú þarft...



skemmtilegri
SPENNAN MAGNAST Í MARS
HAMINGJAN SANNA
glee
American Idol
THE EVENT
GREY'S ANATOMY
how i met your mother
BONES
BARNASTÖÐIN
JimJam
FYLGIR FRÍTT MEÐ STÖÐ 2 Í MARS
PRESSA
HEFST 20. MARS
VILD
allt fyrir áskrifendur
ÞÚ SAFNAR PUNKTUM Á MEÐAN ÞÚ HORFIR!
Fyrir 229 krónur færð þú:
TERTUSNEIÐ Í BAKARÍI
EÐA
6 MÍNÚTUR Í KEILU
EÐA
EINN BARNAÍS
EÐA
VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU
EÐA
FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag. Tryggðu þér áskrift í dag!
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Tískuvikan í Mílanó gerð upp:

# FLOTTIR ÍTALIR

Tískuvikunni í Mílanó lauk í vikunni og frumsýndu mörg stóru tískuhúsin nýjar haust- og vetrarlínur sínar. Ítölsk hönnun hefur löngum þótt kvenlegri og svolítið klassískari en frönsk, bresk eða bandarísk hönnun og héldu Ítalirnir uppi viðteknum hætti í ár. Skósíð pils og kjóla mátti sjá víða og buxnadragtir og þægilegar buxur sömuleiðis.




Járn & Silfur



Járnfrúin
CELINA TIO
sem fór á kostum í
Iron Chef-þáttunum
er gestakkokkur
okkar á Food & Fun

silfur
Nordic Cuisine

Okkar boð bestu

HARO
Quality Flooring
Þýsk gæðavara

PLASTPARKET

| EIK CLASSIC | EIK ALABAMA | KIRSUBER | BEYKI SCANDIC |
|---|---|---|---|
| Aðeins: 1590,- | Aðeins: 1990,- | Aðeins: 1990,- | Aðeins: 1190,- |

HARÐPARKET

Undirlag og gólflistar með 30% afslætti ef keyptar eru tilboðsvörur

| EIK RUSTICAL | BEYKI PLANKAR | RAUÐ EIK | DÖKK EIK |
|---|---|---|---|
| Aðeins: 3990,- | Aðeins: 3990,- | Aðeins: 2990,- | Aðeins: 2490,- |







HARÐVIÐARVAL
Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík
Sími: 567 1010 | www.parket.is

# Vorið er handan við hornið

## Central tískuhús
Síðumúla 3
S. 481-2200



Ermalaus toppur
Verð: 7.990
Stærð: S - XL
Margir litir.

Svart Pils
Verð: 7.990
Stærð: S- XL
Svart.



Svartar stuttbuxur
Verð: 7.990
Stærð: S - XL
Margir litir.

Hlírabolur
Verð: 2.990
Stærð: S - XL
Margir litir.

## Kastania
fylgihlutir sem tekið er eftir.
Höfðatorgi
(sömu hæð og Hamborgarafabrikkan)
S. 577-5570 – www.kastania.is

TRIWA úr – Sænsk hönnun
Verð: 23.900







KORA vina/orkubönd – hönnuður Hildur Hafstein
Tigereye – Turkis – Onix steinar.
Verð 13.500,-

## Tuzzi
Kringlunni 4
S. 568-8777



Peysa Dranella
Verð: 12.900
Upplifðu Full HD 1080p myndgæði, hæstu mögulegu upplausn í heimahúsi, og fullnýttu háskerpuefni eins og Blu-ray diska eða PlayStation3 leiki. Mjúkar hreyfingar og enginn skerpumissir með Motionflow 100Hz tækninni. Motionflow 100Hz tvöfaldar rammafjöldann úr 50 römmum á sekúndu í 100 og meðhöndlar hvern ramma til að auka myndgæði. Njóttu nýjustu myndmeðhöndlunartækni Sony fyrir yfirburða myndgæði, sérlega litríka og líflega mynd, minna suð (noise) og aukna skerpu og dýpt með BRAVIA Engine 3. Ljósnemi stillir myndina sjálfvirkt fyrir kvikmyndir á kvöldin eða leiki á daginn. Leiktu tónlist, ljósmyndir eða kvikmyndir af USB minnislykli með USB Media Player. Notaðu sjónvarpið sem myndaramma með Picture Frame Mode og fylltu svarta flötinn í stofunni með þínum eigin myndum. Engar flóknar valmyndir með XMB (Xross Media Bar) viðmótinu úr PS3 og notendahandbok innbyggð í tækið. Möguleiki á þráðlausu neti og BRAVIA Internet Video.

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★

HOME CINEMA Choice ★★★★ BEST BUY




KDL-40EX500 40" LCD 100hz
Mál: 99,2 x 59,9 x 9,9cm 14,2kg
Verð: 189.990

Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvörpum án aukakostnaðar!

**Sony Center**
Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

# sport

sport@frettabladid.is



**MATTHÍAS VILHJÁLMSSON** hefur lokið dvöl sinni hjá enska C-deildarliðinu Colchester United og heldur senn heim á leið til Íslands. Þangað var hann lánaður frá bikarmeisturum FH fyrr í vetur en hann kom alls við sögu í þremur leikjum með Colchester. Hann mun nú snúa aftur til FH-inga.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express deild karla*

**KR - Grindavík** **104-105 (46-43)**

**Stig KR**: Marcus Walker 31/6 stoðsendingar, Hreggviður Magnússon 18, Brynjar Þór Björnsson 14, Ólafur Már Ægisson 14, Pavel Ermolinskij 9/6 fráköst/10 stoðsendingar/5 stolnir, Finnur Atli Magnússon 7, Jón Orri Kristjánsson 6, Skarphéðinn Freyr Ingason 4, Páll Fannar Helgason 1.
**Stig Grindavíkur**: Ryan Pettinella 26/11 fráköst, Ólafur Ólafsson 25/6 fráköst/5 stoðsendingar/4 varin skot, Páll Axel Vilbergsson 19, Mladen Soskic 17/8 fráköst, Nick Bradford 8/7 fráköst/8 stoðsendingar, Björn Steinar Brynjólfsson 6, Ómar Örn Sævarsson 4/4 fráköst, Þorsteinn Finnbogason.

**Fjölnir - Tindastóll** **88-83 (41-35)**

**Stig Fjölnis**: Brandon Brown 22/11 fráköst, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 19, Jón Sverrisson 16/11 fráköst, Ægir Þór Steinarsson 12/9 stoðsendingar, Sindri Kárason 6, Arnþór Freyr Guðmundsson 5, Tómas Heiðar Tómasson 5, Hjalti Vilhjálmsson 3.
**Stig Tindastóls**: Sean Cunningham 25/10 fráköst, Dragoljub Kitanovic 16, Hayward Fain 13/12 fráköst, Svavar Atli Birgisson 9, Helgi Rafn Viggósson 8/10 fráköst, Friðrik Hreinsson 8, Helgi Freyr Margeirsson 4.

**Hamar - ÍR** **90-103**

Leikskýrsla barst ekki fyrir prentun.

#### STAÐAN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Snæfell** | **19** | **16** | **3** | **1856-1692** | **32** |
| KR | 20 | 15 | 5 | 1946-1709 | 30 |
| **Grindavík** | **20** | **14** | **6** | **1687-1589** | **28** |
| Keflavík | 19 | 13 | 6 | 1792-1660 | 26 |
| **Stjarnan** | **19** | **10** | **9** | **1629-1647** | **20** |
| ÍR | 20 | 9 | 11 | 1805-1821 | 18 |
| **Njarðvík** | **19** | **8** | **11** | **1547-1614** | **16** |
| Haukar | 19 | 8 | 11 | 1613-1721 | 16 |
| **Tindastóll** | **20** | **7** | **13** | **1601-1686** | **14** |
| Fjölnir | 20 | 7 | 13 | 1758-1844 | 14 |
| **Hamar** | **20** | **6** | **14** | **1609-1709** | **12** |
| KFÍ | 19 | 4 | 15 | 1628-1779 | 8 |

#### NÆSTU LEIKIR

Keflavík - KFÍ í kvöld kl. 19.15
Stjarnan - Snæfell í kvöld kl. 19.15
Haukar - Njarðvík í kvöld kl. 19.15

### *N1-deild karla*

**Akureyri - Valur** **23-20 (9-9)**

**Mörk Akureyrar (skot)**: Guðmundur H. Helgason 7 (14), Bjarni Fritzson 6 (15/1), Oddur Gretarsson 5/1 (9/2), Heimir Örn Árnason 4 (9), Daníel Einarsson 1 (3), Hörður Fannar Sigþórsson 0 (3).
**Varin skot**: Stefán U. Guðnason 9 (15) 60%, Sveinbjörn Pétursson 10 (24) 42%.
**Hraðaupphlaup**: 6 (Bjarni 3, Oddur, Heimir 2).
**Fiskuð víti**: 2 (Hörður, Heimir)
**Utan vallar**: 8 mínútur.
**Mörk Vals (skot)**: Sturla Ásgeirsson 5/2 (6), Ernir Hrafn Arnarsson 5 (10), Anton Rúnarsson 4 (10), Orri Freyr Gíslason 2 (4), Heiðar Þór Aðalsteinsson 1 (1), Fannar Þorbjörnsson 1 (1), Finnur Ingi Stefánsson 1 (3), Valdimar Fannar Þórsson 1 (12), Alex Jedic 0 (2).
**Varin skot**: Hlynur Morthens 28/2 (51/2) 55%,
**Hraðaupphlaup**: 3 (Finnur, Heiðar, Sturla).
**Fiskuð víti**: 3 (Orri 3)
**Utan vallar**: 4 mínútur.
**Dómarar**: Anton Gylfi Pálsson og Valgeir Ómarsson. Sæmilegir.

**HK - Selfoss** **24-27 (9-13)**

**Mörk HK**: Ólafur Bjarki Ragnarsson 11, Vilhelm Gauti Bergsveinsson 4, Bjarki Már Gunnarsson 2, Atli Ævar Ingólfsson 2, Sigurjón F. Björnsson 2, Bjarki Már Elísson 1, Ármann D. Sigurðsson 1, Hákon Bridde 1.
**Mörk Selfoss**: Guðjón F. Drengsson 10, Milan Ivancev 7, Ragnar Jóhannsson 6, Atli Hjörvar Einarsson 2, Gunnar ingi Jónsson 2.

**Afturelding - Haukar** **25-24 (11-13)**

**Mörk Aftureldingar**: Sverrir Hermannsson 7, Hilmar Stefánsson 6, Þrándur Gíslason 4, Reynir Ingi Árnason 4, Ásgeir Jónsson 1, Bjarni Aron Þórðarson 1, Arnar Freyr Theódórsson 1, Jón Andri Helgason 1.
**Mörk Hauka**: Freyr Brynjarsson 6, Þórður Rafn Guðmundsson 6, Guðmundur Árni Ólafsson 4, Björgvin Þór Hólmgeirsson 4, Tjörvi Þorgeirsson 2, Heimir Óli Heimisson 2.

#### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Akureyri** | **16** | **13** | **1** | **2** | **461-413** | **27** |
| Fram | 15 | 9 | 1 | 5 | 480-435 | 19 |
| **FH** | **15** | **9** | **1** | **5** | **430-395** | **19** |
| HK | 16 | 9 | 0 | 7 | 477-486 | 18 |
| **Haukar** | **16** | **7** | **3** | **6** | **417-410** | **17** |
| Valur | 16 | 6 | 0 | 10 | 413-446 | 12 |
| **Afturelding** | **16** | **4** | **0** | **12** | **406-443** | **8** |
| Selfoss | 16 | 2 | 2 | 12 | 449-505 | 6 |

#### NÆSTU LEIKIR

Fram - FH sunnudag kl. 15.45
Selfoss - Akureyri fimmtudag kl. 19.00
Valur - Fram fimmtudag kl. 19.30
Haukar - HK fimmtudag kl. 19.30
FH - Afturelding fimmtudag kl. 19.30

# Erfitt að þagga niður í mér

**Grindavík varð fyrst allra liða í gær til þess að leggja KR á heimavelli. Grindavík vann þá afar sætan eins stigs sigur á Vesturbæingum í háspennuleik, 105-104. Nick Bradford virðist hafa afar jákvæð áhrif á Grindavíkurliðið.**

**KÖRFUBOLTI** „Það er alltaf gaman að spila hérna og KR er alltaf með frábært lið þannig að maður reiknar með virkilega erfiðum leik. Við vildum vera fyrstir til þess að leggja KR hérna. Það tókst og var afar sætt," sagði brosmildur en þreyttur Nick Bradford, leikmaður Grindavíkur, eftir sætan 104-105 sigur á KR í DHL-höllinni.

Bradford hefur oft spilað betur í DHL-höllinni en hann gerði í gær en áhrif hans á Grindavíkurliðið eru augljós. Liðið hefur sárlega skort sjálfstraust upp á síðkastið en í gær lék liðið af miklu sjálfstrausti og ákveðni. Félagar hans tjáðu blaðamanni eftir leik að innkoma hans í búningsklefann breytti miklu.

„Ég lít á það sem hluta af mínu starfi hér að veita öðrum leikmönnum sjálfstraust og kraft. Ég þekki þessa stráka og veit hvað þeir eru góðir. Þetta var því spurning um að ná sjálfstraustinu upp hjá þeim," sagði Bradford, sem var samur við sig í leiknum. Síkjaftandi og að reyna að fara í taugarnar á KR-ingum.

„Það er minn leikur. Ef þeir vilja að ég þegi verða þeir að þagga niður í mér. Það er erfitt," sagði Bradford ákveðinn. Hann var reyndar mjög óánægður með eigin frammistöðu en talsvert vantar upp á leikformið hjá honum enda ekki spilað síðan í nóvember.

Leikurinn í gær var bráðskemmtilegur og spennandi þó svo að gæðin hafi oft ekki verið mikil. KR var lengi vel með frumkvæðið en Grindavík kom til baka í síðari hálfleik. Það var síðan Mladen Soskic sem skoraði sigurkörfuna þegar um tvær sekúndur voru eftir af leiknum.

„Við erum mjög svekktir og ég væri að stytta mér leið ef ég ætlaði mér að einblína á lokasekúndurnar. Við vorum að leggja í púkk allan leikinn að tapa þessum leik," sagði svekktur þjálfari KR, Hrafn Kristjánsson.

„Menn komu baráttuglaðir til leiks og börðust. Við vorum samt ekki nógu einbeittir í okkar leik. Hefðum átt að setja Pettinella oftar á línuna í stað þess að leyfa honum að skora og svo mætti áfram telja," sagði Hrafn en hvað vill hann segja um áhrif Bradford á Grindavíkurliðið?

„Grindavík talaði um að það vantaði sjálfstraust og hann býr yfir þeim eiginleika að gefa mönnum sjálfstraust." **henry@frettabladid.is**



**KOMINN AFTUR** Nick Bradford hefur oft spilað betur en í gær en hann virðist hafa góð áhrif á félaga sína hjá Grindavík, sem gerðu sér lítið fyrir og unnu KR í vesturbænum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LEIFUR GARÐARSSON** Mun ekki stýra Víkingum í sumar en hann kom liðinu upp í Pepsi-deildina nú í haust.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Tíðindi í íslenska boltanum:

# Leifur rekinn frá Víkingum

**FÓTBOLTI** Knattspyrnudeild Víkings tilkynnti í gær ákvörðun sína að slíta samstarfi við Leif Garðarsson, þjálfara meistaraflokks karla.

Leifur tók við þjálfun Víkings árið 2008 og stýrði liðinu til sigurs í 1. deildinni í fyrra.

Björn Einarsson, formaður knattspyrnudeildarinnar, segir að margt búi að baki ákvörðunnar liðsins. „Svona ákvörðun er ekki tekin nema að vel ígrunduðu máli. Það eru ákveðnar ástæður sem liggja að baki en engin ein frekar en önnur. Þetta var ákvörðun sem var tekin með hagsmuni Víkings að leiðarljósi."

Fyrir stuttu var Excel-skjal með umsögnum Leifs um leikmenn Víkinga sent á sjálfan leikmannahópinn fyrir slysni. Í gærmorgun var svo birtur pistill á Fótbolti.net þar sem spurt er hver huldumaðurinn Albert Örn sé. Um dulnefni virðist hafa verið að ræða en huldumaðurinn virtist hafa þjónað þeim eina tilgangi að koma Leifi til varnar í netheimum.

Björn vildi ekki svara því hvort ákvörðunin um að reka Leif tengdist þeim málum. „Þegar maður er að reka öflugt félag eins og Víking skiptir félagið mestu máli en ekki umræðan úti í bæ eða fjölmiðlum. Við teljum að þetta sé best fyrir Víking."

Leit er nú hafin að nýjum þjálfara og segir Björn að stefnt sé að því að ganga frá þeirri ráðningu sem allra fyrst. Keppni í Pepsi-deild karla hefst 1. maí næstkomandi.

„Við höfum sett okkur skýr markmið og kjósum að vinna eftir þeim," sagði Björn. **- esá**

Valsmenn eru að missa af lestinni í N1-deild karla í handbolta eftir tap í gær:

# Sæt hefnd Akureyringa á bikarmeisturunum

**HANDBOLTI** Akureyri vann Val 23-20 og hefndi fyrir tapið í bikarúrslitaleiknum um síðustu helgi. Hlynur Morthens varði 21 skot í fyrri hálfleik en ömurlegur sóknarleikur Vals varð liðinu að falli. Staðan var 9-9 í hálfleik en Akureyri sigldi fram úr undir lokin.

Vörn Akureyrar var góð en Stefán Guðnason, Oddur Gretarsson og Guðmundur Hólmar Helgason kláruðu leikinn fyrir liðið á síðasta korterinu. Hlynur fann sig ekki í seinni hálfleik og Valsliðið virkaði þreytt. Það henti boltanum ítrekað frá sér en vörn Akureyrar var reyndar mjög góð.

Sóknarleikur heimamanna var ágætur en þá skorti þó betri skotnýtingu til að slíta Val frá sér. Leikurinn var ekki vel spilaður en Akureyringar halda góðri forystu á toppi deildarinnar.

„Hefndin er sæt. Það er fyrir öllu að vera áfram í efsta sætinu. Leikurinn var kannski ekki fallegur, en vörnin okkar var góð. Að fá á sig 20 mörk er frábært. Ég var ekkert hræddur þar sem við vorum að fá góð færi, hann gat ekki varið svona allan leikinn. Það kom enda á daginn að hann varði varla skot í seinni hálfleik. Vörnin okkar hélt vel og Guðmundur og Oddur stigu vel upp í lokin. Við eigum fimm leiki eftir og þurfum að halda okkur á tánum en tveggja vikna pásan núna er kærkomin," sagði Atli.

„Sóknarleikurinn varð okkur að falli," sagði Hlynur. „Vörnin var allt í lagi en ég veit ekki hvað var í gangi fram á við. Líklega ekkert. Þeir brutu tempóið okkar í ræmur og stoppuðu allt. Bæði lið voru þreytt, leikurinn hægur og eflaust ekki ýkja skemmtilegur. Við erum mjög svekktir að tapa, við nýttum þetta ekki nógu vel. Við máttum ekkert við því að tapa fleiri stigum," sagði Hlynur, sem varði ótrúlega í fyrri hálfleiknum. „Þetta var orðið hálf hlægilegt. Þegar maður dettur í gírinn þá bara ver maður allt. Að sama skapi er svekkjandi að sóknin skuli ekki hafa fylgt þessu eftir," sagði Hlynur. **- hþh**



**SKORAÐI FJÓGUR** Heimir Örn Árnason fer hér framhjá Valdimar Fannari Þórssyni, leikmanni Vals, á Akureyri í gær.
MYND/SÆVAR GEIR


Geir Gunnlaugsson
Landlæknir
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
LANDSSÖFNUN LÍF
Opin dagskrá á Stöð 2 í kvöld
Vigdís Finnbogadóttir, Unnur Birna, Björn Thors, Sigríður Snævarr, Stebbi Hilmars, Jón Ólafs, Víkingur Kristjáns, Óttar Proppé, Halldóra Geirharðs, Sveppi og margir fleiri munu bregða á leik eða segja sína sögu í söfnunarþættinum.
Til að gefa Líf getur þú hringt inn í símaver okkar eða hringt/sent sms-skilaboð í eitt af 900-númerunum og þá dregst upphæðin af símreikningi.
Símaver: 755 5000
904 1001 fyrir 1.000 kr.
904 1003 fyrir 3.000 kr
904 1005 fyrir 5000 kr.
Vertu með okkur í kvöld kl. 19:50
ÞAÐ GETA ALLIR GEFIÐ LÍF
www.gefdulif.is
LÍF
Styrktarfélag

## > Keanu Reeves

„Að verða ástfanginn og að eiga í ástarsambandi eru tveir ólíkir hlutir.“

***Keanu Reeves leikur Tom Ludlow, lögreglumann í Los Angeles, sem bendlaður er við morð samstarfsfélaga síns og fer Tom að efast um tryggð fólksins í kringum sig í spennumyndinni Street Kings sem er á Stöð 2 Bíó kl. 22.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** JÚLÍA MARGRÉT ALEXANDERSDÓTTIR HORFIR Á KYNTRÖLL Í RÆKTINNI

## *Þar sem sjónvarpsdagskráin skiptir öllu máli*

Þar sem ég er við það að brjótast í gegnum 70 kg múrinn með hjálp hlaupabrettis fer allt mitt sjónvarpsgláp fram í líkamsræktarstöð um þessar mundir. Þar get ég valið á milli þess að horfa á ríkissjónvarpið, Stöð 2, Skjá einn, Sky News og íþróttarás auk þess sem á einni rásinni er hægt að horfa á karlmann og konu sýna hvernig nota á tækin í salnum. Þar á skjánum birtast auk þess ýmis heilræði frá forsvarsmönnum stöðvarinnar, svo sem: „Láttu ekki eins og þessi holli matur sé að drepa þig!“ Hollráðin eru sem sagt oft betra skemmtiefni en gamanþættirnir.

En þar sem mér finnst með eindæmum leiðinlegt að skokka á bretti og geri það af illri heilsufarslegri nauðsyn skiptir sjónvarpsefnið talsvert miklu máli. Á fimmtudögum passa ég að vera mætt í tíma fyrir 30 Rock til að missa ekki af



bröndurum þeirra Liz og Jennu. Konur hafa um tvennt að velja samkvæmt tali þeirra um daginn: Að sætta sig við aldurinn og útlitsbreytingar sem honum fylgja, eða leggja árar í lóð og enda með Gollum-handleggi Madonnu.

Önnur stjarna þáttanna, Alec Baldwin, er einmitt einn þeirra sem hafa leyft sér að fljóta inn í feitara skeið með aldrinum og er ekki síðra augnkonfekt en hann var. Það er vonandi að hann hætti við að hætta að leika á næsta ári eins og hann lét einhvers staðar hafa eftir sér.

Þegar maður horfir í kringum sig í salnum og miðar Baldwin við hlaupagikkina í kringum sig langar mann oftar en ekki að pikka í þá sem leiðist þetta bersýnilega og sýna þeim kyntröllið á skjánum, feitt og fallegt.

### SJÓNVARPIÐ

**15.45 Kallakaffi** (1:12)

**16.15 Átta raddir** (8:8) (Björk Guðmundsdóttir) (e)

**17.20 Sportið** (e)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Otrabörnin** (11:26)

**18.22 Pálína** (6:28)

**18.30 Hanna Montana**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Álftanes og Garðabær eigast við í átta liða úrslitum.

**21.15 Happahaninn** (Hatching Pete) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2009. Tveir skólabræður koma fram í gervi lukkudýrs skólaliðsins. Meðal leikenda eru Jason Dolley, Mitchel Musso og Tiffany Thornton.

**22.45 Lewis – Táknsaga um ást** (Lewis - Allegory of Love) Bresk sakamálamynd þar sem Lewis, áður aðstoðarmaður Morse sáluga, lögreglufulltrúa í Oxford, glímir við dularfullt sakamál. Leikstjóri er Richard Spence og meðal leikenda eru Kevin Whately, Laurence Fox, Clare Holman og Rebecca Front. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.25 Apríl** (Aprile) Ítölsk bíómynd frá 1997. Nanni er þekktur leikstjóri sem er að hefja tökur á söngvamynd. Á fyrsta degi skiptir hann um skoðun og ákveður í staðinn að gera heimildamynd um kosningarnar á Ítalíu. Leikstjóri er Nanni Moretti. (e)

**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Naked Gun 2½: The Smell of Fear**

**10.00 Jurassic Park**

**12.05 The Jane Austen Book Club**

**14.00 Naked Gun 2½: The Smell of Fear**

**16.00 Jurassic Park**

**18.05 The Jane Austen Book Club**

**20.00 Land of the Lost**

**22.00 Street Kings**

**00.00 Wanted**

**02.00 Volver**

**04.00 Street Kings**

**06.00 Love at Large**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 60 mínútur**

**11.00 'Til Death** (7:15)

**11.25 Auddi og Sveppi**

**11.50 Mercy** (20:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Frasier** (2:24)

**13.25 The Groomsmen**

**15.05 The Middle** (6:24)

**15.30 Barnatími Stöðvar 2**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 The Simpsons** (7:22)

**17.58 Nágrannar**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Auddi og Sveppi**

**19.50 Líf – söfnunarútsending** Bein útsending frá landssöfnuninni GEFÐU LÍF sem Líf styrktarfélagið stendur fyrir í þeim tilgangi að styrkja kvennadeild Landspítalans, Þorsteinn J. og Edda Andrésdóttir leiða söfnunina og landslið íslenskra grínara sér um grínið og hvetur um leið þjóðina til þess að styrkja þetta verðuga málefni. Stefán Hilmarsson tónlistarmaður er verndari samtakanna.

**23.00 The Darwin Awards** Gamanmynd með Joseph Fiennes, Winonu Ryder og David Arquette í aðalhlutverkum. Rannsóknarlögreglumaður og tryggingaspæjari fara í ferðalag til að finna mögulegan Darwin Award sigurvegara.

**00.35 .45** Spennumynd um Kat, sem er ódæl stúlka með ástríðu fyrir byssum og hættu. Hún er föst í glæpalífinu og er stjórnað af kærasta sínum, Big Al, sem er vægðarlaus eiturlyfjasali en hún þráir meira en það sem hann hefur upp á að bjóða. Með aðalhlutverk fara Milla Jovovich, Stephen Dorff og Angus Macfadyen.

**02.10 No Country for Old Men**

**04.10 The Groomsmen**

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

### STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Spænski boltinn: Real Madrid - Malaga** Útsending frá leik Real Madrid og Malaga í spænsku úrvalsdeildinni.

**17.45 Spænski boltinn: Real Madrid - Malaga** Útsending frá leik Real Madrid og Malaga í spænsku úrvalsdeildinni.

**19.30 Ensku bikarmörkin** Sýndar svipmyndir og öll mörkin úr leikjum helgarinnar í ensku bikarkeppninni (FA Cup).

**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.

**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.

**21.00 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**21.50 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.

**22.40 NBA-körfuboltinn: Oklahoma - L.A Lakers** Útsending frá leik Oklahoma City Thunder og Los Angeles Lakers í NBA.

### STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.15 Sunnudagsmessan**

**16.30 Wigan - Man. Utd**

**18.15 Newcastle - Bolton** Útsending frá leik Newcastle United og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.

**20.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.

**20.30 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara og stuðningsmenn teknir tali.

**21.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.

**21.30 Di Stefano** Í þessum mögnuðu þáttum er fjallað um fremstu knattspyrnumenn samtímans og að þessu sinni verður fjallað um Alfredo Di Stefano.

**22.00 Premier League Preview 2010/11**

**22.30 Everton - Sunderland**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Game Tíví** (6:14) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Game Tíví** (6:14) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**15.50 Ungfrú Reykjavík 2011** (e)

**17.20 Dr. Phil**

**18.05 Life Unexpected** (13:13) (e)

**18.50 Melrose Place** (18:18) (e)

**19.35 America's Funniest Home Videos**

**20.00 Will & Grace** (2:24)

**20.25 Got To Dance** (9:15) Got to Dance er raunveruleikaþáttur sem hefur farið sigurför um heiminn.

**21.15 HA?** (7:12) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi. Gestir að þessu sinni eru Katrín Jakobsdóttir og Felix Bergsson.

**22.05 The Bachelorette** (8:12) Bandarísk raunveruleikasería.

**23.35 Makalaus** (1:10) (e) Þættir sem byggðir eru á samnefndri metsölubók Tobbu Marinós.

**00.05 30 Rock** (13:22) (e)

**00.30 The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret** (3:6) (e)

**00.55 The Cooler** (e)

**02.35 Whose Line Is It Anyway?** (25:39) (e)

**03.00 Saturday Night Live** (8:22) (e)

**03.55 Will & Grace** (2:24) (e)

**04.15 Jay Leno** (e)

**05.45 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**

**08.10 The Honda Classic** (1:4)

**11.10 Golfing World**

**12.00 Golfing World**

**12.50 PGA Tour - Highlights** (8:45)

**13.45 World Golf Championship** (4:5)

**17.50 Golfing World**

**18.40 Champions Tour - Highlights**

**19.35 Inside the PGA Tour** (9:42)

**20.00 The Honda Classic** (2:4)

**23.00 Golfing World**

**23.50 ESPN America**

### STÖÐ 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.

**20.15 Smallville** (16:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 The Deep** Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar frá BBC með þeim Minnie Driver, James Nesbitt og Goran Visnjic í aðalhlutverkum. Þau leika áhöfn á kafbátnum Orpheus sem er í vísindalegum leiðangri en lenda í miklum hremmingum og kafbáturinn strandar þúsundum metra undir norðurheimskautinu. Hópurinn þarf að takast á innbyrðis og finna leið til að komast aftur upp á yfirborðið.

**23.25 NCIS** (4:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.

**00.15 Smallville** (16:22)

**01.00 Auddi og Sveppi**

**01.40 The Doctors**

**02.20 Fréttir Stöðvar 2**

**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jönu Gísladóttur.

**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.

**21.00 Ævintýraboxið** Stefán Drengsson og félagar.

**21.30 Ævintýraferð til Ekvador** Ari Trausti er sögumaður í fjögurra þátta mynd Skúla K .Skúlasonar og félaga. Þriðji þáttur.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



Íþróttaálfinum finnst allir boltaleikir frábærir, til dæmis fótbolti, körfubolti og skotbolti.

Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins



„Hann hafði ákveðnar skoðanir á mönnum, bæði jákvæðar og neikvæðar, og gat verið mergjaður í tali.“

Samferðamenn tjá sig um ólíkar hliðar Thors Vilhjálmssonar.

Meðal annars efnis:

**Sífellt verið að draga fólk í dilka**

Von er á tveimur bókum eftir Hildi Knútsdóttur, konuna á bak við hið gagnrýna Tískublogg.

**Sigrar og töp**

Litið yfir feril Charlie Sheen, leikarans sem er milli tannanna á fólki um allan heim.

Helgarblað FRÉTTABLAÐIÐ alla laugardaga

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 19.50

### Líf – söfnunarútsending

Bein útsending frá landssöfnuninni GEFÐU LÍF sem Líf styrktarfélag stendur fyrir í þeim tilgangi að styrkja kvennadeild Landspítalans. American Idol verður á dagskrá á laugardagskvöldið þessa vikuna.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Þær höfðu áhrif **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.17** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**10.10** Waterloo Road **11.00** My Family **11.30** Dalziel and Pascoe **12.20** Dalziel and Pascoe **13.10** Deal or No Deal **13.45** Deal or No Deal **14.20** ,Allo ,Allo! **14.50** ,Allo ,Allo! **15.20** Doctor Who **16.25** Whose Line Is It Anyway? **16.50** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** ,Allo ,Allo! **19.00** ,Allo ,Allo! **19.30** My Family **20.00** How Not to Live Your Life **20.30** The Children **21.20** The Office **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.15** Whose Line Is It Anyway? **22.40** The Children

## DR 1

**14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump **15.15** Byggemand Bob **15.30** Det kongelige spektakel **15.40** Den travle by **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** VQ - Videnskabsquiz for hele hjernen **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgorelsen **20.55** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **21.40** På et hængende hår

## NRK 1

**09.00** VM i dag **10.00** NRK nyheter **10.05** VM Oslo 2011 **11.30** VM Oslo 2011 **14.00** NRK nyheter **14.10** VM Oslo 2011 **14.30** VM Oslo 2011 **16.00** NRK nyheter **16.10** VM Oslo 2011 **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** VM Oslo 2011 **17.40** Distriktsnyheter **18.30** VM-kveld **19.55** Nytt på nytt **20.30** Skavlan **21.30** Ari og Per **22.00** Kveldsnytt **22.15** Sporløst forsvunnet **22.55** Martha Wainwright - i respekt for Edith Piaf **00.10** Åse tonight **00.40** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**09.30** Gomorron Sverige **10.15** VM-studion **10.30** Skid-VM i Oslo **11.30** VM-studion **11.45** Skid-VM i Oslo **13.30** Alpint. Världscupen **14.15** VM-studion **14.50** Rapport **14.55** Skid-VM i Oslo **16.25** Första fallskärmshoppet **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Grabben i graven bredvid **22.30** Veckans brott **23.30** Rapport **23.35** xXx **01.35** Rapport


www.lyfja.is




Gjöfin þín er í Lyfju!

Ef keyptar eru Clinique vörur fyrir 4.900 kr eða meira er þessi gjöf til þín*

Ath. gjöfin fæst í Lyfju Lágmúla, Smáratorgi, Smáralind, Garðatorgi, Laugaveg, Keflavík og Egilsstöðum

- 7 Day Scrub Cream Rinse-Off Formula 30 ml
- Dramatically Different Moisturizing Lotion 15 ml
- Youth Surge SPF 15 Age Declearing Moisturizer 15 ml
- Superbalanced Makeup 15 ml
- High Impact Varalitur 3.8 g
- Snyrtitaska

*meðan birgðir endast
Verðgildi er 12.000 kr.

CLINIQUE BONUS
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnafrítt.

LYFJA
- Lifið heil



VILTU VINNA iPHONE4?

*Allir sem versla rúm hjá Rúmgott fara í pottinn.*

*Dregið 1. júní!*



*Íslensk rafmagnsrúm*



KYNNINGAR-TILBOÐ

*Rafstillanlegt hjónarúm: verð frá: 359.000.-*



*Fermingarrúm*
*30-50% afsláttur*
*Verðdæmi: 120x200 84.950.-*

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2 · Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16
Löggiltir dýnuframleiðendur
– Starfandi í 60 ár

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Stjórnin hefur alltaf verið mitt band og ég hef alla tíð verið mikill Grétars Örvars-maður. Lagið sem ég spóla í gang á föstudögum er Við eigum samleið – ein af þessum dægurlagaperlum okkar Íslendinga.“*

Hjörvar Hafliðason, sjónvarpsmaður og fótboltaspekingur.

# Borga hvað sem er fyrir Eagles-miða

Miðaverð á tónleika Eagles í Nýju Laugardalshöllinni 9. júní er líkast til það hæsta í Íslandssögunni þegar erlend hljómsveit er annars vegar, eða á bilinu fimmtán til tuttugu þúsund krónur.

Þrátt fyrir það segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Senu að verðið sé sambærilegt við það sem er í gangi erlendis og jafnvel ódýrara. Hann nefnir þrjár ástæður fyrir miðaverðinu. „Í fyrsta lagi er þetta örugglega stærsta hljómsveit sem hefur komið til Íslands. Þeir sem eru að slaga upp í þetta eru Roger Waters, Eric Clapton og Metallica. Í öðru lagi eru fáránlega fáir miðar í boði. Það er tekin meðvituð ákvörðun um val á húsi í samráði við Eagles og þá er ekki verið að velja endilega stærsta húsið. Þetta þýðir að verðið fer upp þegar þú hefur bara tíu þúsund miða að selja,“ greinir Ísleifur frá. „Í þriðja lagi eru þetta fyrstu tónleikarnir sem eru haldnir eftir að landið hrundi og gengið féll. Það vita allir sem búa hér hvað verðið hefur hækkað gríðarlega,“ segir hann og bætir við að miðar á tónleika með erlendum flytjendum hér á landi hafi verið alltof ódýrir í gegnum tíðina. Margir tónleikahaldarar hafi farið á hausinn oftar en einu sinni.

Aðspurður segist Ísleifur ekki hafa orðið var við kvartanir yfir miðaverðinu. Þvert á móti hefur eftirspurnin eftir miðum verið sú mesta sem hann hefur kynnst. „Ég hef aldrei vitað annað eins á ævinni. Flestir eru að tryllast og eru til í að borga hvað sem er.“

Miðasala á tónleikana hefst fimmtudaginn 17. mars kl. 11 á Midi.is. Daginn áður hefst forsala fyrir viðskiptavini N1 þar sem fimm þúsund miðar verða í boði. - fb



**EAGLES** Miðaverð á bandarísku hljómsveitina er á bilinu fjórtán til tuttugu þúsund krónur. NORDICPHOTOS/GETTY


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 4.3. Kl. 20:00 Frums. U | Fös 18.3. Kl. 20:00 4. sýn Ö | Fös 25.3. Kl. 20:00 7. sýn Ö |
| Lau 5.3. Kl. 20:00 2. sýn Ö | Lau 19.3. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 1.4. Kl. 20:00 |
| Fös 11.3. Kl. 20:00 3. sýn Ö | Fim 24.3. Kl. 20:00 6. sýn Ö | |



**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 9.3. Kl. 19:00 Ö | Mið 16.3. Kl. 19:00 | Lau 26.3. Kl. 19:00 Ö |
| Lau 12.3. Kl. 19:00 Ö | Fim 17.3. Kl. 19:00 Ö | Fim 31.3. Kl. 19:00 Síð.sýn. Ö |



**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 6.3. Kl. 14:00 U | Sun 20.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 10.4. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 6.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 14:00 U | Sun 10.4. Kl. 17:00 |
| Sun 13.3. Kl. 14:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 14:00 |
| Sun 13.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 3.4. Kl. 14:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 17:00 |
| Sun 20.3. Kl. 14:00 Ö | Sun 3.4. Kl. 17:00 | |



**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 10.3. Kl. 20:00 Frums. U | Lau 19.3. Kl. 20:00 Ö | Fös 25.3. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 11.3. Kl. 20:00 Ö | Sun 20.3. Kl. 20:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 20:00 |
| Sun 13.3. Kl. 20:00 U | Fim 24.3. Kl. 20:00 Aukas. Ö | Mið 30.3. Kl. 20:00 U |



**Brák** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 4.3. Kl. 20:00 Ö | | |



**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 6.3. Kl. 13:30 Ö | Sun 13.3. Kl. 15:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 13:30 Ö |
| Sun 6.3. Kl. 15:00 Ö | Sun 20.3. Kl. 13:30 | Sun 27.3. Kl. 15:00 |
| Sun 13.3. Kl. 13:30 U | Sun 20.3. Kl. 15:00 U | |

Heillandi saga

Vinátta, ást … og prjónaskapur!




2. prentun komin

„Frábær bók – lestu hana núna.“ Glamour

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir.is


ÍRIS HÓLM: JUSTIN BIEBER ER STÓRKOSTLEGUR LISTAMAÐUR

# Bieber-æði skellur á íslensku kvenþjóðinni

„Fólk er að missa sig, það er bara þannig,“ segir Sigurður Victor Chelbat hjá Sambíóunum.

Heimildarmyndin Never Say Never, sem fjallar um ævi, uppvöxt og nýtilkomnar vinsældir söngvarans Justins Bieber, hefur slegið í gegn á Íslandi. Yfir 5.000 manns hafa séð myndina frá því að hún var frumsýnd á föstudaginn í síðustu viku og gestirnir, sem eru að mestu leyti ungar stúlkur, virðast sýna einkenni Bieber-æðis sem hefur breiðst hratt út í Bandaríkjunum undanfarna mánuði.

Dæmi er um að stúlkurnar komi grátandi út af sýningunum, samkvæmt Sigurði Victori. „Á laugardaginn í síðustu viku komu stelpur hágrenjandi út úr salnum og létu þau orð falla að þær ætluðu í þriðja skiptið á myndina daginn eftir,“ segir hann.

Fréttablaðinu hefur borist fregnir af því að bíógestir taki upp síma og reyni að ná myndum af Justin Bieber á hvíta tjaldinu. Sigurður staðfestir að það hafi gerst. „Það hefur eitthvað borið á því að fólk öskri að hann sé að horfa á það og taki myndir,“ segir hann. „En snilldin er sú að myndin er í þrívídd sem gerir frekar erfitt að taka upp. Nema þetta séu algjörir snillingar.“

Þessi kanadíski hjartaknúsari, sem varð 17 ára á þriðjudaginn, hefur ekki aðeins unnið hug og hjörtu kjökrandi táningsstúlkna. Söngkonan Íris Hólm viðurkennir fúslega að hún sé haldin Bieber-æði, en hún fór með ungri systur sinni á myndina í vikunni og hefur ekki verið söm síðan.

„Hann er stórkostlegur listamaður,“ segir Íris. Hún viðurkennir að hafa ekki búist við miklu af söngvaranum unga, enda hefur tónlistarbransinn framleitt mörg ungstirnin með hjálp nútímatækni í stað hæfileika. „En svo sá ég að hann er rosalega hæfileikaríkur. Hann spilar á fullt af hljóðfærum og hefur þurft að vinna mikið fyrir velgengni sinni.“

Eins og yngri aðdáendur söngvarans sleppti Íris tilfinningunum lausum og grét yfir myndinni. „Ég grét þegar litlu stelpurnar grétu; þegar hann missti röddina og varð að aflýsa tónleikum. Honum fannst það mjög erfitt. Ég grét líka þegar hann náði að selja upp tónleika í Madison Square Garden á 22 mínútum,“ segir Íris að lokum og játar að um gleði- og sorgartár hafi verið að ræða. atlifannar@frettabladid.is



**KANADÍSKUR HJARTAKNÚSARI**

**Justin Bieber** hefur unnið hjörtu íslensku kvenþjóðarinnar. Unglingsstúlkur, sem og þær sem eldri eru, hafa grátið yfir heimildarmyndinni Never Say Never sem fjallar um söngvarann. Söngkonan **Íris Hólm** viðurkennir fúslega að vera með Bieber-æði.

# Fagnar tuttugu ára plötusnúðaferli

„Mér líður eins og ég sé rétt að byrja,“ segir plötusnúðurinn Margeir Ingólfsson, eða DJ Margeir, sem heldur upp á tuttugu ára feril sinn í bransanum á Kaffibarnum á laugardagskvöld. Gestasöngvarar verða Daníel Ágúst, Urður Hákonardóttir og leikarinn Magnús Jónsson auk þess sem valdir plötusnúðar og hljóðfæraleikarar stíga á svið.

Margeir hóf feril sinn sextán ára þegar hann og félagi hans voru ráðnir sem plötusnúðar á Hótel Borg. „Það runnu á okkur tvær grímur þegar fyrsta djobbið sem við fengum var að spila á kántríkvöldi þar sem Hallbjörn Hjartarson var heiðursgestur,“ segir Margeir og hlær. „Tveimur vikum seinna var Hótel Borg orðin vinsælasti skemmtistaðurinn á landinu eftir að þrír vinir úr háskólanum tóku að sér skemmtanastjórn,“ segir hann en á meðal þeirra var Björgólfur Thor Björgólfsson.

Margeir hefur á undanförnum árum þróað áfram plötusnúðastarfið. Hann gefur annað slagið út eigið efni og spilar líka reglulega í útlöndum. Til dæmis fer hann eftir rúma viku í tíu daga ferðalag um Þýskaland og Austurríki.

Að starfa í skemmtanabransanum í langan tíma getur tekið sinn toll eins og dæmin sanna. Spurður út í leyndardóminn á bak við langlífi sitt í bransanum segist Margeir beita ýmsum aðferðum til að halda sér í góðu ásigkomulagi. Hann iðkar Pilates-æfingar, borðar mikið af grænmeti og hráfæði og stundar hugleiðslu tvisvar á dag.

„Galdurinn við hugleiðsluna kemur með endurtekningunum, alveg eins og í teknómúsíkinni,“ segir plötusnúðurinn og lofar skemmtilegu afmæliskvöldi á Kaffibarnum. - fb



**TUTTUGU ÁR Í BRANSANUM** DJ Margeir hefur starfað sem plötusnúður í tuttugu ár og er hvergi nærri hættur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stjörnum prýddar metsölubækur í kilju!

## ...hafðu það notalegt um helgina

Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2010 bókaverslana

★★★★★
*FBL, FT og DV*

### Svar við bréfi Helgu

Eftir Bergsvein Birgisson er einhver óvæntasti smellur síðari ára.




5. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

**2.200 kr.**
~~2.490~~ kr.

★★★★★
*Pressan.is*

### Ég man þig

Æsispennandi metsölubók Yrsu Sigurðardóttur fær hárin til að rísa!




3. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

**2.200 kr.**
~~2.490~~ kr.




★★★★★
*Jyllandsposten*

### Svívirða

Eftir Lotte & Søren Hammer. Hvað gerist þegar almenningur tekur lögin í sínar hendur?

**2.200 kr.**
~~2.490~~ kr.

★★★★½
*Morgunblaðið*

### Maðurinn sem var ekki morðingi

Næsta sprengja á eftir Stieg Larsson. Eftir Hjorth & Rosenfeldt.




**2.200 kr.**
~~2.490~~ kr.

Tilboð gilda til og með 08.03.2011

### Ert þú síþyrstur lestrarhestur?

Við sinnum fjölda lestrarhesta í bókaklúbbum Eymundsson. Við bjóðum upp á sjö bókaklúbba þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Meðlimir fá 20% afslátt af bókum og önnur fríðindi.

**Kynntu þér bókaklúbbana á Eymundsson.is eða í síma 540 2121 milli kl. 9 og 16 virka daga.**

Eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Reynsluboltar í Pressu

Tökur standa nú yfir á annarri þáttaröð af Pressu. Óskar Jónasson er leikstjóri og sömu leikarar verða í burðarhlutverkum og í fyrri seríunni. Þá fer danski stórleikarinn Bjarne Henriksen með stórt hlutverk eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Tveir gamalreyndir fjölmiðlamenn verða í áberandi aukahlutverkum, þeir **Ævar Örn Jósepsson** og Jakob Bjarnar Grétarsson. Saman stýra þeir útvarpsþætti en Jakob tekst auk þess aftur á við hlutverk sitt sem stjórnandi spjallþáttar í sjónvarpi.



**- hdm**

### Fúlir markaðsgúrúar

Nokkurs titrings ku gæta vegna þess að öllu færri komast að en vilja á uppskeruhátíð íslenska auglýsingabransans sem fram fer á Hilton-hótelinu í kvöld. Þar verða Lúðrarnir eftirsóttu afhentir í 25. sinn. Tilnefndar auglýsingastofur tóku hins vegar frá svo marga miða fyrir sig og sitt fólk að ýmsir markaðsgúrúar sitja eftir með sárt ennið. Þeir sem eiga miða þurfa hins vegar ekki að örvænta um stemmninguna, því helstu stjörnur auglýsingageirans verða á sínum stað, til dæmis útvarpsmaðurinn **Ívar Guðmundsson**, sem mun veita ein verðlaun. Þá munu Simmi og Jói ekki láta sig vanta, enda tilnefndir til verðlaun fyrir veitingastaðinn Hamborgarafabrikkuna. **- sh**



## Mest lesið vísir.is

1. Fékk milljón fyrir að giftast til málamynda
2. Ekki allir kolvitlausir, segir Svandís
3. Veldur mun meiri skaða en hollur matur
4. Missti stjórn á vélhjóli - grunaður um ölvun
5. Da Vinci fléttan: Vickram látinn laus gegn hálfum...


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir.is


